


skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Allt
Októberfest










# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Miðvikudagur
22. september 2010
222. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000




**Að störfum í þrjátíu ár**
*Hópur kvenna hittist mánaðarlega til að fjalla um kvennabókmenntir.*
tímamót 14

**Úrvals rekkjunautar**
*Íslenskir trommarar hafa mikla trú á eigin ágæti.*
fólk 20



**Næsta stórveldið?**
*Snorra Steini Guðjónssyni og Arnóri Atlasyni er ætlað stórt hlutverk í uppgangi AG-handboltaliðsins.*
sport 22

**veðrið í dag**




**BJART EÐA NOKKUÐ** bjart víða um land í dag en þó dálítlar skúrir allra syðst fram eftir degi. Vindur verður hægur víðast hvar og hiti á bilinu 3 til 10 stig.
VEÐUR 4



**SJÓMENN Í SKYLDUNÁMI** „Hérna læra menn hvernig þeir eiga að hegða sér ef þeir lenda í sjávarháska," segir Þráinn Skúlason, aðstoðarskólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna. Í gær spreyttu nemendur á endurmenntunarnámskeiði sig á því að bjarga hver öðrum upp úr sjónum í Reykjavíkurhöfn. Á hverju ári sækja um tvö þúsund manns námskeið skólans, sem Slysavarnafélagið Landsbjörg rekur. Öllum sjómönnum ber skylda til að sækja fimm daga grunnnámskeið þegar þeir byrja til sjós og síðan tveggja daga endurmenntunarnámskeið á fimm ára fresti. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Milljarða tekjuauki vegna nýs samnings

**Endurskoðaður samningur Landsvirkjunar og álversins í Straumsvík miðar við verðbólgu í Bandaríkjunum og þróun orkuverðs í stað álverðs á heimsmarkaði. Dregur úr áhættu. Bætir stöðu gagnvart matsfyrirtækjum og lánsfjármarkaði.**

**ORKUMÁL** Tenging raforkuverðs frá Landsvirkjun við álverð á heimsmarkaði rofnar um næstu mánaðamót þegar endurskoðaður samningur um orkusölu til álversins í Straumsvík tekur gildi.

Í stað álverðsins er verðið nú miðað við verðbólgu í Bandaríkjunum og þróun raforkuverðs til álvera í heiminum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins innan úr Landsvirkjun aukast tekjur fyrirtækisins um milljarða króna á ársgrundvelli miðað við núverandi álverð.

Í nýja samningnum eru ákvæði um að Landsvirkjun afhendi 658 gígavattstundir af orku til viðbótar vegna áætlaðrar framleiðsluaukningar í Straumsvík. Sú orka á að koma úr Búðarhálsvirkjun en sem kunnugt er hefur ekki tekist að ljúka fjármögnun virkjunarinnar. Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir í samtali við Fréttablaðið að nýi samningurinn bæti stöðu fyrirtækisins gagnvart matsfyrirtækjum og lánsfjármarkaði. Hann segist bjartsýnn á að fjármögnun ljúki á næstu vikum.

Hörður segir mikilvægt að samningurinn feli nú í sér minni áhættu fyrir Landsvirkjun og hagstæðara orkuverð. Nú muni það verð sem álverið í Straumsvík greiðir þróast í takt við þróun raforkuverðs á alþjóðamörkuðum. Þótt erfitt sé að bera samningana saman út frá ákveðinni prósentubreytingu á orkuverði þurfi álverð á alþjóðlegum markaði að verða býsna hátt til þess að eldri aðferðin skili Landsvirkjun hagstæðari niðurstöðu en endurskoðaði samningurinn.

Álverðið er nú um 2.100 dollarar tonnið en hefur á síðustu misserum sveiflast úr 1.300 dollurum og yfir 3.000 dollara.

Spár flestra greiningaraðila benda, að sögn Harðar, til þess að nýi samningurinn muni skila Landsvirkjun mun hagstæðari niðurstöðu en áður: „Menn telja að raforka muni áfram hækka umfram verðbólgu en að álverð muni hins vegar ekki halda í við verðbólgu," segir hann.

-pg / sjá síðu 10

Þingkona í heimildarmyndum:

## Ómetanlegt að fá umfjöllun í heimspressunni

**FÓLK „Það eru forréttindi að fá að taka þátt í þessari miklu vakningarbylgju um stöðu upplýsingafrelsis," segir þingkonan Birgitta Jónsdóttir.**



BIRGITTA JÓNSDÓTTIR

**Hún kemur fram í nýrri heimildarmynd bandarísku kvikmyndagerðarkonunnar Judith Ehrlich, annars tveggja leikstjóra heimildarmyndarinnar The Most Dangerous Man in America sem var tilnefnd til Óskarsverðlauna. Birgitta kemur fram í fleiri erlendum heimildarmyndum um upplýsingafrelsi. „Það er í raun ómetanlegt fyrir Íslendinga að fá svona góða umfjöllun í heimspressunni," segir Birgitta.**

- fb / sjá síðu 26

Fleiri bíta en hundar og kettir:

## Maðurinn bítur oftast allra dýra

**HEILBRIGÐISMÁL** Engin bit eru eins algeng á bráðadeild Landspítalans og mannabit. Þetta segir Elísabet Benedikz yfirlæknir sem kveður mannabitin algengust eftir fylliríi og slagsmál um helgar.



ELÍSABET BENEDIKZ

Þá segir Elísabet að kattabit séu erfiðari en hundsbit því bakteríuflóra kattanna sé skaðlegri mönnum. Einnig þekkist bit eftir hamstra og önnur minni gæludýr. Hestar séu viðsjárverðir að þessu leyti því þeir hafi afar sterka kjálka og geti handarbrotið menn með biti sínu.

- þlg










## SPURNING DAGSINS



*Tinna, verður pilturinn þá ekki föðurlandssvikari?*

„Nei, það verður enginn svikinn af Calvin Klein.“

Tinna Aðalbjörnsdóttir rekur Elite-umboðsskrifstofuna á Íslandi sem leitar að ungum íslenskum karlmanni til að fara til New York að taka þátt í nærfatasýningu fyrir Calvin Klein.

Þýfið úr fjársvikamálinu tekið út af reikningi í smáum skömmtum og finnst ekki:

# Eftirlýstur innan Schengen vegna skattsvika

**LÖGREGLUMÁL** Íslenskur karlmaður er eftirlýstur á Schengen-svæðinu vegna gruns um þátttöku hans í fjársvikamálinu, þar sem sviknar voru út um 270 milljónir króna í formi endurgreidds virðisaukaskatts. Hvorki finnst tangur né tetur af þessum fjármunum, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Ljóst er að þeir höfðu verið lagðir inn á reikning en teknir út í reiðufé, smáum upphæðum í senn, þannig að ekki er um neinar millifærsluslóðir að ræða.

Héraðsdómur Reykjavíkur framlengdi í fyrradag gæsluvarðhald yfir einum þeirra sex sem handteknir voru í tengslum við rannsókn lögreglu á málinu. Hjá manninum sem úrskurðaður var í áframhaldandi gæslu til næstkomandi miðvikudags fundust hátt í tólf kíló af hassi þegar lögregla gerði þar húsleit.

Sex manns eru því áfram í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknarinnar, tvær konur og fjórir karlmenn, þar af einn starfsmaður Ríkisskattstjóra, sem grunaður er um að hafa aðstoðað við fjársvikin. Þetta fólk hefur meira og minna komið við sögu hjá lögreglu.

Maðurinn sem lögregla leitar nú að er talinn dvelja í Suður-Ameríku en þangað mun hann hafa haldið skömmu áður en upp komst um fjársvikin. Hann hefur komið við sögu hjá lögreglu áður. Komi hann inn á Schengensvæðið verður hann handtekinn. - jss



**HORFNAR** Hvorki hefur fundist tangur né tetur af 270 milljónum króna, sem sviknar voru út.

Mál þingmannanefndarinnar:

## Deilt um hvaða nefnd fær málið til meðferðar

**ALÞINGI Það ræðst í dag hvort þingsályktunartillaga um málshöfðun gegn fjórum fyrrverandi ráðherrum fer til meðferðar í þingmannanefndinni eða allsherjarnefnd. Skiptar skoðanir eru innan þingheims hvert eigi að senda málið en kosið verður um það í byrjun þingfundar klukkan hálf ellefu.**

**Atli Gíslason, formaður þingmannanefndarinnar, hefur sjálfur lýst því yfir að fari málið í allsherjarnefnd muni það deyja út.**

**Umræður um þingsályktunartillöguna hófust fyrir hádegi í gær en þeim lauk ekki fyrr en klukkan átta um kvöldið.**

## SKÁK

### Ísland burstaði Haítí

Ísland sigraði Haítí 4-0 í fyrstu umferð í opnum flokki á Ólympíumótinu í skák sem fer fram í Khanti-Mansisk í Rússlandi. Ísland tapaði fyrir Póllandi í kvennaflokki.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Tveir karlar hjóluðu hvor á annan

Tveir menn voru fluttir á slysadeild eftir hjólreiðaslys á göngustíg í Grafarvogi í fyrrakvöld. Mennirnir voru báðir á reiðhjólum en ekki er að fullu ljóst hvernig óhappið vildi til, að því er segir í tilkynningu frá lögreglu. Annar mannanna var hjálmlaus og er talinn hafa rotast. Hinn slapp betur en hlaut þó skurð á höfuðið.

### Gripin með landa í bakpoka

Kona á miðjum aldri var handtekin í miðborg Reykjavíkur um helgina með bakpoka fullan af heimagerðu áfengi á brúsum. Talið er að hún hafi verið að selja landa, en hún var einmitt handtekin í sumar fyrir sömu iðju, að því er segir í tilkynningu frá lögreglu.

# Segja öryggisbúnað í Herjólfi ónothæfan

**Sjósetningarbúnaður björgunarbáta í Herjólfi veitir falskt öryggi, að mati tveggja Vestmannaeyinga. Þeir segja búnaðinn, sem er handvirkur, ónothæfan við erfiðar aðstæður. Siglingamálastofnun segir skipið uppfylla allar kröfur.**

**ÖRYGGISMÁL** Fullyrt er að sjósetningarbúnaður björgunarbáta um borð í farþegaferjunni Herjólfi sé gamaldags og vart nothæfur í neyð. Búnaðurinn, sem er handvirkur, stenst Evróputilskipun um öryggisbúnað um borð í skipum í millilandasiglingum.

„Það getur vel verið að búnaðurinn standist tilskipun frá Evrópu. En það breytir því samt ekki að til þess að koma nokkur hundruð manns frá skipinu í björgunarbátum verður að nota handsnúinn krana,“ segir Sigmund Jóhannsson, teiknari og uppfinningamaður. Sigmund hannaði sjósetningarbúnað fyrir björgunarbáta sem við hann er kenndur. „Ef þú hugsar þér úfinn sjó og þrjátíu gráðu halla á skipinu þá sér það hver heilvita maður að þessi búnaður er ónothæfur.“ Sigmund segir að betri og öruggari sjósetningarbúnaður sé bæði fáanlegur hérlendis og utan landsteinanna.

Sigmund og Friðrik Ásmundsson, fyrrverandi skólastjóri Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum, skrifa grein á fréttavefinn eyjafrettir.is þar sem þeir fullyrða að trúlega sé ekkert íslenskt skip með eins fornfálegan sjósetningarbúnað björgunarbáta og Herjólfur. Þeir fara fram á að almannavarnanefnd Vestmannaeyja, eða aðrir sem málið varðar, láti fara fram óháða rannsókn á búnaðinum.

Fréttablaðið hefur haft samband við sjómenn sem unnið hafa um borð í Herjólfi og aðra sem þekkja vel til skipsins og búnaðarins. Þeir taka undir að hann sé afar erfiður í notkun og langan tíma taki að koma fólki frá skipinu. Björgunaræfingar, sem gerðar hafi verið við bestu aðstæður, staðfesti það.



**SJÓSETNINGARBÚNAÐUR** Manna þarf bátana um borð í skipinu og hífa þá síðan með handvirkum krana niður á hafflötinn. Þetta telja kunnugir erfitt eða illgerlegt í neyð. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Hins vegar liggi ekki fyrir hvort annar nýrri búnaður myndi henta betur. Þar á meðal rennur, svipaðar þeim sem nýttar eru til að koma fólki út úr farþegaþotum, sem teknar hafa verið um borð í mörgum ferjum erlendis á undanförnum árum.

Geir Þór Geirsson, forstöðumaður skipaeftirlitssviðs Siglingamálastofnunar, segir búnaðinn um borð uppfylla þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt reglugerð um farþegaskip í innanlandssiglingum og að Siglingastofnun geti ekki krafist búnaðar um borð í skip umfram það sem reglur gera ráð fyrir.

„Það er hægt að fá mismunandi tegundir af búnaði til að sjósetja björgunarbáta og til að rýma skip. Sjálfsagt er slíkur búnaður misjafnlega góður eða hentar misjafnlega eftir atvikum. Það má spyrja hvort þetta sé besti búnaðurinn sem hægt er að fá. Það er huglægt mat. En búnaðurinn uppfyllir kröfurnar,“ segir Geir.

svavar@frettabladid.is



**SEÐLABANKASTJÓRI** Hagfræðingar segja aðstæður hafa batnað í efnahagslífinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Spá snarpri lækkun stýrivaxta:

## Vextir gætu farið í sex prósent

**EFNAHAGSMÁL** Líkur eru á að Peningastefnunefnd Seðlabankans ákveði að lækka stýrivexti um 100 punkta í dag. Gangi það eftir fara stýrivextir í 6,0 prósent.

Bæði IFS Greining og greiningardeild Arion banka gera ráð fyrir hundrað punkta lækkun. Hagfræðideild Landsbankans telur Peningastefnunefnd stíga varlegar til jarðar en áður og lækka vexti um 75 punkta, eða niður í 6,25 prósent. Arion banki gerir ráð fyrir að stýrivextir fari niður í allt að 4,5 til fimm prósent til áramóta. Verði létt á gjaldeyrishöftum megi reikna með hægari stýrivaxtalækkun. - jab

Mælingar Veðurstofunnar:

## Drangajökull rýrnar hratt

**UMHVERFISMÁL Árlegar mælingar Veðurstofunnar benda til þess að Drangajökull hafi rýrnað. Úrvinnslu gagna er ekki lokið en allt bendir til að bráðnun nú sé meiri en verið hefur síðan 2005, segir Jón Ottó Gunnarsson, sérfræðingur Veðurstofunnar, í viðtali við bb.is.**

**Hann bendir á að áður hefðu mælingar bent til að jökullinn væri að stækka á sama tíma og jöklar á meginhálendinu og víðast hvar erlendis höfðu þynnst. Drangajökull hefur sérstöðu þar sem hann liggur lægra en aðrir jöklar landsins.** - shá




Fjármögnun brást og Reykjavíkurborg svaraði ekki fyrirspurn um lóð:

# Milljarða einkasjúkrahús út í sandinn

**HEILBRIGÐISMÁL** Útlit er fyrir að ekkert verði af stofnun og rekstri einkasjúkrahúss sem áformað var í Reykjavík. Litháíska verktakafyrirtækið Adakris hugðist taka þátt í verkefninu en er hætt við að sögn Sigríðar Þorsteinsdóttur, forsprakka undirbúningsfélags spítalans.

Einkasjúkrahúsið átti að sérhæfa sig í mjaðma- og hnjáliðaaðgerðum fyrir útlendinga frá Evrópska efnahagssvæðinu og Bandaríkjunum. Samkvæmt erindi Sigríðar til þáverandi borgarstjóra í vor sem leið var áætlað að bygging spítalans myndi kosta 4 til 4,5 milljarða króna og hafa um 180 stöðugildi þegar reksturinn væri hafinn. Vilyrði væri komið fyrir fjármögnun.

Erindi Sigríðar, sem og bréf sem Ástráður Haraldsson hæstaréttarlögmaður skrifaði þáverandi borgarstjóra í mars fyrir hönd undirbúningsfélagsins, var áframsent til skipulagsstjóra borgarinnar. Þar var ákveðið á föstudag að kynna málið fyrir formanni skipulagsráðs. Það er hins vegar um seinan ef marka má Sigríði.

„Við höfum aldrei fengið neitt svar frá borginni og héldum að þetta mál væri einfaldlega komið út úr kortinu. Þá hefur Adakris dregið sig út og peningar skila sér ekki. Verkefnið er því í algjöru frosti,“ segir Sigríður Þorsteinsdóttir. - gar



**REYKJAVÍK** Skipulagsyfirvöld í Reykjavík eru enn að velta fyrir sér umsókn frá í mars fyrir einkasjúkrahús en forsvarsmaður undirbúningsfélagsins segir áformin hafa runnið út í sandinn í millitíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Var verið að slökkva á sjónvarpinu þínu?

**Við hjá Vodafone eigum lausnir fyrir þig varðandi sjónvarpsmál heimilisins**

Sjónvarpsáskrift Vodafone gefur þér kost á að velja þá dreifileið sem þér hentar best; hvort sem það er loftnet, ADSL eða ljósleiðari.

Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 1414 eða komdu við í næstu verslun og njóttu þess að horfa á sjónvarpið eins og þér hentar.

power to you

vodafone.is

Fíton/SÍA

## GENGIÐ 21.09.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,53 | 117,09 |
| Sterlingspund | 180,77 | 181,65 |
| Evra | 152,99 | 153,85 |
| Dönsk króna | 20,537 | 20,657 |
| Norsk króna | 19,28 | 19,394 |
| Sænsk króna | 16,742 | 16,84 |
| Japanskt jen | 1,3622 | 1,3702 |
| SDR | 177,7 | 178,76 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 196,0393

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Meint innsæi og snilld varð reynslu og ígrundun yfirsterkari:

# Samtrygging velti fjármálakerfinu

**RANNSÓKNIR** Menningarbundnar hugmyndir og orðræða um kyn, karlmennsku og kvenleika léku stórt hlutverk í atburðarásinni sem leiddi til hruns íslenska bankakerfisins að mati dr. Þorgerðar Einarsdóttur og dr. Gyðu Margrétar Pétursdóttur sem unnu kynjafræðilega greiningu á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis að beiðni þingmannanefndarinnar.

Þorgerður og Gyða Margrét kynntu rannsókn sína á fjölsóttum fyrirlestri í Háskóla Íslands í gær.

Meðal þess sem þær fjölluðu um var hvernig kunningja- og ættartengsl eða tengslanet karla voru ráðandi þáttur í framgangi atburðarásarinnar og það hvernig óformlegum boðleiðum var beitt. Í fyrirspurnum eftir framsöguna tóku þær undir það sjónarmið að smæð íslensks samfélags kunni að auka áhrif tengslanetsins miðað við það sem mætti ætla í stærra samfélagi.

Sömuleiðis lýstu þær hugmyndum um meinta yfirburði íslenskra karla í alþjóðlegum fjármálaheimi og sýndu dæmi um orðræðuna um djarfa og snjalla íslenska kaupsýslumenn sem fram kom meðal annars í ræðum ráðamanna á tyllidögum. - ss



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**RÝNT Í SKÝRSLU** Fyrirlestur Þorgerðar og Gyðu um kynjagreiningu á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis var fjölsóttur.

Tekinn fyrir vímuefnaakstur:

## Ræktaði kannabis í íbúðinni

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Akureyri handtók síðdegis í fyrradag mann um tvítugt sem grunaður var um akstur undir áhrifum fíkniefna.

Í kjölfarið var gerð húsleit á heimili hans þar sem hald var lagt á um tuttugu grömm af kannabisefnum auk tækja og tóla til neyslu þeirra. Auk þess kom í ljós að maðurinn hafði verið að rækta kannabisplöntur í íbúð sinni en í litlum mæli þó. Honum var sleppt að lokinni yfirheyrslu og telst málið upplýst. - jss

Lýðræðishreyfingin tapar:

## Kaninn á FM 100,5 tíðnina

**FJARSKIPTI** Útvarpsstöðin Kaninn heldur tíðninni FM 100,5 samkvæmt nýjum úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála.

Póst- og fjarskiptastofnunin (PFS) greindi frá því í gær að nefndin hefði staðfest ákvörðun PFS frá því í maí um endurúthlutun tíðninnar Kanans, en Lýðræðishreyfing Ástþórs Magnússonar hafði tíðnina áður til umráða. „Féllst úrskurðarnefnd meðal annars á þau rök PFS að tíðniheimild Lýðræðishreyfingarinnar hafi runnið út í samræmi við gildistíma tíðnileyfis og tíðnin þar með laus til endurúthlutunar," segir á vef PFS. - óká

Niðurskurður í Reykjanesbæ:

## Íbúar beðnir um hugmyndir

**REYKJANESBÆR** **Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, hefur boðið íbúum að koma með ábendingar varðandi hagræðingu í rekstri sveitarfélagsins.**



ÁRNI SIGFÚSSON

**Eins og fram hefur komið að undanförnu er bærinn í erfiðri stöðu fjárhagslega. Í tilkynningu á vef bæjarins segir að tafir hafi orðið á undirbúningi atvinnuverkefna á svæðinu og óvissa ríki um framvindu margra þeirra.**

**Því segir bæjarstjóri: „Þrátt fyrir gott aðhald í rekstri er nauðsynlegt að auka niðurskurð verulega" og biður íbúa um að leggja sitt af mörkum og senda tillögur á bæjarskrifstofu.** - þj

# Þetta mál fellir ekki margbarða stjórnina

**Þingmenn stjórnarflokkanna segja landsdómsmálið ekki hafa áhrif á stjórnarsamstarfið. Öllu skipti að málið komi til atkvæðagreiðslu en dagi ekki uppi.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hefur landsdómsmálið, og þá sér í lagi skoðun forsætisráðherra á því, áhrif á ríkisstjórnarsamstarfið?

„Þetta mál mun ekki fella stjórnina, jafn margbarin og hún er," sagði Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, í samtali við Fréttablaðið seinni partinn í gær.

Rykið sem ræða forsætisráðherra á mánudag þyrlaði upp var þá að mestu sest. „Þetta er ekki nálægt því að vera stjórnarslitsmál. Hér hefur gengið á ýmsu, til dæmis gekk ráðherra út vegna Icesave. Það hafði gríðarlegar afleiðingar fyrir land og þjóð og við erum minnt á það á hverjum degi," segir Björn Valur Gíslason, þingmaður VG.

Nokkur titringur varð í pólitíkinni í kjölfar þess að Jóhanna Sigurðardóttir opinberaði það mat sitt að ekki séu efni til að saksækja fjóra fyrrum ráðherra fyrir landsdómi. Sumir þingmenn VG pirruðust. „Að sjálfsögðu pirruðust við," segir Björn Valur Gíslason. „Það var góð samstaða um þingmannanefndina og menn áttu von á að leiðtogar ríkisstjórnarflokkanna myndu fylkja sér að baki henni í stað þess að annar þeirra reyni nú að gera lítið úr starfi hennar."

Annar úr VG segir orð Jóhönnu engu breyta um stjórnarsamstarfið og um viðbrögðin úr þingflokknum sagði hann: „Menn þurfa stundum að fá að hvessa sig."

Hvað sem þeirri þörf líður virðist sem sumir hafi gefið sér hver afstaða Jóhönnu til málsins yrði. Úr herbúðum Sjálfstæðisflokksins hefur raunar heyrst að Jóhanna hafi fjarstýrt fulltrúum Samfylkingarinnar í nefndinni. Sú kenning rímar illa við það sem nú liggur fyrir. Afstaða Jóhönnu er á skjön við afstöðu nefndarmannanna Magnúsar Orra Schram og Oddnýjar Harðardóttur.

Veruleikinn er sá, að sögn Þórunnar, að Samfylkingin hefur ekki pólitíska línu í málinu. „Forysta flokksins gefur ekki línu um afgreiðsluna. Þess vegna erum við að tala við sérfræðinga, bjóða ráðherrunum fyrrverandi á fundi og halda mikla þingflokksfundi um efnið þar sem það er rætt fram og til baka," segir Þórunn.

Þingflokkur VG gerði í gær samþykkt um málið. Trausti er lýst á nefndina og vinnubrögðin sögð vönduð. Þingið verði að axla ábyrgð á málinu og leiða það til lykta á málefnalegan og lýðræðislegan hátt, án óþarfa tafa og undanbragða.

Þetta síðastnefnda er raunverulegt áhyggjuefni Vinstri grænna. „Mér sýnist þetta vera pex um lögfræðileg og tæknileg atriði miklu heldur en efnislegt," segir Björn Valur um umræðuna síðustu daga. „Alla vega af hálfu sjálfstæðismanna og það má líka greina á ræðum Samfylkingarinnar. Það bendir til þess að menn séu að reyna að koma sér frá málinu en það er ekki hægt. Við komumst ekki undan þessu."

Af orðum Björns og Þórunnar, og samtölum við aðra þingmenn, verða ekki dregnar aðrar niðurstöður en að staða ríkisstjórnarinnar sé óbreytt eftir að landsdómsmálið kom á dagskrá þingsins. Ræða forsætisráðherra hafi ekki haft sérstök áhrif á samstarf stjórnarflokkanna. Á hinn bóginn er enn óvissa um lyktir. Mál kunna vissulega að þróast þannig að ríkisstjórnin beri skaða af.

bjorn@frettabladid.is

### Verður að koma til atkvæðagreiðslu





**Björn Valur Gíslason** og **Þórunn Sveinbjarnardóttir** eru sammála um að tillagan um landsdómsákærur verði að koma til atkvæðagreiðslu í þinginu. „Ég get ekki séð hvernig Alþingi ætlar að ljúka þessu öðru vísi en að þetta komi til atkvæðagreiðslu. Ég get ekki ímyndað mér að menn ætli að mynda meirihluta um að drepa þetta mál og að það yrði kjarninn í nýju meirihlutasamstarfi. Ég hef alla trú á að þetta leysist, menn setjist niður og rói hugann og komi með kaldan haus að málinu," segir Björn Valur.

„Aðalmálið er að klára umræðuna og greiða atkvæði," segir Þórunn. „Mér heyrist að það sé góður meirihluti fyrir því að afgreiða tillögurnar og þegar niðurstöður liggja fyrir erum við komin á nýjan stað."

Þjálfa frumkvöðla í Úganda:

## Mikill árangur sem kostar lítið

**UTANRÍKISMÁL Frumkvöðlanámskeið sem Háskólinn í Reykjavík hélt fyrir leiðbeinendur í Úganda árið 2006 og aftur árið 2009 sýnir hvernig nýta má lítið fé til að ná miklum árangri, samkvæmt frétt á vef Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.**

**Næstum helmingur þátttakenda á námskeiðunum stofnaði eigin fyrirtæki, og næstum öll voru enn starfandi tveimur árum eftir stofnun, samkvæmt því sem fram kemur í úttekt á verkefninu.**

**Ekki er ljóst hvort verkefninu verður haldið áfram þar sem stefnt er á að ljúka þátttöku Íslands um næstu ármót.** - bj

Laumufarþegi í Norrænu:

## Unglingur leitar hælis hér á landi

**LÖGREGLUMÁL** Fjórtán eða fimmtán ára gamall unglingur, sem kom með Norrænu til landsins í gærmorgun, hefur óskað eftir hæli hér á landi. Ekki er vitað með vissu hver pilturinn er en hann kennir sig við frelsishreyfinguna Plisario í Vestur-Sahara. Sú hreyfing berst fyrir sjálfstæði Vestur-Sahara frá Marokkó.

Pilturinn, sem er í haldi lögreglunnar á Egilsstöðum, var klæðalítill við komuna til landsins, aðeins í gallabuxum og bol.

Að sögn Óskars Bjartmarz yfirlögregluþjóns er framburður piltsins óljós. Hann segir að tungumálaerfiðleikar gætu valdið því að uppruni hans sé óskýr.

Hann verður fluttur til Reykjavíkur með flugvél í fyrramálið og vistaður á Fitjum í Reykjanesbæ.

Talið er að pilturinn hafi komið um borð í Norrænu í Danmörku eða Færeyjum og falið sig á bílfari innan um bíla.




## VEÐURSPÁ



Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

**NORÐAN EÐA SUNNAN** Í dag er vindur af norðri og víða bjart á landinu en heldur svalt. Á morgun snýst í sunnanátt og þá þykknar upp sunnan og vestan til með úrkomu en jafnframt hlýnar heldur. Hvort við kjósum sunnan- eða norðanátt er svo væntanlega misjafnt.



**Á MORGUN** Strekkingur með SV-strönd, annars hægari.

**FÖSTUDAGUR** Strekkingur allra vestast, annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 20° |
| Billund | 18° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 25° |
| Gautaborg | 16° |
| Kaupmannahöfn | 16° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 22° |
| Mallorca | 26° |
| New York | 28° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 15° |
| París | 26° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 15° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Sigmundur Halldórsson sigmundur@frettabladid.is ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is

# VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Georg tók við rekstri Flúðasveppa árið 2005 en ræktun sveppa á Flúðum hófst árið 1984. Sveppirnir eru ræktaðir í lífrænum rotmassa sem einnig er framleiddur hjá Flúðasveppum. Svepparæktin er nákvæmnisverk sem krefst alúðar og þekkingar. Sveppirnir eru flokkaðir í höndunum og þeim pakkað á staðnum. Um 30 manns vinna hjá Flúðasveppum árið um kring.






ÍSLENSKA SIA.IS SFG 50278 08/10 - Ljósmyndir: Hari

**KJÖRKASSINN**



*Ertu sammála ummælum Jóhönnu Sigurðardóttur um niðurstöður þingmannanefndarinnar?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 29,4% |
| NEI | 70,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Var nauðsynlegt að hækka aftur laun varaborgarfulltrúa?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Júlli í Draumnum tekur lífinu með ró þrátt fyrir að sæta rannsókn fyrir fíkniefna- og lyfjasölu:

# Draumurinn enn lokaður og í rannsókn

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla hefur enn til rannsóknar meint lögbrot Júlíusar Þorbergsson, kaupmanns í Draumnum við Rauðarárstíg. Draumurinn er enn lokaður og verður ekki opnaður á ný nema með úrskurði dómara.

Júlíus, oftast kallaður Júlli í Draumnum, var handtekinn um miðjan júní og úrskurðaður í gæsluvarðhald eftir að á annað hundrað töflur af lyfseðilsskyldum lyfjum, nokkuð af kókaíni og um fimmtán milljónir króna í reiðufé fundust við húsleit í Draumnum og á heimili hans. Draumnum var jafnframt lokað.

Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn segir að úrskurður hafi fengist frá dómsmálaráðuneytinu fyrir ótímabundinni lokum verslunarinnar og hún verði því ekki opnuð aftur nema Júlíus kæri úrskurðinn til dómstóla og fái honum hnekkt.

Sjálfur segist Júlíus ætla að bíða eftir að niðurstaða fáist í málið áður en hann aðhefst nokkuð frekar. „Ég tek þessu bara rólega.“ segir Júlíus, sem hefur alla tíð neitað því að hafa selt fíkniefni og borið að milljónirnar hafi verið í eigu annars manns. „Ég er enginn glæpamaður,“ segir hann.

Júlíus segir lokunina hafa haft mikil áhrif á möguleika hans til að afla sér tekna. Í sumar hafi hann tínt ánamaðka og selt og nú safni hann dósum. Þá sýtir hann vörur fyrir milljónir sem hann hafi þurft að henda. Einna verst sé þó að glata bókinni þar sem hann skrifaði skuldir fastakúnna sinna, sem hlaupi á milljónum. Lítil von sé nú til að þær fáist greiddar. **- sh**



**JÚLLI Í DRAUMNUM** Fastakúnnar Draumsins hafa komið þar að lokuðum dyrum í rúma fjóra mánuði og útlit er fyrir að svo verði enn um sinn – jafnvel til frambúðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





Cisco CCNA

ÖFLUGASTA GRÁÐAN Í DAG!

CCNA gráðan er af mörgum talin ein öflugasta gráðan í upplýsingatækni sem völ er á.

Ef þú hefur áhuga á að verða sérfræðingur í uppbyggingu á tölvunetum og þeim tækjum sem notuð eru í samskiptum í netheiminum í dag, þá er þetta námskeiðið fyrir þig. Námið er undirbúningur fyrir prófið 640-802 sem er CCNA prófið frá Cisco og er það innifalið í verði námskeiðisins.

Þetta er nám sem gerir talsverðar kröfur til nemenda, en styrkir án efa stöðu þeirra á vinnumarkaðinum.

Kennari námskeiðsins er Þorsteinn Einarsson. Hann býr yfir 15 ára reynslu í Networking og er með CCIE gráðu (Cisco Certified Internetwork Expert).

Atvinnulausir fá 25% styrk frá NTV af auglýstu staðgreiðsluverði

84 stundir - Verð: 289.000.-
Kvöldnámskeið 5. okt. - 18. nóv
+ 1 verklegur sunnudagur

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI




**FLÓÐ Í MARKARFLJÓTI 14. APRÍL** Eldgosið hófst um nóttina og nokkrum klukkutímum síðar ruddist flóð niður Markarfljót. Til vinstri á myndinni sést Landeyjahöfn sem virðist lítil í samanburði við aurbóluna sem myndast á haffletinum þegar milljónir rúmmetra af föstum gosefnum og aur æða í sjó fram. MYND/JARÐVÍSINDASTOFNUN

# Aldan hreinsar höfn

**Gert er ráð fyrir vandræðum vegna framburðar gosefna í Landeyjahöfn í vetur. Aðeins er tímaspursmál hvenær hagstæðar vindáttir bera efnið frá höfninni.**

**SAMGÖNGUR** Talið er að 700 til 800 þúsund rúmmetrar af gosefnum hafi borist til sjávar með flóðum í Markarfljóti við upphaf eldhræringanna í Eyjafjallajökli. Tvöfalt það magn hafði borist til sjávar samkvæmt mælingum Siglingastofnunar í byrjun ágúst.

Framburðurinn hefur valdið erfiðleikum í Landeyjahöfn en um tímabundinn vanda er að ræða. Jafnframt ruddust fram fimm til sex milljónir rúmmetra af aur í hamfaraflóðinu; aurinn barst á haf út og hefur engin áhrif á hafnarmannvirkin.

Sigurður Áss Grétarsson, forstöðumaður hafnasviðs Siglingamálastofnunar, segir að þrátt fyrir að framburður gosefna hafi valdið tímabundnum erfiðleikum við höfnina sé ástæðulaust að hafa af því sérstakar áhyggjur. „Við reiknum með að þetta vandamál verði úr sögunni eftir veturinn. Ef það kemur hressileg og ríkjandi suðvestanátt í töluverðan tíma, þá hreinsast þetta allt austur úr.“

Sigurður telur að lítið magn verði eftir við höfnina en auðvitað verði að hafa hugfast að tíu ára framburður Markarfljóts hafi gengið í sjó fram á nokkrum mánuðum. „Þetta mun hafa áhrif á höfnina þangað til rétt veðurskilyrði myndast.“

Sigurður viðurkennir að starfsmenn Siglingastofnunar séu órólegir vegna þeirrar stöðu sem uppi er. Hins vegar verði að líta til þess að um eðlilegt ástand er að ræða. „Það er náttúran sem stjórnar þessu, ekki við.“

**svavar@frettabladid.is**

**Dæmi um stærðir**

Það gefur einhverja hugmynd um magn gosefna í hamfaraflóðinu í Markarfljóti að tvö þúsund rúmmetrar af steypu fóru í kjarnaundirstöðu 19 hæða og 70 metra hárrar turnbyggingar við Höfðatorg. Steypustöðin er einn vinnudag að framleiða það magn sem rúmast í um 40 steypubílum.

Formaður starfshóps á vegum fjármálaráðuneytis ætlar að skila af sér í dag:

# Lokafrestur rann út í ágúst

**EFNAHAGSMÁL** „Ég er á kafi í að ganga frá skýrslunni. Við erum að ljúka henni,“ segir Maríanna Jónasdóttir, fulltrúi Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra og formaður starfshóps á vegum fjármálaráðuneytisins.

Hópurinn var settur á laggirnar seint í apríl og á að leggja fram heildstæðar tillögur að breytingum á skattkerfinu fyrir áramót. Fyrstu áfangaskýrslu átti að skila 15. júlí. Erfiðlega gekk að setja saman samráðsnefnd hagsmunaaðila og var skilafrestur framlengdur til 31. ágúst.

Skýrslan lét bíða eftir sér og sagði Maríanna í samtali við Fréttablaðið í byrjun september að verið væri að leggja lokahönd á hana. Ekkert hefur þó bólað á henni.

Maríanna segir styttra í afhendingu fyrstu áfangaskýrslunnar nú en nokkru sinni. „Vonandi tekst okkur að afhenda hana ráðherra á morgun [í dag].“

Á morgun kynna Viðskiptaráð og Samtök atvinnulífsins sameiginlega skýrslu upp á hundrað blaðsíður um nauðsynlegar umbætur á skattkerfinu.

Eftir því sem næst verður komist er hún samin af um þrjátíu sérfræðingum í skattamálum og sett fram til höfuðs skýrslu fjármálaráðherra. **- jab**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**MARÍANNA** Starfshópur á vegum fjármálaráðuneytis átti upphaflega að skila fyrstu áfangaskýrslu um tillögur að breytingum á skattkerfinu í júlí. Ekkert hefur bólað á skýrslunni.


Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki








Pepsi **Wild Cherry**, Mtn Dew **Code Red**, Mtn Dew **Typhoon**, Mtn Dew **Distortion**, **Kirsuberja** Coke, **Cream Soda**, Diet Rótarbjór, Rótarbjór...



Nýtt
á USA dögum



**Nýjar tegundir...**
– Ben & Jerry´s ís

Nýtt
á USA dögum



**Pretzels soft**
– salt fylgir með – Rétt að hita í ofni

Nýtt
á USA dögum



**Karmellu og hnetu poppkorn**
– algjört sælgæti...



**Gaman á morgnana...**
– morgunkorn í úrvali

Nýtt
á USA dögum



**Hershey´s kisses**
– með karamellu og möndlum



**Starbucks kaffi**
– ekta amerískt – nokkrar tegundir



**Oreo kex**
– Oreo samloku kex

Nýtt
á USA dögum

Ný bakað!



259 kr/stk.

**Kanilbrauð**
– ekta amerískt

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 26. september á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



*1. Um það bil hversu margir ótryggðir bílar eru í umferðinni um þessar mundir?*

*2. Hvaða íslenska fyrirtæki keypti bandaríska fyrirtækið Teledyne Technologies nýverið?*

*3. Hvaða íslenska knattspyrnukona varð sænskur meistari?*

**SVÖR**

*1. Um fimm þúsund 2. Fyrirtækið Hafmynd 3. Þóra Björg Helgadóttir*

Sex meiddust mismikið þegar smárúta valt á Biskupstungnabraut:

# Þyrla sótti tvo alvarlega slasaða eftir bílslys

**SLYS** Tveir voru fluttir mikið slasaðir með þyrlu á Landspítalann í Reykjavík skömmu fyrir hádegi í gær eftir að smárúta með sex manns valt á Biskupstungnabraut, á milli Minni-Borgar og Svínavatns. Sá þriðji var fluttur rakleiðis með sjúkrabíl til Reykjavíkur og sá fjórði var fluttur til borgarinnar eftir skoðun á Heilsugæslustöðinni á Selfossi.

Í smárútunni voru kínverskir og bandarískir ferðamenn og svo virðist sem ökumaðurinn, kínversk kona, hafi misst stjórn á bílnum í beygju. Aðstæður til aksturs voru hinar bestu, vegurinn er malbikaður og var þurr þegar slysið varð.

Annar þeirra sem mest slasaðist skarst á slagæð og hinn hlaut höfuðáverka. Þeir voru ekki taldir í lífshættu í gær. Upphaflega var talið að þrír þyrftu að komast undir læknishendur í Reykjavík og voru hinir sendir á Heilsugæslustöðina á Selfossi. Þegar þangað var komið uppgötvuðust innvortis áverkar í kviðarholi eins þeirra og var hann þá í snarhasti sendur til Reykjavíkur.

Veginum var lokað fyrir umferð um skeið vegna slyssins og umferðinni beint um Sólheimaveg. **- sh**



**AF VETTVANGI** Tvímenningunum sem mest slösuðust var haskað til Reykjavíkur þar sem þeir komust undir læknishendur. MYND/GUÐMUNDUR KARL



**MJÓLKURKÝR** Íslenskar kýr hafa mjólkað um 86 milljónir lítra það sem af er ári, eða um 350 þúsund lítra á dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mjólkurframleiðsla minnkar:

## Samdráttur um 1,6% á árinu

**LANDBÚNAÐUR Framleiðsla á mjólk hefur dregist saman um 1,6 prósent það sem af er ári samanborið við sama tíma í fyrra, samkvæmt samantekt á vef Landssambands kúabænda.**

**Samdrátturinn í innlögnum bænda hjá afurðarstöðum nemur um 1,4 milljónum lítra af mjólk fyrstu átta mánuði ársins. Á tímabilinu hafa tæplega 86 milljónir lítra verið framleiddar.**

**Svipaður samdráttur er í sölu á mjólkurafurðum, um 1,4 prósent síðustu tólf mánuði, að því er segir á vef Landssambands kúabænda. - bj**

# Fjármálafyrirtæki fá undanþágu frá samkeppnislögum

**Samkeppniseftirlitið heimilar fjármálafyrirtækjum að hafa samráð vegna dómsmála sem varða lögmæti gengistryggðra lána. Mun fækka dómsmálum og flýta niðurstöðu segir talsmaður fjármálafyrirtækja.**

**SAMKEPPNISMÁL** Fjármálafyrirtæki fá að hafa samstarf um möguleg málaferli vegna gengistryggðra lána samkvæmt ákvörðun Samkeppniseftirlitsins sem gerð var opinber í gær. Eftirlitið setur samstarfinu þó ákveðin skilyrði.

„Ég tel jákvætt að þessi heimild sé komin, en hvort hún verður nýtt veltur á því sem kemur fram í boðaðri lagasetningu viðskiptaráðherra,“ segir Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja.



**GUÐJÓN RÚNARSSON**

Samtökin sóttu um undanþágu frá samkeppnislögum vegna málsins í lok júlí. Í rökstuðningi samtakanna segir að í samstarfinu muni felast að fjármálafyrirtækin fari sameiginlega yfir lánasamninga og flokki þá þannig að fyrir liggi hvaða atriði verði nauðsynlegt að láta reyna á fyrir dómstólum.

Guðjón segir að hugmyndin sé sú að aðeins eitt lánafyrirtæki höfði mál til að fá niðurstöðu dómstóla á tilteknu ágreiningsefni. Hin fyrirtækin komi að ábendingum varðandi málið og kröfugerðina.

Heimild Samkeppniseftirlitsins mun væntanlega draga úr álagi á dómstóla, og flýta því að niðurstaða fáist í álitamálum, sem ætti að vera bæði lántakendum og lánveitendum til hagsbóta, segir Guðjón.

Samtök fjármálafyrirtækja sóttu um undanþáguna eftir að Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að gengistryggð lán væru ólögmæt, en áður en dómurinn ákvað hvaða vaxtakjör skyldu gilda. Í kjölfar dómsins tilkynnti viðskiptaráðherra, að til stæði að setja lög sem jafna eiga stöðu þeirra sem tekið hafa gengistryggð lán.

Guðjón segir að það velti á útfærslu fyrirhugaðrar lagasetningar hvort fjármálafyrirtækin muni nýta heimild Samkeppniseftirlitsins til samstarfs. Verði leyst út helstu ágreiningsmálum í lögunum sé óvíst að heimildin verði nýtt nema takmarkað. Þar skipti líka máli hvort lögin fjalli um lán til fyrirtækja jafnt sem einstaklinga.

brjann@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**BÍLALÁN** Óvíst er hvort heimild til samstarfs fjármálafyrirtækja verður nýtt, það veltur á innihaldi boðaðra laga efnahags- og viðskiptaráðherra.

### Samstarfinu sett þröng skilyrði

**Samkeppniseftirlitið heimilar samstarf fjármálafyrirtækja vegna málaferla sem tengjast gengistryggðum lánum með þröngum skilyrðum. Þau eru:**

- Fulltrúi umboðsmanns skuldara fær að sitja alla samstarfsfundi, og fær aðgang að öllum gögnum.
- Fjármálafyrirtækin mega ekki krefja skuldara um málskostnað í mögulegum dómsmálum. Leitast skal við að stefna þeim skuldurum „sem að mati umboðsmanns skuldara eru hvað best til þess fallnir að halda uppi vörnum í dómsmáli“.
- Öll upplýsingaskipti um annað en málaferli vegna gengistryggðra lána eru bönnuð.
- Undanþágan gildir ekki lengur en til 1. febrúar 2011.




VITA - ferðaskrifstofa á traustum grunni

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

# VITA svarar kallinu!




## Viðtökur við skíðaferðum VITA til Ítalíu hafa verið frábærar og því verður boðið upp á aukaflug í vetur.

### Flugáætlun:

22. janúar örfá sæti laus
29. janúar AUKAFLUG
5. febrúar AUKAFLUG
12. og 19. febrúar. UPPSELT
26. febrúar.


Fararstjórar: Einar, Anna, Evert og Örn


Lilja Jónsdóttir er einn af ferðaráðgjöfum VITA og hefur áralanga reynslu af sölu skíðaferða.



### Beint morgunflug, glæsilegur farkostur.

Það var þessi þægilegheitatilfinning sem við höfðum í huga þegar við settum nýtt afþreyingarkerfi í flugflota Icelandair. Hver farþegi hefur sinn eigin skjá þar sem er í boði án endurgjalds fjölbreytt úrval af kvikmyndum, vinsælum sjónvarpsþáttum, tónlist og tölvuleikjum. Hver og einn velur sína eigin dagskrá og getur auk þess sótt upplýsingar um flugferðina sjálfa og margt fleira.

Vinsamlegast athugið: Einstaka sinnum kemur fyrir að farþegar VITA fljúga með Icelandair vél sem ekki er búið að setja í ný sæti og nýtt afþreyingarkerfi

## Ekki láta þetta tækifæri renna frá þér!




### Hótel Olympia — 5. - 12. febrúar

Selva Val Gardena - Stærsta skíðasvæði í Evrópu. Náttúrufegurð, nægur snjór og brekkur fyrir alla. Það er Selva!

**169.000 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með hálfu fæði á mann í tvíbýli á hótel Olympia sem er þægilegt og heimilislegt 3ja stjörnu hótel í 200 m fjarlægð frá lyftum.
Íslensk fararstjórn. * Verð án Vildarpunkta 179.000 kr.




### Hótel Shandrani — 22.-29. janúar

Val di Fiemme - Skíðasvæði með löngum, flottum brekkum sem kemur þér skemmtilega á óvart.

**Verð frá 129.910 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli á hótel Shandrani, sem er glæsilegt 4ra stjörnu hótel með öllum þægindum.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting, hálft fæði og íslensk fararstjórn.
*Verð án Vildarpunkta 139.910 kr.



VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

VITA er lífið

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 51663 07/10

Haustjafndægur eru á morgun




Fagnaðu haustjafndægrum með BKI kaffi

haustjafndægur eru á morgun!

Angan af kaffi kemur bragðlaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI kaffi.

Árstíðir hefjast við sólstöður og því hefst haustið nú þegar haustjafndægur eiga sér stað. Þegar hausta tekur breytist litaflóra landsins. Gult, appelsínugult og rautt tekur við grænum klæðum sumarsins. Landið verður afar litríkt og ægifagurt og hauststillurnar ramma inn litadýrðina svo langt sem augað eygir. Farðu í lautarferð og njóttu haustlitanna, ferska loftsins og kyrrðarinnar. Virtu fyrir þér fagra litina og safnaðu laufum og pressaðu þau.



*Taktu með þér rjúkandi BKI kaffi á brúsa, uppáhalds teppið þitt og körfu með góðgæti í lautarferðina. Njóttu lífsins úti við á meðan þú getur. Fáðu þér hressandi BKI kaffi í notalegri laut.*

*Nú er tækifæri fyrir gott BKI kaffi.*

**BKI Classic**
Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og fersklegt eftirbragðið.



**BKI Extra**
Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibragð við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

***Kauptu BKI fyrir kaffitímann***
Kíktu á bki.is

Földu amfetamínvökvann í eldsneytistanki bifreiðar:

# Amfetamínkonur ákærðar

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært fyrir Héraðsdómi Reykjaness tvær konur, Elenu Neuman og Swetlönu Wolkow, fyrir stórfellt fíkniefnasmygl.

Konurnar eru sakaðar um að hafa fimmtudaginn 17. júní 2010, staðið saman að innflutningi til Íslands á tæplega tuttugu lítrum af vökva sem innihélt amfetamínbasa. Vökvinn hafi verið ætlaður til söludreifingar hér á landi í ágóðaskyni. Úr honum hefði verið unnt að framleiða allt að 20,9 kíló af hreinu amfetamínsúlfati sem samsvarar 153 kílóum af efni miðað við tíu prósent styrkleika.

Ákærða, Elena sem er fertug að aldri, tók við vökvanum í Litháen og flutti þaðan falinn í eldsneytistanki VW Passat bifreiðar, með skráningarnúmer IZ-NE947, til Þýskalands. Þaðan flutti hún vökvann, ásamt Swetlönu, rúmlega þrítugri, með sama hætti til Danmerkur. Þaðan lá leiðin með farþegaferjunni Norrænu til Seyðisfjarðar þar sem vökvinn fannst við leit.

Þess er krafist að fíkniefnin og smyglbíllinn verði gerð upptæk. - jss



**FLJÓTANDI AMFETAMÍN** Úr vökvanum hefði verið hægt að búa til um 153 kíló af amfetamíni.

# Minna ekið, drukkið og reykt en spáð var

**Hærri virðisaukaskattur innheimtist á fyrstu sjö mánuðum ársins en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Tekjur af tekjum, bensíni, áfengi og tóbaki voru undir áætlun. Í heildina voru tekjur ríkissjóðs sautján milljörðum umfram áætlun.**

**EFNAHAGSMÁL** Ríkissjóður var rekinn með 75,6 milljarða króna halla á fyrstu sjö mánuðum ársins. Greidd gjöld námu 318 milljörðum og innheimtar tekjur 261 milljarði. Þar munar 57 milljörðum. Að teknu tilliti til áhrifa rekstrartengdra eigna og skulda ríkisins, sem voru neikvæð um átján milljarða, fæst hin eiginlega staða, svonefnt handbært fé frá rekstri, sem nemur þessum 75,6 milljörðum.

Í yfirliti fjármálaráðuneytisins um greiðsluafkomu ríkissjóðs fyrstu sjö mánuði ársins kemur fram að innheimtar tekjur voru rúmum sautján milljörðum króna hærri en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir. Stafar frávikið að mestu af hagnaði ríkissjóðs af samkomulagi um kaup á íslenskum skuldabréfum af Seðlabankanum í Lúxemborg.

Tekjur af tekjuskatti einstaklinga námu 51,3 milljörðum. Það er aukning um tíu prósent frá fyrra ári en tæpum sex prósentum undir áætlun. Fyrirframgreiðsla á tekjuskatti lögaðila nam 7,1 milljarði sem er samdráttur upp á rúm 22 prósent frá í fyrra en svo til á áætlun ársins.

Í heild voru tekjur ríkissjóðs af sköttum, tollum og tryggingagjaldi 224 milljarðar fyrstu sjö mánuði ársins. Það er rúmum 27 milljörðum meira en í fyrra og tæpum fjórtán prósentum meira en áætlað var.

Virðisaukaskattur nam 70 milljörðum en í fjárlögum var reiknað með að hann yrði rúmir 60 milljarðar á tímabilinu. Vörugjöld af bensíni og olíu hækkuðu talsvert milli ára en voru undir tekjuáætlun. Sama á við um tekjur af áfengis- og tóbaksgjaldi. Þær jukust frá fyrra ári en voru lægri en áætlað var.

Útgjöld ríkisins fyrstu sjö mánuði ársins jukust um rúma níu milljarða frá árinu 2009. Engu að síður voru þau talsvert undir fjárheimildum ársins í ár. Að almannatryggingum og heilbrigðis- og velferðarmálum slepptum voru vaxtagreiðslur sá liður sem hvað þyngst vó á útgjaldahliðinni. Rúmir 50 milljarðar króna fóru til greiðslu vaxta á tímabilinu. Vaxtagreiðslurnar hækkuðu um sextán milljarða milli ára en voru þrátt fyrir það lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir. bjorn@frettabladid.is



**HJÓL ATVINNULÍFSINS** Í skýrslu fjármálaráðuneytisins um greiðsluafkomuna kemur fram að útgjöld til efnahags- og atvinnumála hafi dregist saman um 3,5 milljarða króna frá í fyrra. Engu að síður eru útgjöld til málaflokksins 5,4 milljörðum undir áætlunum, þ.e. lægri en heimildir fjárlaga leyfa, en þau námu rúmlega 33 milljörðum á tímabilinu. Eitthvað er um að framkvæmdir hafi verið færðar til innan ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Orkusölusamningur í Straumsvík miðast nú við þróun orkuverðs en ekki álverðs:

# Vildi betri samning og náði fram milljarða tekjuauka

**ORKUMÁL** Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, vildi ekki staðfesta drög að endurskoðuðum samningi um orkusölu til álversins í Straumsvík, sem lágu fyrir þegar hann tók við störfum hjá fyrirtækinu síðastliðið haust.

Þá var tilbúinn til undirritunar samningur eftir að viðræður höfðu átt sér stað frá ársbyrjun 2006.

„Ég taldi miklvægt að ná betri samningi og við náðum lendingu um það,“ sagði Hörður í samtali við Fréttablaðið. Hann vildi samningi sem tæki mið af þróun raforkuverðs á samningstímanum í stað álverðs á heimsmarkaði. Markmiðið var að draga úr áhættu Landsvirkjunar og auka tekjur.

Hörður segir að RioTintoAlcan hafi brugðist vel og faglega við þessari málaleitan. Nýr samningur tókst og var undirritaður 15. júní sl. Hann tekur gildi 1. október. Þar er orkuverðið tengt verðbólgu í Bandaríkjunum og þróun orkuverðs til álvera í heiminum í stað álverðs, eins og fram kemur á forsíðu blaðsins í dag.

> Ég taldi miklvægt að ná betri samningi og við náðum lendingu um það
>
> **HÖRÐUR ARNARSON**
> FORSTJÓRI LANDSVIRKJUNAR

Heimildarmenn innan Landsvirkjunar telja að nýi samningurinn auki tekjur af orkusölu til Straumsvíkur um „milljarða króna“ á ársgrundvelli miðað við núverandi aðstæður á markaði. Tekjur fyrirtækisins vegna álversins í Straumsvík voru tæpir tíu milljarðar króna á árinu 2009. - pg



**HÖRÐUR ARNARSON** Forstjóri Landsvirkjunar segir að RioTintoAlcan hafi brugðist vel og faglega við málaleitan Landsvirkjunar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# KOMDU ÞÉR AF STAÐ!

Haustið er yndislegur tími. Tíminn til að koma sér af stað eða halda áfram að æfa. Nýir æfingaskór og æfingaföt virka alltaf hvetjandi til þess að standa sig betur. Þess vegna höfum valið bestu haustvörurnar og bjóðum þær nú á frábæru verði. Verið velkomin!



**6.490**
(fullt verð 7.990)

**NIKE / CORE TIGHT SS TEE**
Æfingarbolur úr teygjanlegu DRI FIT efni með góðri öndun. Litir: Bleikur, svartur. Dömustærðir.



**7.990**

**NIKE / NEW FLY FAVORITES LONG BRA**
Hlýrabolur úr teygjanlegu DRI-FIT efni með öndun. Litir: Bleikur, turkisblár.



**5.490**
(fullt verð 6.990)

**NIKE / REGIONAL PURE TEE**
Æfingabolur úr 95% bómull og 5% elastane. Litir: Fjólublár, bleikur, svartur. Dömustærðir.

**5.990**
(fullt verð 7.990)

**NIKE / BE FAST DF COTTON CAPRI**
Kvartbuxur úr teygjanlegri DRI-FIT bómull. 61% bómull, 33% polyester og 6% elastane. Dömustærðir.



**7.990**
(fullt verð 9.990)

**NIKE / NATALIA FULL ZIP HOODY**
Rennd upphitunarpeysa úr mjúkri bómull. Litir: Bleik, grá, fjólublá. Dömustærðir.



**8.990**

**NIKE / BE STRONG DRI-FIT COTTON PANT**
Æfingabuxur úr teygjanlegri DRI-FIT bómull með góðri öndun. 61% bómull, 33% polyester og 6% elastane Dömustærðir.

**9.990**
(fullt verð 11.990)

**NIKE / WMNS STEADY VII**
Æfingaskór með góðri dempun undir tábergi. Dömustærðir.



**5.990**

**NIKE / LEGACY VENTILATED Y BACK**
Íþróttatoppur. Dömustærðir.



**990**

**NIKE / SPORT WATER BOTTLE**
Vatnsbrúsi með ventli sem lokast eftir hvern sopa.



**3.490**

**ENERGETICS / ADIVA FITNESS GLOVE**
Æfingagrifflur.

**INTERSPORT**

**AKUREYRI SÍMI 460 4890** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 **LINDIR SÍMI 585 7260** OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
**SELFOSSI SÍMI 856 4610** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **SMÁRALIND SÍMI 585 7240** OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18

EXPO - www.expo.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Aðalatriðin í skýrslu þingmannanefndarinnar hverfa í skuggann af karpinu um landsdóm.

## Glatað tækifæri?

Illu heilli hefur það gengið eftir, sem margir höfðu áhyggjur af þegar þingmannanefndin sem rýndi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis lagði fram skýrslu sína fyrir tíu dögum. Deilur um hvort draga skuli fyrrverandi ráðherra fyrir landsdóm hafa yfirskyggt umbótatillögurnar sem eru í raun aðalatriðin í skýrslu þingmannanefndarinnar og full samstaða var um meðal nefndarmanna. Í stuttu máli má segja að þessar umbótatillögur séu það, sem hrinda þarf í framkvæmd til að Ísland standi undir nafni sem þróað, vestrænt lýðræðisríki. Alþingismenn mættu hafa í huga að búi þeir ekki svo um hnútana að þeirri umbótaáætlun verði hrint í framkvæmd, mun það skipta óskaplega litlu máli um þróun mála á Íslandi í framtíðinni þótt fáeinir einstaklingar verði dregnir fyrir landsdóm.

SKOÐUN
Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Hneykslunartónninn í sumum fylgismönnum þess að ákært verði yfir því að sumir aðrir þingmenn séu á annarri skoðun, bendir til að þeim finnist að niðurstaða Alþingis hafi verið nánast fyrirfram gefin. Auðvitað var hins vegar ekkert gefið um niðurstöðuna, hvorki af starfi þingmannanefndarinnar né þingsins sjálfs. Allt sem þingmannanefndin leggur til hlýtur að vera til umræðu á Alþingi og að lokinni rækilegri skoðun tekur þingið afstöðu.

Það er rétt hjá Atla Gíslasyni, formanni þingmannanefndarinnar, að Alþingi á ekki að skjóta sér undan því að taka ákvörðun í málinu og afgreiða þingsályktunartillögurnar, sem liggja fyrir. En það er ekki þar með sagt að þingið bregðist hlutverki sínu þótt niðurstaðan verði sú að enginn verði ákærður fyrir landsdómi. Þingið á aðrar leiðir í stöðunni eins og Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra, benti til dæmis á hér í blaðinu á laugardaginn. Það getur ályktað um athafnir ráðherra – og þá ekki aðeins þeirra, sem hægt er að ákæra fyrir landsdómi vegna fyrningarreglna. Það má vera öllum ljóst að þeir fjórir ráðherrar, sem lagt hefur verið til að ákæra, bera ekki einir alla sökina á því að ekki tókst að afstýra bankahruninu.

Viðbrögðin við ræðu Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra um málið eru sérkennileg. Hún hefur, sem æðsti handhafi framkvæmdarvaldsins, verið sökuð um að reyna að segja þinginu fyrir verkum eða koma í bakið á samstarfsflokknum eða samflokksmönnum sínum í þingmannanefndinni. Í ljósi þess að ekki er um ríkisstjórnarmál að ræða, á það ekki við. Jóhanna er þingmaður og hlýtur að mega lýsa sinni skoðun sem slíkur. Afstaða þingmanna í þessu máli hlýtur eingöngu að fara eftir sannfæringu þeirra. Þess vegna skiptir ekki máli þótt ráðherrar séu ekki sammála um það og því síður að það kljúfi flokka. Ef eitthvað er eykur það trúverðugleika þeirrar niðurstöðu, sem Alþingi kemst að, ef hún fer ekki eftir klárum flokkslínum.

Þingflokkur VG ályktaði í gær að trúverðugleiki Alþingis væri í húfi, ef þingsályktunartillögur um ákærur yrðu ekki til lykta leiddar. Það er rétt, en það er jafnmikilvægt fyrir trúverðugleika Alþingis að það sjái til þess að umbótaáætlun þingmannanefndarinnar komist í framkvæmd og henni verði fylgt fast eftir. Það verkefni er í raun miklu flóknara og kostar á köflum meiri pólitíska staðfestu en að ákæra þrjá eða fjóra einstaklinga. Klúðrist það verkefni vegna deilnanna um landsdóm hefur mikilvægt tækifæri til umbóta í íslenzku samfélagi farið forgörðum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hollustuhættir á vinnustað?

„Ég verð að viðurkenna að andrúmsloftið hér á Alþingi þessa dagana veldur mér vanlíðan og nánast líkamlegum óþægindum. Það virðist draga fram það versta í fari þingmanna. Þetta er ógeðslegt," sagði Margrét Tryggvadóttir, þingmaður Hreyfingarinnar, á Alþingi í gær. Vegna andrúmsloftsins treysti Margrét sér ekki til að fylgja þeirri venju þingmanna að ávarpa hver annan með orðunum háttvirtur og hæstvistur. Allt þetta óloft á þingi stafar af deilum um hvort kalla eigi saman landsdóm til að rétta yfir ráðherrum úr ríkisstjórn Geirs H. Haarde. Þær náðu hámarki eftir ræðu Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra þegar hún gagnrýndi harðlega tillögur meirihluta þingmannanefndar um að ákæra fjóra fyrrverandi ráðherra fyrir landsdómi.



### Endurtekið efni?

En þótt ræða Jóhönnu hafi komið eins og sprengja inn í málið og því sé haldið fram að það tengist viðkvæmri stöðu innan Samfylkingarinnar hefði það ekki átt að koma á óvart að hún lýsti efasemdum um lög um ráðherraábyrgð og landsdóm. Á sínum gríðarlanga þingferli hefur Jóhanna fjórum sinnum flutt þingmál um að rétt sé að breyta lögum um landsdóm og ráðherraábyrgð af því að þau séu úrelt og hafi ekki fylgt réttarþróuninni. Þá sé málsmeðferðin flókin og þunglamaleg. Allt var þetta hluti af því sem hún nefndi í ræðunni sem olli uppnáminu í fyrrakvöld og líka hluti af málflutningi þeirra sem nú leggjast gegn því að landsdómur verði kallaður saman. Aðeins einu sinni hafa aðrir þingmenn en Jóhanna tekið til máls í umræðum – eða öllu heldur einræðum – hennar um málið.



peturg@frettabladid.is

HALLDÓR




## Sannleikurinn mun gera yður frjálsa

Landsdómur

Þorkell Helgason
stærðfræðingur og áhugamaður um þjóðfélagsmál



Á Alþingi er nú rætt hvort kæra skuli fjóra, þrjá eða engan fyrrverandi ráðherra fyrir landsdómi. Þótt leiðtogar í atvinnulífi og stjórnmálum hafi komið okkur á vonarvöl má hefnd ekki vera okkur efst í huga. En fólk þráir sannleikann um það hvernig þetta gat gerst, hverjir eru aðalleikendur í þessum farsakennda harmleik og hver var þeirra afleikur hvers og eins? Vissulega hefur mörgu verið svarað með hinum vönduðu skýrslum rannsóknarnefndar Alþingis og þingmannanefndarinnar sem kom í kjölfarið.

Þingmannanefndin náði samstöðu um veigamiklar tillögur um umbætur á fjölmörgum sviðum; tillögur sem þingmenn hefðu vart náð sátt um fyrir hrunið mikla. En svo klofnaði nefndin þegar kom að því hvort leggja ætti mál ráðherra fyrir landsdóm. Því miður eru þingmenn komnir í skotgrafir og fjölmiðlarnir láta þá að vanda eins og púkinn á bitanum. Skora verður á þingmenn að hlífa okkur við karpi af slíkum toga og beina augunum að sannleiksleit, ekki að refsingu.

Fordæmi eru mörg, svo sem sannleiksnefndin í Suður-Afríku eftir uppgjöf kynþáttastefnunnar. Eða uppgjörið í Þýskalandi eftir hrun múrsins þar sem kapp var lagt á að upplýsa, ekki síst um skjöl austur-þýsku öryggislögreglunnar, Stasi, fremur en að draga forkólfa einræðisríkisins fyrir dóm. Vitaskuld er þar með ekki verið að líkja afglöpum forystumanna hérlendis við glæpaverk stjórnvalda í þessum löndum.

Sannleiksnefnd hrunsins yrði framhald á starfi rannsóknarnefndar Alþingis auk þess sem hún byggði á rannsókn þingmannanefndarinnar. Henni yrði ætlað að varpa ljósi á athafnir og athafnaleysi einstaklinga, en ólíkt landsdómi kvæði hún ekki upp refsidóma. Kosturinn við að setja nú á laggirnar sannleiksnefnd í stað þessa að ganga landsdómsferlið á enda er ekki síst sá að þá þurfa ekki og mega ekki gilda nein fyrningarmörk. Það er mikilvægt að horft sé eins langt um öxl og nauðsyn krefur.

Um slíka sannleiksleitarnefnd ætti að geta náðst samkomulag á Alþingi sem í sjálfu sér væri mikilvægur þáttur samfélagssáttar. Að fenginni niðurstöðu sannleiksnefndar yrði uppgjörinu við fortíðina lokið og þjóðin gæti einhent sér í uppbyggingu betra samfélags. Allir, ekki síst þau stjórnmálasamtök sem eru með drauga fortíðarinnar á herðum sér, gætu þá um frjálst höfuð strokið.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Atvinnustefna og nýsköpun

Atvinnustefna



Örn D. Jónsson
prófessor við HÍ


Rögnvaldur J. Sæmundsson
dósent við HR


Undanfarið hefur átt sér stað talsverð umræða um atvinnustefnu í kjölfar hruns bankakerfisins. Flestir eru á því að stjórnvöld eigi að grípa til aðgerða til þess að forðast atvinnuleysi og flýta endurreisn. Reynslan sýnir að hvorugu markmiði er hægt að ná á árangursríkan hátt án nýsköpunar.

Eftirfarandi er fyrsta greinin af þremur um tengsl atvinnustefnu og nýsköpunar í íslensku samfélagi. Sú fyrsta fjallar um sjávarútveg, önnur um orkuframleiðslu og stóriðju, sú þriðja um tækifæri til nýsköpunar við núverandi aðstæður. Markmið okkar er að benda á þá þversögn sem felst í kröfum um að ganga enn lengra á takmarkaðar auðlindir landsins meðan tækifæri blasa við til alþjóðlegrar nýsköpunar. Kjarni málsins er að frekari auðlindanýting án nýsköpunar er óhagkvæm og hefur lítil varanleg áhrif á atvinnustig. Það sem verra er; hún vinnur gegn möguleikum okkar til að nýta önnur tækifæri.

**Auðlindir hafsins voru forsenda íslensks velferðarsamfélags**

Fiskveiðar og fiskvinnsla eru þær atvinnugreinar sem sköpuðu efnahagslegar forsendur fyrir íslensku velferðarsamfélagi. Með betri aðgangi að mörkuðum, útvíkkun landhelginnar, markvissum fjárfestingum og tækniframförum jókst verðmæti fiskútflutnings meira en þrjúhundraðfalt á árunum 1940-1975.

Á áttunda áratugnum fór að bera á minnkandi stærð fiskistofna, sérstaklega botnfisks, til viðbótar við hefðbundnar sveiflur í veiðum. Til að takast á við það og jafna viðvarandi sveiflur sem einkenndu greinina og þar með atvinnulífið í heild var tekið upp fiskveiðistjórnunarkerfi með framseljanlegum veiðiheimildum.

Fiskveiðistjórnun hefur gengið betur hér en víðast hvar annars staðar. Á meðan fiskistofnar hafi hrunið víða um heim hefur staðvirt verðmæti íslenskra fiskafurða aðeins dregist saman um rúm 10% á tímabilinu 1979 til 2004. Skýringuna á þessum árangri má rekja til hagræðingar í rekstri fyrirtækjanna, bættri vörumeðferð og markvissara markaðsstarfi.

Fiskveiðistjórnunarkerfinu fylgdu bæði fyrirséðar og ófyrirséðar breytingar. Eignasamþjöppun var óhjákvæmileg og var reyndar hluti þeirrar hagræðingar sem nýja kerfið bauð upp á. Öflugri fyrirtæki voru forsenda hagræðingar og þátttöku í hlutabréfamarkaði, en þar fékk greinin sem lengi hafði verið fjársvelt aðgang að fjármunum til rekstrar og vaxtar. Sett var hámark á kvótaeign einstakra fyrirtækja til þess að þessi þróun gengi ekki of langt. Þrátt fyrir það hefur eignasamþjöppunin orðið meiri en vænst var.

Aðrar breytingar voru ekki eins fyrirséðar. Skuttogaravæðingin breyttist í frystitogaravæðingu sem síðar leiddi til aðskilnaðar veiða og staðbundinnar vinnslu með tilheyrandi byggðaröskun. Því minna sem fiskur er unninn þeim mun verðmætari er afurðin og flugfiskurinn og sjófrystar afurðir til uppþíðingar verða verðmætari en afurðir unnar í landi. Alþjóðleg nýsköpun í framleiðslu fiskvinnslutækja sem bættu nýtingu og vörumeðferð í sjávarútvegi, t.d. á vegum Marel og Sæplasts, reyndist almennt haldgóð í matvælaframleiðslu. Það opnaði möguleika sem voru miklu víðtækari en fyrir var séð, ekki einungis fyrir fyrirtækin sjálf heldur fyrir alþjóðlega nýsköpun á Íslandi.

**…en aukin nýting skapar fá tækifæri til frekari verðmætasköpunar**

Í dag eru tæplega 5% starfa á vinnumarkaði tengd fiskveiðum og fiskvinnslu á meðan útflutningur sjávarafurða er 42% af heildarútflutningi. Þessar atvinnugreinar eru því enn þá mikilvæg uppspretta erlendra gjaldeyristekna en hafa lítil áhrif á atvinnustig þjóðarinnar. Þorskur, ýsa og aðrar botnfiskstegundir stóðu fyrir tveimur þriðju af útflutningsverðmætum sjávarfangs árið 2009 og eru því undirstaða þessara verðmæta. Vegna hættu á ofveiði er ekki skynsamlegt að ganga enn frekar á þessar tegundir og frekari landvinnsla með lögboði er ólíkleg til að auka verðmæti þeirra.

Niðurstaðan er þá sú að sjávarútvegur heldur sínu mikilvægi í þjóðarbúskapnum en fá tækifæri eru til aukinnar verðmætasköpunar með meiri veiði eða frekari landvinnslu. Hins vegar má með markvissri vöruþróun, útsjónarsemi og vöruvöndun auka verðmætasköpun enn frekar, sérstaklega ef það skilar sér í alþjóðlegri nýsköpun sem smám saman nýtist á fleiri sviðum en í sjávarútvegi. Þær áherslur þarf að leggja í atvinnustefnu stjórnvalda.

> Sjávarútvegur heldur sínu mikilvægi í þjóðarbúskapnum en fá tækifæri eru til aukinnar verðmætasköpunar með meiri veiði eða frekari landvinnslu.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

# Hræðsluáróður um ORF Líftækni

ORF Líftækni



Eiríkur Sigurðsson
líffræðingur og upplýsingafulltrúi ORF Líftækni


Í tveimur greinum í Fréttablaðinu nýlega gera Dominique Plédel Jónsson og Sandra B. Jónsson enn einu sinni tilraun til að færa andstöðu sína við erfðatækni og starfsemi ORF Líftækni í vísindalegan felubúning og slá ryki í augu almennings með rangfærslum og dylgjum.

Umhverfisstofnun veitti ORF Líftækni þriðja leyfið til að rækta erfðabreytt bygg á akri í Gunnarsholti í fyrra einfaldlega vegna þess að það stafar ekki hætta af akuryrkju á erfðabreyttu byggi á Íslandi. Bygg getur ekki æxlast við neinar aðrar plöntur á Íslandi og það er þúsund ára reynsla af því að bygg vex ekki villt hér á landi.

**Vegið að heiðri vísindamanna**

Einhverjar umfangsmestu rannsóknir sem farið hafa fram á þessu sviði í heiminum voru gerðar af vísindamönnum við Landbúnaðarháskóla Íslands 2005-2007. Niðurstöðurnar sýndu að með þeim aðferðum sem ORF Líftækni notar, m.a. hvað varðar fjarlægð frá öðru byggi, er kerfi fyrirtækisins mjög öruggt. Það er vegið að heiðri vísindamanna með því að halda því fram að það hafi haft áhrif á niðurstöður þeirra að Landbúnaðarháskólinn var lítill hluthafi í fyrirtækinu.

Dominique og Sandra gera því skóna að ORF Líftækni brjóti lög því fyrirtækið hafi ekki sótt um svokallað markaðsleyfi. Það rétta er að fyrirtækið hefur ávallt starfað eftir íslenskum lögum og reglum sem gilda um starfsemi þess. Það er mjög skýrt í lögum um erfðabreyttar lífverur að markaðsleyfi á ekki við um starfsemi fyrirtækisins, þar sem erfðabreytt bygg fyrirtækisins er ekki ætlað til sölu.

Það DNA sem notað er í erfðatækni er á engan hátt frábrugðið öðru DNA. Við erum sífellt að borða erfðaefni, það er að finna í öllum lífverum og vörum sem unnar eru úr þeim. Gen okkar breytast ekki við að neyta utanaðkomandi erfðaefnis. Í einu epli eru þúsundir milljarða gena. Samt breytumst við ekki í eplatré við að borða epli. Íslenskar kýr hafa heldur ekki stökkbreyst við að éta fóður úr erfðabreyttu soja sem hefur lengi verið undirstaðan í innfluttu kjarnfóðri.

**Fjarstæðukenndur málflutningur**

Náttúran er full af erfðaefni úr hinum ýmsu lífverum og það er fjarstæðukennt að halda því fram að erfðaefni úr plöntum og dýrum mengi grunnvatn og jarðveg. Sömu sögu má segja um fullyrðingar um að neysla dýra á erfðabreyttum afurðum leiði til tjóns á líffærum og að fiskistofnum við Ísland stafi jafnvel hætta af starfsemi ORF Líftækni! Sem dæmi um hversu fjarstæðukenndar slíkar fullyrðingar eru má vitna í vísindagrein sem Sandra fjallar sjálf um í grein sinni (P. Chainark og fleiri 2008. Fisheries Science 74: 380-390). Höfundar greinarinnar notuðu mjög næma aðferð til að greina leifar af DNA úr erfðabreyttu soja í regnbogasilungi sem fékk fóður sem innihélt erfðabreytt soja. Sandra nefnir hins ekki að þegar fiskarnir höfðu fengið óerfðabreytt fóður í fimm daga, var ekki unnt að greina neinar leifar af erfðaefni úr erfðabreyttu soja í þeim. Niðurstaða höfunda er einmitt að erfðaefni úr fóðrinu hafi ekki tekið sér bólfestu í fiskinum, sem er þveröfugt við þá ályktun sem Sandra kýs að draga. Hún gleymir líka að segja frá því að með sömu aðferð fundust merki um erfðaefni úr sojaplöntum í fiskum sem aðeins höfðu fengið fóður með óerfðabreyttu soja. Það heldur því samt vonandi enginn fram í fullri alvöru að dýr sem lifa á plöntum, taki upp gen þeirra og breytist í einhvers konar dýraplöntur.

**Byggið ekki ætlað til manneldis**

Það er heldur enginn eðlismunur á próteinum eftir því hvort þau eru mynduð í erfðabreyttum eða óerfðabreyttum lífverum. Þau sérvirku prótein sem ORF Líftækni framleiðir í fræi erfðabreytts byggs er m.a. að finna í öllu kjöti og í mjólk. Í byggfræi hafa þau enga virkni. Erfðabreytt bygg ORF Líftækni er hvorki ætlað til manneldis né fóðurs og þau prótein sem erfðabreytt bygg fyrirtækisins myndar í fræi, skapa enga hættu í lífríkinu fremur en að fólki stafar hætta af því að neyta fjölbreyttra próteina í nánast allri fæðu.

**Erfðatæknin er mikilvæg**

Erfðatæknin býður upp á mikla möguleika, m.a. við að auka matvælaframleiðslu og matvælaöryggi á jörðinni og bjarga mannslífum. Hún er m.a. notuð í nánast öllum læknisfræðilegum rannsóknum og lyfjaþróun í dag og við framleiðslu margs konar matvæla. Erfðatækni er ekki hafin yfir gagnrýni, fremur en önnur tækni. Það er þó eðlilegt að gera þá kröfu að umræður um hagnýtingu hennar fari fram á málefnalegum og vísindalegum forsendum en felist ekki í hræðsluáróðri.




# tímamót

timamot@frettabladid.is



52 **ANDREA BOCELLI** söngvari er 52 ára í dag

*„Þú getur aðeins orðið frábær ef það eru örlög þín.“*



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigurlaug Guðmundsdóttir**

Borgarholtsbraut 16, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð fimmtudaginn 16. september. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 24. september kl. 13.00.

**Arndís Lilja Albertsdóttir** **Egill Jón Sigurðsson**
**Hallur Albertsson** **Svanhildur Guðmundsdóttir**
**Viktor Þórir Albertsson** **Leonice Maria Martin**
**Sólrún Albertsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Kristinn Kristmundsson frá Kaldbak,**

fyrrverandi skólameistari Menntaskólans að Laugarvatni, Safamýri 73, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Skálholtskirkju laugardaginn 2. október kl. 14.00. Jarðsett verður á Laugarvatni. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarsjóð Kristins og Rannveigar í vörslu Menntaskólans að Laugarvatni. Markmið sjóðsins er að styrkja efnilega nemendur Menntaskólans að Laugarvatni til frekara náms. Reikningsnr. 0130-05-578537, kt. 630807-1070.

**Rannveig Pálsdóttir**
**Ari Páll Kristinsson** **Sigrún Þorgeirsdóttir**
**Kristrún Kristinsdóttir**
**Sigurður Kristinsson** **Guðfinna Hallgrímsdóttir**
**Jónína Guðrún Kristinsdóttir** **Jóhann Friðrik Valdimarsson**
**og barnabörn**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Ingva Einars Guðmundssonar**

húsasmíðameistara, Berjavöllum 6, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heimahlynningar LSH fyrir frábæra umönnun og einstaklega hlýja nærveru í veikindum hans.

**Halldóra Guðmunda Jafetsdóttir**
**Sigríður Guðný Ingvadóttir** **David L. Walters**
**Einar Ingvason** **Guðríður Sigurðardóttir**
**Jafet Egill Ingvason** **Hrönn Pétursdóttir**
**Baldur Ingvason**
**Inga Dóra Ingvadóttir** **Gunnar Þór Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Kærar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur vinarhug við andlát og útför bróður okkar,*

**Jónasar Þórhallssonar**

*bónda, Stóra Hamri, Eyjafjarðarsveit.*

Sérstakar þakkir til starfsfólksins í Asparhlíð fyrir einstök samskipti, alúð og hlýju.

**Systkini hins látna og fjölskyldur.**

LESHRINGUR UM KVENNABÓKMENNTIR: HEFUR VERIÐ AÐ STÖRFUM Í 30 ÁR

# Hafa enga tölu á fjölda bóka

Haustið 1980 sat hópur kvenna tíma í kvennabókmenntum hjá Helgu Kress í Háskóla Íslands. Þetta var fyrsti hópurinn sem hún kenndi feminíska bókmenntarýni og hefur hann haldið saman allar götur síðan, eða í þrjátíu ár.

„Veturinn hjá Helgu vakti svo mikinn áhuga okkar að við ákváðum að stofna leshring um kvennabókmenntir vorið 1981,“ segir íslenskufræðingurinn Ragnheiður Margrét Guðmundsdóttir, sem er ein af ellefu meðlimum leshringsins. Þar eru bækur eftir konur eingöngu á dagskrá enda er það skilgreiningin á kvennabókmenntum. Konurnar hittast að jafnaði einu sinni í mánuði og eru þá yfirleitt búnar að lesa eina bók.

„Í fyrstu lásum við aðallega teóríu en síðan hefur valið breyst mikið og nú reynum við oftast að lesa nýútkomnar bækur. Við lesum mest eftir íslenska höfunda þó erlendir slæðist með,“ útskýrir Ragnheiður. Hún segir af nægu að taka og að konurnar taki fyrir jafnt skáldsögur, ævisögur, endurminningarbækur og ljóðabækur. Hún segir aldrei neina togstreitu um hvað eigi að lesa og að alltaf sé komist að samkomulagi. „Við erum orðnar svo samstilltar og góðar vinkonur eftir öll þessi ár.“ Ragnheiður segir hópinn oftast reyna að halda sig við þá bók sem til umræðu er á fundum og að stundum séu lesnir upp áhugaverðir kaflar. Hún segir þó að vitanlega sé farið út fyrir efnið og rætt um daginn og veginn inn á milli. „Við erum þó alltaf með feminísk gleraugu og skoðum verkin í því ljósi.“

Ragnheiður segir margt hafa breyst á þrjátíu árum og rifjar upp hvernig hópnum var tekið í fyrstu. „Í árdaga leshringsins birtist viðtal við okkur í Þjóðviljanum undir yfirskriftinni „Hrollur fer um karlveldið“ enda þóttu þessi fræði heldur ógnandi í þá daga. Í dag stendur ekki nokkrum manni ógn af okkur sem sýnir hversu margt hefur breyst.“

Konurnar í hópnum eru á öllum aldri. Þær yngstu eru um fimmtugt en aldursforsetinn, kennarinn Rannveig Löve, er níræð. „Hún var um sextugt og nýorðin ekkja þegar hún settist aftur á skólabekk með okkur og væri hópurinn ekki samur án hennar enda er hún svo fróð um alla hluti. Hún fór með okkur í menningarferð til Parísar þegar við héldum upp á 25 ára afmælið okkar og var ferðin einn af hápunktum okkar hingað til.“

Ragnheiður hefur enga tölu á þeim bókum sem leshringurinn hefur fjallað um. „Einhvern tímann héldum við fundargerðarbók þar sem við skráðum bækurnar niður. Hún týndist í mörg ár en fannst aftur þegar ein okkar fór að taka til í geymslunni. Í dag hef ég ekki hugmynd um hvar hún er.“

vera@frettabladid.is



**HAFA HIST EINU SINNI Í MÁNUÐI Í 30 ÁR** Síðasta bókin sem hópurinn tók fyrir var Síðdegi, níunda ljóðabók Vilborgar Dagbjartsdóttur. Ragnheiður er fyrir miðju. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



*Innilegar þakkir til ykkar allra sem hafið sýnt okkur samúð, hlýhug, vináttu og hjálpsemi við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Kristjáns Friðrikssonar,**

húsasmíðameistara, Torfufelli 48, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki í dagvistun Sjálfsbjargar í Hátúni og starfsfólki líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir góða umönnun, stuðning og hlýju.

**Concordía Konráðsdóttir og fjölskylda.**



*Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,*

**Þuríður Sveinsdóttir**

Dvalarheimilinu Grund, áður Skúlagötu 70, Reykjavík,

sem lést miðvikudaginn 15. september 2010, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 23. september kl 13.
Þeir, sem vilja minnast hennar, eru beðnir að láta góðgerða- og líknarfélög njóta þess.

**Hörður Einarsson** **Steinunn H. Yngvadóttir**
**Edda Einarsdóttir** **Einar Már Magnússon**
**Kristín Einarsdóttir**
**Sveinn H. Geirsson**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Anna Gunnlaugsdóttir**

Hjúkrunarheimilinu Sóltúni áður að Tjarnargötu 10a

lést laugardaginn 18. september sl. Útförin fer fram mánudaginn 27. september kl. 11 í Neskirkju.

**Steinunn Halldórsdóttir, Elías Kristjánsson, tengdadætur, ömmu-, langömmu- og langalangömmubörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, systir og tengdadóttir,*

**Þóranna Sigríður Jósafatsdóttir**

Dalseli 9, Reykjavík,

sem lést á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut þann 14. september sl., verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju föstudaginn 24. september kl. 13.00.

**Jónsteinn Jónsson**
**Elvar Freyr Jónsteinsson** **Rebekka Lea Te Maiharoa**
**Grétar Jósafat Jónsteinsson**
**Jón Ingiberg Jónsteinsson** **Viktoría Sigurgeirsdóttir**
**barnabörn, systkini og tengdamóðir.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

GL GRANÍT OG LEGSTEINAR

Frí áletrun

Fallegir legsteinar á einstöku verði



Gjótuhrauni 8, 220 Hafnarfirði Sími: 571 0400, legsteinar@gmail.com



**Jólaljósin í París** eru engu lík og þykir fátt rómantískara en að ganga um borgina með elskhuganum í desember. Ef stefnan er tekin á rómantíska jólaferð er ekki seinna vænna en að fara að líta í kringum sig eftir ferðum.


;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ



Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447



**Blöndunartæki**
fyrir heita potta 52 l./mín.
Mjög afkastamikið tæki.
Hringás
Hringás ehf - Skemmuvegur 10 (blá gata) - 200 Kópavogur - Sími: 567 1330

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki
12 kg
Þvottavél og þurrkari
· Tekur 12 Kg · Hljóðlát
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Sparneytin
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Prjónakjólar
einlitir
og munstraðir
Kíkið á heimsíðuna okkar www.rita.is
Ríta
www.rita.is
Bæjarlind 6 • Eddufelli 2
Sími 554-7030 Sími 557-1730
Opnum kl. 10:00 alla daga nema sunnudaga


Grænlenskir grunnskólakrakkar læra sund á Íslandi gegnum KALAK, vinafélag landanna tveggja.



# Læra sund á Íslandi

Vinafélag Grænlands og Íslands, KALAK, var stofnað árið 1992 með það að markmiði að efla samskipti milli landanna, einkum á sviði félags- og menningarmála. Í nokkur ár hefur KALAK boðið grænlenskum grunnskólakrökkum í tveggja vikna heimsókn til Íslands. Skúli Pálsson, gjaldkeri félagsins, hefur haldið utan um dagskrá hópsins.


;Á FERÐINNI | 3



Jeppadekk & heilsársdekk fyrir fólksbíla
Á RUGL-VERÐI AÐEINS Í NOKKRA DAGA!!!
Komdu núna og fáðu
**fría vetrarskoðun** í leiðinni!
DEKK · RAFGEYMAR · BREMSUKLOSSAR · SMURÞJÓNUSTA
PERUR · RÚÐUÞURKUR · ALÞRIF & TEFLONBÓN · SÆKJUM OG SKILUM
Allt á einum stað!
BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins

**Farsímanotandi** sem hringir frá Íslandi í notanda með íslenskt númer í útlöndum greiðir samkvæmt innanlandsgjaldskrá síns fjarskiptafyrirtækis en móttakandi símtalsins greiðir samkvæmt útlandagjaldskrá síns fjarskiptafyrirtækis. Farsímanotandi í útlöndum greiðir því bæði fyrir þau símtöl sem hann hringir og þau símtöl sem honum berast. Gjaldið er þó lægra fyrir móttekin símtöl.





NÝ VERSLUN
NÝ SENDING
MYBC
SKIPHOLTI 29b • SÍMI 551 0770



ROSALEGA FLOTTAR MITTISBUXUR

teg. MAJA - glæsilegar í hvítu og svörtu í stærðum S,M,L,XL á kr. 2.990,-

teg. SARA - flottar í hvítu og svörtu í stærðum S,M,L,XL á kr. 2.990,-

teg. SARA - flottar í hvítu og svörtu í stærðum S,M,L,XL á kr. 2.990,-
Misty -fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 2070
Sími 551 3366.
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur




„Við keyptum bæði blá og rauð hjól með mismunandi stillingum fyrir kynin en erum svo með marga lágvaxna karla og margar hávaxnar stúlkur að þetta er allt farið í rugl," segir Stefán Hrafn með bros á vör. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Starfsfólk Skýrr skutlast á reiðhjólum milli húsa

**Fyrirtækið Skýrr festi kaup á tíu hjólum nýlega svo starfsfólkið geti skottast á þeim um Ármúlann og nágrenni. Jafnmargir hjálmar fylgdu með. Stefán Hrafn Hagalín markaðsstjóri veit meira.**

„Við erum í tveimur húsum hér í Ármúlanum, númer 2 og 7 og starfsfólkið á tíðar ferðir milli þeirra. Þess vegna keyptum við tíu hjól sem það getur gripið til þegar það þarf að skreppa á fund í hinu húsinu, skjótast út í sjoppu eða sinna erindum í nágrenninu," segir Stefán Hrafn Hagalín, markaðsstjóri Skýrr, og sýnir nokkur sterkleg hjól með þremur gírum og körfu framan á. Þau eru dönsk og heita Bronco. „Fólk er búið að komast að því að karfan passar fyrir fartölvur og líka bjórkippu á tyllidögum," segir hann og bætir við. „Það er mjög danskt að hjóla um hverfið með bjórkippu í körfunni!"

Stefán segir tilboða hafa verið leitað áður en hjólin voru keypt og niðurstaðan hafi verið sú að versla hjá Markinu. Keypt voru bæði blá og rauð hjól með mismunandi stillingum fyrir stráka og stelpur. „En við erum með svo marga lágvaxna karla og margar hávaxnar stúlkur að þetta er allt farið í rugl svo hér hjóla konur og karlmenn á rauðum og bláum hjólum í bland!" segir Stefán hlæjandi. „Við fengum hjálma samtímis hjólunum og flestir nota þá en þó er alltaf eitt og eitt þrjóskudýr innan um sem hjólar með húfu. Svo voru keyptar regnslár og regnhlífar fyrir þá sem vilja heldur ganga."

> „Við fengum hjálma samtímis hjólunum og flestir nota þá en þó er alltaf eitt og eitt þrjóskudýr innan um sem hjólar með húfu"

Hjá Skýrr vinna 350 manns og utan við húsin tvö í Ármúlanum eru tugir hjóla sem eru í eigu starfsfólksins. „Við höfum verið virk í átakinu „Hjólað í vinnuna" í nokkur ár," útskýrir Stefán. „Ármúli er miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu þannig að flestir búa í heppilegri fjarlægð frá vinnustaðnum til að geta hjólað þangað og stígar og aðstaða fyrir hjólreiðafólk fer líka batnandi. Við höfum svo komið upp sturtum hér í fyrirtækinu því ef fólk er með vindinn í fangið alla leið í vinnuna hefur það þörf fyrir að skola af sér," segir Stefán. Hann segir áhuga á hreyfingu almennan í fyrirtækinu, þar séu íþróttaklúbbar sem snúist um fótbolta, badminton, körfubolta, hjól og fjallgöngur. „Hér er gönguhópur sem fer á eitt fjall á viku og fótbolti er spilaður þrisvar í viku," segir hann. „Þetta er sprækt starfsfólk."

*gun@frettabladid.is*




af öllum borðdúkum
fram yfir helgi
Lín DESIGN
Lín Design Laugavegi 176 | Sími 533 2220 | www.lindesign.is



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki







Eldofninn, Bústaðavegi • sími 533 1313 • eldofninn.is




Málþing um víkinga og víkingaímyndina verður haldið á föstudaginn í Öskju, Náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands, sal 12, klukkan 13 til 17. Sjö fyrirlesarar fjalla um efnið frá ólíkum sjónarhornum.

www.ferdamalastofa.is


Krakkarnir njóta sín í sundlauginni þar sem þeir læra sundtökin og bregða á leik með tilheyrandi skvettugangi.


Skúli segir grænlensku krakkana mynda ótrúleg tengsl við íslenska jafnaldra sína þó að hvorugur hópurinn tali mál hins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Framhald af forsíðu

„Við tökum á móti hópnum en félagið borgar undir þau flug, gistingu og mat. Þau stoppa í tvær vikur og dagskráin hefst með því að þau drífa sig í sundtíma klukkan 8 á morgnana í Salalaug,“ útskýrir Skúli en sundkennslan er stærsti hluti ferðarinnar. Eftir sundtímann er hópnum skipt upp og krakkarnir starfa með nemendum á sínum aldri í Hörðuvallaskóla og Smáraskóla fram yfir hádegi en þá fara þeir aftur í sundtíma.

„Það er mikil sæla með þessar ferðir bæði á Grænlandi og hér. Krakkarnir koma frá sex þorpum af austurströnd Grænlands, öllum þorpunum nema því stærsta. Þetta er allur árgangurinn, fæddur 1999. Þeir skilja ekki annað tungumál en sitt eigið, en það virðist ekki skipta máli, þeir ná ótrúlegum tengslum við íslensku krakkana sem er gaman að sjá.“

Skúli segir þorpin á austurströnd Grænlands mjög afskekkt. Engir vegir séu til eða frá bæjunum og íbúar lifi einföldu og einangruðu lífi. Mörg barnanna hafi aldrei komið út fyrir bæinn sinn, hvað þá út fyrir landsteinana. „Í þessum ferðum kynnast þau því líka milli þorpa og við vonumst til að þegar þau eldist eigi þau tengsl við sína jafnaldra í hópnum og líka við íslenska vini sína.“

KALAK er einnig í samstarfi við skákfélagið Hrókinn sem hefur kennt skák í skólum á Grænlandi. Stefnt er að því að það verði árlegt. „Skákkennslan gerir mikla lukku. Það er ekki mikið að gerast í þorpunum fyrir krakkana.“

Sá hópur sem staddur er hér þessa dagana er fimmti hópurinn sem kemur hingað á vegum KALAK. Verkefnið hefur notið styrks frá Alþingi undanfarin ár. Eins hefur Kópavogsbær stutt verkefnið svo og Flugfélag Íslands. Skúli segir þó óvíst um framhaldið þar sem framlög Alþingis hafi verið skorin niður.

„Framlagið minnkaði um þriðjung í ár og svo veit maður ekki hvað verður næsta ár. Það er synd þar sem þetta gerir mikið fyrir börnin.“ *heida@frettabladid.is*


Hamborg er norðarlega í Þýskalandi og liggur við ána Saxelfi.

# Fleiri þýskir áfangastaðir

**Icelandair hefur beint áætlanaflug til Hamborgar næsta sumar. Þýskir sumaráfangastaðir flugfélagsins verða þar með fimm.**


Einn þekktasti Hamborgarinn er líklega Karl Lagerfeld tískuhönnuður.

Næsta sumar munu ferðalangar sem fljúga með Icelandair til Þýskalands geta valið um fimm áfangastaði í Þýskalandi en ákveðið hefur verið að hefja áætlunarflug til Hamborgar frá og með 3. júní.

Flogið verður á þriðjudögum og föstudögum, yfir allan sumartímann en aðrir áfangastaðir Icelandair í Þýskalandi yfir sumartímann eru Frankfurt, München, Berlín og Düsseldorf.

Hamborg er næststærsta borg Þýskalands og jafnframt stærsta hafnarborg landsins. Borgin þykir skemmtileg og falleg en Hamborg er einkum þekkt fyrir sínar óteljandi brýr, um 2.500 talsins og slær þar með Feneyjum, Amsterdam og London, samanlagt við. *- jma*


Rafstilling ehf
Startarar Alternatorar
Viðgerðarþjónusta Varahlutir
Flottar og ódýrar bílaperur
Heimilis LED perur white og warm white
Dugguvogi 23 rafstilling@rafstilling.is 581-4991

Geymsluhillur – fyrir alla muni
Hilludagar í september
Hillur fyrir lagera, fiskvinnslur, iðnfyrirtæki, skjalageymslur, dekkjageymslur, bílageymslur og „dóta“-geymslur
• auðvelt að smella saman
• þola mikið álag
20% afsláttur
RÝMI
Skemmuvegur 6 • Blá gata • Kópavogur
Sími 511 1100
Skoðaðu nánar á – www.rymi.is

HLEÐSLUTÆKI
Passaðu vel uppá rafgeyminn í vetur.
NÝTT!! 12V 7A
12V 4A
12V 0,8A
SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
TUDOR
Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

GÁSKI
SJÚKRAÞJÁLFUN
Tilboð
í líkamsrækt
fyrir eldri borgara
3.500 kr.
fyrir 10 skipta kort
Sjúkraþjálfarar á staðnum
Gáski sjúkraþjálfun er til húsa á eftirfarandi stöðum:
Bolholti 8, Reykjavík
Þönglabakka 1, Reykjavík
Sími 568 9009
gaski@gaski.is
www.gaski.is

Geymslu- og dekkjahillur
í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið
kr.15.990.- viðbótareining kr. 11.357.-
Þessar hillur geta allir sett saman
Skrúfufrítt og smellt saman
Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609
KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS
OPIÐ 08:00 - 17:00

**Dýrahjálp Íslands** er félag sjálfboðaliða sem leitast við að sjá dýrum sem þarfnast heimilis fyrir skjóli. Sem stendur eru þréttán hundar, sextíu og fimm kettir, fimm kanínur og einn naggrís í heimilisleit. Sjá nánar á www.dyrahjalp.is





„Stærsta minnsta búð landsins!“




10 ár á Íslandi
BOZITA
ROBUR
HÁGÆÐA SÆNSKT HUNDAFÓÐUR
Stöðugt fleiri velja **ROBUR** fyrir hundana sína. Uppistaðan í **ROBUR** er kjúklingur, hrísgrjón, dýrafita, kartöfluprótein, eggjaduft, steinefni, maís- og fiskimjöl og ýmiss vítamín. **ROBUR** inniheldur einnig fæðubótarefnið MacroGard® sem styrkir og byggir upp ofnæmiskerfi unghunda og viðheldur því hjá fullvaxta einstaklingum. **ROBUR** er ríkt af omega-3 og omega-6 fitusýrum sem stuðla að heilbrigðri húð og gljáandi feldi.
**ROBUR** er glúten-frítt fóður (inniheldur ekki unnið hveiti).
Frí heimsending á Stór-Reykjavíkursvæðinu
30/15 30/14 27/15 23/13
20/10 33/20 22/16 19/07

8 tegundir á lager
sími: 845 3090 - www.robur.is
**Umboðsmenn:** Reykjanesi, Ísafirði, Akureyri, Húsavík og Neskaupstað



Heiðrún Villa Ingudóttir hundaatferlisfræðingur með hundinum Tuma sem er af papillon-kyni og í eigu góðvinkonu hennar og ljósmyndara myndarinnar. MYND/HELGA HRÖNN ÓLADÓTTIR

# Ekki klappa hundinum!

**Æ fleiri Íslendingar fá sér hund sem gæludýr en hundahaldi fylgir mikil ábyrgð. Heiðrún Villa Ingudóttir hundaatferlisfræðingur segir mikilvægt að eigendur læri að skilja hund sinn til að fyrirbyggja bit.**

Heiðrún Villa rekur hundaráðgjöf og gæludýraverslunina Sappo á Akureyri. Hún segir mikilvægt að standa kyrr, snúa sér undan og setja hendur á brjóst mæti fólk lausum hundi sem hleypur upp að því eða upp á það, því án athygli séu hundar fljótari að fara.

„Árásargirni hunds fer bæði eftir geðslagi hans og þjálfun. Ábyrgur eigandi fyrirbyggir eins og kostur er að hundur sinn sleppi og tekur enga sénsa. Slíkt er alfarið á ábyrgð hundaeigandans, sem og að leita sér hjálpar með dýrið um leið og hann finnur að hundurinn glefsar, því slíkt endar oft með biti,“ segir Heiðrún sem hefur áratuga reynslu af þjálfun hunda.

„Ef hundur bítur þarf annaðhvort að lóga honum eða koma í meðferð þar sem hann er þjálfaður upp á nýtt. Því miður eru fæstir hundaeigendur tilbúnir í slíka vinnu og þyrfti að vera til betrunarskóli fyrir hunda sem hafa bitið, en þeir eru í 99% tilfella misskildir en ekki grimmir að upplagi,“ segir Heiðrún sem sjálf á þrjá hunda.

„Ef maður lærir inn á hundinn sinn, hvernig hann hugsar og er í skapinu, er hægt að fyrirbyggja bit. Hundum finnst til dæmis ekki gott að láta knúsa sig eins og börn gera gjarnan, því slík snerting er þeim beinlínis ógn og algengt að hundur urri, glefsi eða bíti barn sem hann þekkir ekki. Hundar kæra sig því ekki um snertingu í andlit og í raun mikil áhætta að fara svo nærri hundum því þeir treysta ekki ókunnugum að koma svo ógnandi inn á sitt svæði. Þá er þeim ógnun að hönd sé veifað fyrir ofan höfuð þeirra, en það gera börn oft þegar hundur flaðrar óvænt upp að þeim,“ segir Heiðrún sem setur sínu barni strangar reglur í umgengni við hunda.

„Það þyrfti að vera til betrunarskóli fyrir hunda sem hafa bitið, en þeir eru í 99 prósent tilfella misskildir en ekki grimmir að upplagi.“

„Sem sérfróður aðili, og hundaeigandi til margra ára, mundi ég aldrei leyfa barni mínu að klappa ókunnum hundi nema að tala við eigandann fyrst, og helst sleppa því alfarið. Ég kenni því barninu að vaða aldrei í ókunna hunda eins og börn fýsir oft að gera þegar þau sjá hunda í bandi fyrir utan verslanir,“ segir Heiðrún og útskýrir að hundar séu af úlfakyni, en búið sé að bæla rándýrseðli þeirra flestra í dag.

„Hversu grunnt er á rándýrseðlinu veltur á geðslagi hvers og eins, en langoftast verða hundsbit vegna vanþekkingar eigandans á hundi sínum. Þá hefur hann leyft hundinum að fara yfir strikið án þess að gera neitt í því og ekki kunnað að lesa í táknin sem svo hefur endað illa. Því er mikilvægt að fólk kunni að lesa í líkamstjáningu hunda svo koma megi í veg fyrir alvarleg slys,“ segir Heiðrún sem í nóvember gefur út diskinn „Auðveld leið til árangurs – Hundaþjálfun fyrir alla hundaeigendur“ þar sem blandast saman kennsla á lausnum við algengum hegðunarvandamálum og fræðsla um atferli hunda. Á næsta ári koma svo diskar um hunda og börn, og uppeldi hvolpa.

„Hundaeign fer vaxandi hérlendis og í takti við hana lausaganga hunda sem er ólögleg. Því þurfa yfirvöld að auka þjónustu við hundaeigendur og fjölga hundasvæðum líkt og verið hefur gert í nágrannalöndum, en aðeins þannig næst sátt milli hundaeigenda og útivistarfólks sem vill ekki mæta lausum hundum á göngustígum með fjölskyldu sinni. Þá þarf að kenna fólki að umgangast hunda á réttan hátt, sem og börnum að láta hunda í friði. Hundar nota trýnið til að kynnast nýju fólki og við þurfum að leyfa þeim að þefa af okkur áður en við tölum við þá eða klöppum þeim.“ *thordis@frettabladid.is*

# Lausir hundar geta bitið fast

**Mannabit tróna á toppi bitsára á bráðadeild LSH í Fossvogi, en dýrabit eru þar einnig algeng.**

„Það er ein meginregla sem aðstandendur barna skyldu ávallt hafa hugfasta, og það er að leyfa börnum aldrei að vera ein og eftirlitslaus með hundi, né leyfa þeim að leika sér að því að klappa hundum því reynslan sýnir að það er aldrei að vita hvernig dýrið bregst við. Lítil börn kunna sér ekki takmörk, meiða kannski hundinn með ákafa sínum og elta, en þá getur hundurinn fljótt farið í vörn og bitið barnið,“ segir Elísabet Benedikz, yfirlæknir bráðalækninga LSH í Fossvogi, innt eftir algengi bitsára af völdum hunda og annarra gæludýra hérlendis.



Elísabet Benedikz yfirlæknir á bráðadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss í Fossvogi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Hundsbit sjáum við reglulega á bráðadeildinni. Flest eru þau minni háttar á höndum og gróa af sjálfu sér, en öðru hverju sjáum við verri bit og ljótari áverka eftir stóra hunda. Þá hafa sterkir skoltar náð að rífa flipa eða jafnvel stærri bita úr andliti, en ör eftir slíka árás vara oft ævilangt,“ segir Elísabet sem í starfi læknis við slíkar aðstæður veitir sárameðferð, sárasaum og lyfjagjöf eftir atvikum.

„Allir sem bitnir eru til blóðs af dýrum eða mönnum eiga hiklaust að láta lækni skoða áverkann því sýkingarhætta er mikil samfara bitsárum. Þá er gefin fyrirbyggjandi sýklalyfjagjöf því sýking sem nær að hreiðra um sig veit ekki á gott,“ segir Elísabet og bætir við að kattarbit séu einnig algeng á bráðadeild Landspítalans.

„Kattarbit er öllu verra en hundsbit því bakteríuflóra katta er mönnum mun skaðlegri. Verst eru þó mannabit sem við sjáum langmest af hér á bráðadeildinni eftir slagsmál og fyllerí um helgar, en einnig kemur hingað fólk sem hamstrar og minni gæludýr hafa bitið, sem og hestar, en þær skepnur hafa afar sterka kjálka þótt tennur þeirra séu ekki skarpar, og geta brotið handarbein með kröftugu biti sínu,“ segir Elísabet sem vill sjá meira eftirlit með lausagangi hunda. „Langflest bit verða í heimahúsum, en hingað hafa komið þónokkur tilfelli þar sem stórir hundar í lausagangi hafa ráðist fyrirvaralaust á fólk og bitið mjög illa. Ábyrgðin er þó fyrst og fremst eigendanna að gæta hunda sinna betur.“ *- þlg*

ALLT
TÍSKA
Fimmtudaga
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is
sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is
sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is
sími 512 5447

# októberfest

MIÐVIKUDAGUR 22. SEPTEMBER 2010

## Spennandi nýjungar

**Aðstandendur Októberfest bjóða upp á ýmsar áhugaverðar uppákomur í ár.** SÍÐA 2





Jens Fjalar Skaptason, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands, reiknar með að allt að tvö þúsund manns sæki Októberfest við Háskóla Íslands í ár. MYND/JÓN JÚLÍUS KARLSSON

# Fínu skórnir verða heima

**Jens Fjalar Skaptason er formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands þetta starfsárið en ráðið hefur haldið utan um skipulagningu Októberfest síðustu árin.**

*Hvers vegna er hátíðin haldin á vegum Stúdentaráðs?*

„Októberfest á Íslandi var upphaflega haldin af stúdentum í þýskudeild Háskóla Íslands fyrir sjö árum. Til að byrja með var hátíðin mun smærri í sniðum þar sem aðeins þýskunemar og vinir þeirra komu saman og teyguðu mjöðinn. Hins vegar var hróður hátíðarinnar ekki lengi að berast meðal stúdenta og stækkaði hátíðin ört næstu árin. Risatjaldið sem nú hýsir bjórþyrsta háskólastúdenta var fyrst tekið í notkun árið 2005 og var þá fjöldinn með svipuðu móti og núna. Þegar það kom svo að útskriftardögum þeirra þýskunema sem áttu frumkvæðið að hátíðinni komu þeir til Stúdentaráðs og buðu okkur að taka hátíðina upp á okkar arma. Síðan þá hefur Októberfest verið stærsti skipulagði félagslífsviðburður námsársins á vegum Stúdentaráðs og leggjum við mikið kapp á að gera hátíðina sem glæsilegasta fyrir stúdenta."

*Hefur hátíðin alltaf verið svona fjölmenn?*

„Nei, hún hefur svo sannarlega stækkað við sig síðan hún hófst árið 2003. Það er stórt skref frá því að vera hátíð lítillar deildar við Háskólann yfir í að verða langstærsti og vinsælasti viðburður í félagslífi stúdenta við Háskóla Íslands. Núna í ár mun hátíðin verða fjölmennari en nokkru sinni fyrr en búist er við að um tvö þúsund manns muni sækja hátíðina. Ég geri því fastlega ráð fyrir því að allir skalar skemmtanagildis, séu þeir til, muni springa um helgina!"

*Hvaða væntingar hefur þú til Októberfest í ár?*

„Ég ætla nú ekkert að skafa af hlutunum og segi eins og er, ég hef stórkostlegar væntingar til Októberfest í ár! Ekki nóg með að hátíðin verði sú stærsta og viðamesta hingað til heldur erum við með sannkallaðan stjörnufans með okkur í liði, til dæmis hljómsveitir á borð við Moses Hightower, Our Lives, Mammút, 200.000 Naglbíta og Skítamóral svo aðeins örfáar séu nefndar."

*Hefur þú einhver góð ráð til hátíðargesta í ár?*

„Helsta ráð sem ég get gefið gestum er eitthvað sem ég flaskaði á mitt fyrsta skipti á hátíðinni. Það er óðs manns æði að mæta í fína skótauinu á hátíðina, því eins og gefur að skilja er þetta alvöru Októberfest með öllu tilheyrandi. Reyrið því á ykkur sandalana, greiðið á ykkur mottuna og í guðanna bænum fáið ykkur ískaldan bjór!"

# Tvö hundruð ára bæversk hefð

Svokallaðar Októberfesthátíðir voru algengar áður fyrr í Bæjaralandi og þjónuðu þær þeim tilgangi að tæma bjórgeymslurnar áður en nýtt bruggtímabil gengi í garð.

Októberfest fagnar í ár sínum 200. afmælisdegi. Hin hefðbundna Októberfest í München var haldin í fyrsta skipti 17. október 1810. Í tilefni af brúðkaupi Ludwigs krónprins og Therese prinsessu var efnt til kappreiða á engi fyrir utan borgarmúra München, en eftir það hefur engið verið nefnt Theresienwiese, en þar er hátíðin alltaf haldin. Til að gleðja múginn ákvað bæverska konungshirðin að endurtaka kappreiðarnar á sama stað og sama tíma að ári, og þar með skapaðist hefðin fyrir Októberfest.

Þónokkrum sinnum hefur reynst nauðsynlegt að hætta við Októberfest, ýmist vegna



**Októberfest er nú árleg bjórhátíð í München, höfuðborg Bæjaralands í Þýskalandi.** NORDICPHOTOS/AFP

átaka eða farsótta. Árin sem hátíðin var ekki haldin voru: 1813 vegna Napóleonsstyrjaldanna, nokkur ár milli 1854 og 1873 vegna kólerufarsóttar, 1866 vegna prússnesk-austurríska stríðsins, 1870 vegna þýsk-franska stríðsins, 1914 til 1920 vegna heimsstyrjaldarinnar fyrri, 1923/1924 vegna óðaverðbólgu og 1939 til 1948 vegna heimsstyrjaldarinnar síðari.

Októberfest er nú orðin að árlegri bjórhátíð í München, höfuðborg Bæjaralands í Þýskalandi, og er fjölmennasta hátíð í heimi, en ár hvert sækja yfir sex milljónir gestir hátíðina heim. Á Októberfest er bjórinn í hávegum hafður og fyrir hátíðina brugga brugghúsin í München sérstakan Októberfest-bjór sem inniheldur hærra áfengismagn en hin hefðbundna framleiðsla.

Októberfest á Íslandi er haldin að fyrirmynd hátíðarinnar í München en þrátt fyrir nafn sitt er hátíðin nú haldin í septembermánuði, bæði í Þýskalandi og á Íslandi, vegna veðurs.



**Skítamórall leikur fyrir dansi á sveitaballi í miðborginni.**

## Dagskrá Októberfest 2010

Októberfest stendur yfir frá 23. til 25. september og hefur hver dagur sitt sérkenni.

**RING ROKKFEST**

Fimmtudagur klukkan 19-02.

*Heitustu rokkhljómsveitir landsins spila fyrir þyrsta stúdenta.*

**19.30** Hydrophobic Starfish
**20.00** Of Monsters and Men
**20.30** Moses Hightower
**21.00** Árstíðir
**21.30** Ourlives
**22.00** Lára Rúnars
**22.30** Benny Crespo´s Gang
**23.00** Mammút
**23.45** 200.000 Naglbítar

**OKTÓBERFEST**

Föstudagur klukkan 19-03.

*Októberfest að hefðbundnum sið, í anda hinnar árlegu hátíðar í München. Mottukeppni, búningakeppni, pretzel, öl, bratwurst, lúðrasveit og jóðlari!*

**SVEITABALL**

Laugardagur klukkan 21-03.

*Alvöru sveitaball í miðborginni þar sem hljómsveitin Skítamórall og DJ Atli munu leika fyrir dansi fram á rauða nótt.*



**MIÐASALA**

Forsala miða fer fram dagana 16.-24. september á Háskólatorgi og í Stakkahlíð milli klukkan 11.30 og 13.30. Í fyrra var uppselt í forsölu og því ekki úr vegi að næla sér í miða strax!

**Ring Rokkfest:** 1.500 krónur.
**Októberfest:** 1.900 krónur.
**Sveitaball:** 1.900 krónur.
**Armband:** 2.900 krónur. *
**Bjórkort (10 bjórar):** 4.500 krónur.**

** Armbandið veitir aðgang alla þrjá dagana. Einnig fá allir handhafar armbands bjórinn á 500 krónur í stað 600 krónur.*
*** Bjórkortin eru aðeins seld í forsölu.*

# Ring Rokkfest

● Fimmtudaginn 23. september 2010



**200.000 NAGLBÍTAR**

*Hafið þið spilað áður á Ring Rokkfest?* „Nei, aldrei gert það.“
*Hvað er það besta við að spila á Ring Rokkfest?* „Vísa í svarið hér að ofan en reikna með því að það verði mjög gaman. Stórt svið og fullt af fólki. Þá erum við bestir.“
*Hvers væntið þið af hátíðinni?* „Að allir komi til að skemmta sér og allt gangi vel svo við getum skilað af okkur topptónleikum.“
*Hverju mega hátíðargestir eiga von á frá ykkur?* „Að við leggjum okkur 130% fram og gerum allt snarbrjálað. Við ætlum að spila nýtt lag sem hefur ekki verið gefið út og síðan naglbíta-klassíkina.“
*Einhver ráð til þeirra sem hyggjast leggja leið sína á Ring Rokkfest?* „Gerið allt brjálað.“



**MOSES HIGHTOWER**

*Hafið þið spilað áður á Ring Rokkfest?* „Nei, en við hlökkum til.“
*Hvað er það besta við að spila á Ring Rokkfest?* „Við fréttum að þýski sendiherrann myndi mæta. Er eitthvað til í því?“
*Hvers væntið þið af hátíðinni?* „Góðrar kvöldstundar í hópi góðra hljómsveita og ljúfra tónleikagesta.“
*Hverju mega hátíðargestir eiga von á frá ykkur?* „Innilegri stemningu og þægilegu andrúmslofti.“
*Einhver ráð til þeirra sem hyggjast leggja leið sína á Ring Rokkfest?* „Ekki gera neitt sem við myndum ekki gera. Spyrjið ef þið eruð í vafa.“



**BENNY CRESPO'S GANG**

*Hafið þið spilað áður á Ring Rokkfest?* „Nei, aldrei.“
*Hvað er það besta við að spila á Ring Rokkfest?* „Hópurinn sem mætir á tónleikana, klárlega eitt besta gigg ársins.“
*Hvers væntið þið af hátíðinni?* „Væntingar? Við erum alveg viss um að þetta verði gott kvöld.“
*Hverju mega hátíðargestir eiga von á frá ykkur?* „Kraftmiklu rokkhljóðgervla-brjálæði.“
*Einhver ráð til þeirra sem hyggjast leggja leið sína á Ring Rokkfest?* „Fáið ykkur eitthvað létt að borða fyrir kvöldið svo bjórinn fari sem best í maga.“



Andri Geirsson, Einar Benedikt Sigurðsson og Tindur Óli Jensson hafa skipulagt Októberfest undanfarin ár í samstarfi við Stúdentaráð Háskóla Íslands. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Allt öðruvísi upplifun

**Félagarnir Andri Geirsson, Einar Benedikt Sigurðsson og Tindur Jensson reka fyrirtækið AM Events sem sérhæfir sig í viðburðastjórnun. Þeir hafa haft veg og vanda af skipulagningu Októberfest undanfarin ár í samstarfi við Stúdentaráð Háskóla Íslands.**

*Hvernig hefur undirbúningur fyrir Októberfest gengið?*

**Andri:** „Undirbúningurinn hefur gengið mjög vel þrátt fyrir smá hindrunarhlaup. Það kemur alltaf eitthvað upp á þegar svona stór viðburður er í skipulagningu en það er ótrúlegt hvernig allt virðist reddast á Íslandi þegar allir leggjast á eitt.“

**Tinni:** „Það skemmtilega við skipulagningu svona stórra viðburða er að sama hversu oft þú hefur haldið utan um hlutina þá koma alltaf upp nýjar og ferskar „áskoranir“ sem gera þessa vinnu svona rosalega skemmtilega.“



Lúðrasveit verkalýðsins mætir til leiks á Októberfest í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

*Verða einhverjar nýjungar frá því í fyrra?*

**Andri:** „Við reynum eftir fremsta megni að gera eitthvað nýtt á hverju ári þegar Októberfest kemur. Áherslan er lögð á að gera þessa hátíð ennþá þýskari og ná meiri svona karnivalstemningu. Stolt þessa árs er án efa að Ring Rokkfest verður streymt yfir Netið og allir tónleikarnir teknir upp.“

**Tinni:** „Já, með hverju ári stækkar hátíðin sífellt meira þannig að við verðum náttúrulega alltaf að bregðast við aukinni aðsókn. Í ár verðum við með þrjú stór tjöld, þar á meðal sér veitingatjald þar sem fólk getur bragðað á þýsku góðgæti eins og bratwurst með taffel-sinnepi og súrkáli, auk þess ætlum við að bæta ljós og hljóð til þess að gera skemmtanahöldin veglegri.“

*Hvers mega hátíðargestir vænta?*

**Andri:** „Upplifunar, því það er bara einu sinni á ári sem hægt er að fara á Októberfest á Íslandi og drekka í sig þýska menningu og dansa við fallega hljóma Lúðrasveitar verkalýðsins og danshljómsveitarinnar Tanzen!“

**Tinni:** „Októberfest er ótrúlega skemmtilegt „concept“ sem býður upp á eitthvað nýtt og spennandi í hið hefðbundna menningarlíf hér í Reykjavík. Skemmtanalífið hér í borg er því miður orðið að frekar mikilli rútínu þar sem lítið er um nýbreytni og því gaman að geta boðið fólki upp á eitthvað sem er allt öðruvísi.“

**Útgefandi:** Stúdentaráð Háskóla Íslands og AM Events
**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Hildur Björnsdóttir
**Heimilisfang útgefanda:** Hafnarstræti 15, 101 Reykjavík
**Símanúmer:** 588-0101 | **Vefsíða:** www.amevents.is, www.oktober.is
**Tölvupóstur:** amevents@amevents.is
**Auglýsingar:** Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is s. 512 5411

# Staðreyndir um Októberfest 2009

- Sextán þúsund bjórar voru drukknir á Októberfest í fyrra.
- Rokkfest var haldið í fyrsta skipti en 2.500 manns sóttu viðburðinn.
- Sveitaballið var einnig haldið í fyrsta sinn þar sem Skítamórall sló rækilega í gegn.
- Minnstu munaði að blása þyrfti af hátíðina vegna hættu á að tjaldið myndi fjúka.
- Tugir fílefldra karlmanna þurftu að beita öllum sínum kröftum við að halda tjaldinu á sínum stað sökum stormviðris.
- Óveðrið dró ekki á nokkurn hátt úr gleðinni og létu kátir stúdentar það ekki á sig fá.
- Vegna veðurs hefur Októberfesthátíðin í ár verið flutt fram í september líkt og gert hefur verið í München, en þaðan sækja háskólastúdentar fyrirmynd sína að hátíðinni.





Rokkfest var haldið í fyrsta sinn í fyrra. MYND/ÚR EINKASAFNI




ENNEMM / SÍA / NM43554
Oktoberfest
Ring Rokkfest
fimmtudaginn 23. september
Dagskrá Oktoberfest:
Ring Rokkfest
23. september
Oktoberfest
24. september
Sveitaball
25. september
www.facebook.com/ringjarar
AMEVENTS
SHÍ
TUBORG
LÉTTÖL

## STÚDENTAR Á OKTÓBERFEST

**Heiðrún Björk Gísladóttir, lagadeild.**



■ *Ætlar þú á Októberfest í ár?* „Klárlega!“
■ *Áttu einhverjar skemmtilegar minningar frá fyrri Októberfesthátíðum?* „Fyrsta árið sem ég fór á Októberfest var jörðin inni í tjaldinu eitt drullusvað. Það er mun skemmtilegra að hugsa til þess heldur en að upplifa það, fastur með drulluna upp að mjöðmum að reyna að nálgast barinn.“
■ *Hvað er það fyrsta sem þér dettur í hug þegar þú hugsar um Októberfest?* „Bjór!“

**Róbert Benedikt Róbertsson, hagfræðideild.**



■ *Ætlar þú á Októberfest í ár?* „Já, ég læt mig ekki vanta á viðburð ársins.“
■ *Áttu einhverjar skemmtilegar minningar frá fyrri Októberfesthátíðum?* „Já, ég á fullt af þeim og ætla klárlega að búa til fleiri.“
■ *Hvað er það fyrsta sem þér dettur í hug þegar þú hugsar um Októberfest?* „Mottan. Það er bara tvisvar á ári sem þú hefur afsökun til að safna mottu.“
■ *Einhver ráð til þeirra sem hyggjast fara í fyrsta skipti í ár?* „Vertu fyrstur inn og síðastur út.“

**Berglind Bergmann, læknadeild.**



■ *Ætlar þú á Októberfest í ár?* „Nei, því miður. Ég er svo heppin að vera í lokaprófi 28. september og ég hata lífið.“
■ *Áttu einhverjar skemmtilegar minningar frá fyrri Októberfesthátíðum?* „Já, það var þegar ég sá 14 menn mynda öfugan pýramída undir stiga þar sem á stóð íturvaxin kona og hellti bjór upp í alla. Þess má geta að þeir voru allir með skegg.“
■ *Hvað er það fyrsta sem þér dettur í hug þegar þú hugsar um Októberfest?* „Í mínum huga stendur Októberfest fyrir allt sem er glæsilegt við þybbna karlmenn.“

**Sigurður Kári Árnason, lagadeild.**



■ *Ætlar þú á Októberfest í ár?* „Já, ég er þegar kominn með armband fyrir alla dagana.“
■ *Hvað er það fyrsta sem þér dettur í hug þegar þú hugsar um Októberfest?* „Stór búsældarleg þýsk maddamma, í Októberfestbúningi með 5 stórar bjórkrúsir í hvorri hendi.“
■ *Einhver ráð til þeirra sem hyggjast fara í fyrsta skipti í ár?* „Kaupa sér armband fyrir alla dagana og gera það sem fyrst. Í fyrra seldust þau upp.“



● **MOTTU- OG BÚNINGAKEPPNIN** Hefð hefur skapast fyrir því að slá upp bæði mottu- og búningakeppni á Októberfest og verður hátíðin í ár að sjálfsögðu engin undantekning. Vegleg verðlaun eru í boði bæði fyrir þann sem mætir í best heppnaða Októberfest-búningnum en einnig þann sem þykir hafa best ræktuðu mottuna. Hátíðargestir eru því hvattir til að sýna metnað í verki og mæta vel skeggjaðir og rétt klæddir á hátíðina í ár!






HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



FORD FOCUS Station Árgerð 1999, ek. 206 þ.km, BENSÍN, 5 gírar Verð 399þ. Rnr.120508 Bíll í toppstandi alltaf vel þjónustaður. Óskum eftir bílum á staðinn og á söluskrá okkar WWW. HOFDABILAR.IS

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

ib.is
IB ehf. Selfossi

**Verkstæðisformaður óskast!**

IB ehf á Selfossi óskar eftir að ráða verkstæðisformann á bifreiðaverkstæði fyrirtækisins á Selfossi. IB ehf sérhæfir sig í innfluttningi á bílum frá USA, þjónustar þá með varahlutaþjónustu og viðgerðum. Verkstæði IB ehf er vel búið tölvum og tækjum og vinnuaðstaða er snyrtileg. Við leitum að manni með bifvélavirkjunarréttindi sem getur tekið að sér að sjá um daglegan rekstur verkstæðisins og sinn auk þess viðgerðum. Upplýsingar veitir Eyjólfur Ingvarsson í síma 480 8080

**IB ehf**
**Fossnes A, 800 Selfoss**
**Sími: 480 8080**
**Getum bætt við bílum á söluskrá**
**www.ib.is**

## Bílar til sölu



Til sölu Galant st. Ek. 138 þús. Góður og fallegur bíll. Gott staðgreiðslu verð. Uppl í síma 650 5073 og 898 8835.



Nissan Terrano árg. ,97 2,7 diesel vél. 33" dekk. V. 270 þús. S. 861 4971.



Skoda Fabia st., Árg. ,02. Ek. 81.000 Ný sk. Nýl. bremsur, kúpling. Góð vetrar og sumardekk. Ekkert áhvl. Verð. 550.000. S. 661 3245.

Toyota avensis til sölu 1999.. í sima 663 1026.

Skoda pick-up árg ,98. Ek 150 þ. Sk. Gjöld greidd út árið. V. 180 þ. S. 867 9279.

Toyota Corolla XLI 1600 ,97. Ek. 203 þús. Smurbók frá upphafi. Sk. ,11. fæst á 320 þús. staðgr. Uppl. í síma 841 0490.

## 250-499 þús.



**Tilboð 250 þ.**
VW Golf árg. ,,96 ek. 176þús nýk. 2011 Verð 280þús. Uppl. S. 659 3459.

Toyota Corolla Wagon 4WD til sölu. Árg. 98 ek. 186þ, beinsk. 5g. Nýsk. 11 án athugasemda. Ný tímareim. Verð 550 þús, tilboð 470 þús. stgr. Upplýsingar í síma 694 6950.

## 1-2 milljónir

Volvo S40 SE árg. 2002. SSK, 134.000 km, vél í toppstandi, skoðaður 2011. 1.100.000 kr. S: 849-5927

## Bílar óskast

**Corolla, Yaris eða Avensis óskast**
Árg. 1998-2002 fyrir 150-400 þúsund. Helst í góðu standi, en má þarfnast lagfæringa. Uppl. 821 2545.

**ÓSKA EFTIR BÍL Á 0-150 ÞÚS STGR!**
Óska eftir bíl á 0-150 þús stgr. má þarfnast lagfæringa s. 691 9374.

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810

**Óska eftir bíl**
Óska eftir bíl fyrir allt að 300.000- stgr. má þarfnast lagfæringa. Skoða allt. Uppl. í síma 899 3939.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vörubílar



Man 15280 Árg. ,08. Með lyftu 2.5 tonn. Upplýsingar í síma 893 2190.

## Húsbílar



FIAT DUCATO J146 2,0 TD húsbíll 2006 ek. 27 þús. til sölu. Markísa, Flatskjár, Bakkmyndavél og Viper þjófavörn. Yobai Vespa 50cc árg.2009 ek 260 km fylgir með og er hún á sérsmíðuðum palli aftaná. Fallegur og vel með farinn húsbíll. Einn eigandi frá upphafi. Verð 5.950 Þús. Upplýsingar í sima 445-3367 - ferdavagnamarkadur.is - Höfðabakka 9Höfðabakka 9



MMC L200 D-CAB CR GLS 2,5 TD pallbíll 2007 ek. 34 þús. ásamt Shadow Cruiser pallhýsi til sölu. Svefnpláss fyrir 3 í pallhýsinu. Pallýsi selst sér á 490 þús. Ísskápur og ferðasalerni í hýsinu. Lítur bæði mjög vel út að innan sem utan. Verð 3.290 þús. Upplýsingar í síma 445-3367 - ferdavagnamarkadur. is - Höfðabakka 9



Fiat Ducato 244 2.3 Disel Húsbíll til sölu. Ek. 113 þús. 6 manna, Svefnpláss fyrir 4. Markísa, Hjólagrind að aftan. Ný tímareim. Ásett verð 3.590 þús. Áhvílandi 2.740 þús. Fæst á yfirtöku láns + 500 þús. í peningum.Upplýsingar í síma 445-3367 -ferdavagnamarkadur. is - Höfðabakka 9

## Hjólhýsi

Glæsilegt Hobby 540 hjólhýsi árg. ,2010 með nýu fortjaldi lítið notað, sólarsella/ gas/matarstell o.fl. uppl: 894 0324.

## Vinnuvélar



BRAVISOL INNILYFTURNAR - PASSA INN UM 90CM HURÐARGÖT OG FARA Í 4,9m VINNUHÆÐ. DAGLEIGA AÐEINS KR. 4900.+vsk DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www.dslausnir.is

## Bátar



Til sölu þessi bátur með nýju hagfæraskírteini, b.3,52 , d.1,54, l. 10,59. Brt 12,16. Uppl. í s. 581 1979 & 861 0096 & 698 7061.

Skrúfur beint frá framleiðanda og flest annað fyrir bátinn. www.somiboats.is

## Aukahlutir í bíla




## Hjólbarðar

4 stk. 175/65 14" á álf. á 30þ. 4 stk. 235/65 17" á 40þ. 4 stk. 185/65 14" á Imprezu felgum á 25þ. 2 stk. 195/55 15" á álf. á 10 þ. 2 stk. 195/65 16" á 10 þ.4.stk ný dekk 5.30 12" á 5gata felgum á 25þ. 4 stk. 225/75 16" á 25 þ. Eitt stk. 255/55 18" á 5 þ. 4 stk. 175/70 13" á Golf álf. á 20 þ. Uppl. í s. 896 8568.

**Þarftu að láta hjólastilla bílinn?**
Við notum fullkomna hjólastillitölvu. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði.

## Varahlutir




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.







**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www. netpartar.is

Varahlutir í Baleno Wagon ,97. Vitara árg. ,97. MMC Space Wagon ,97, Kia Sephia ,99, Yaris ,00, Hatcback ,96, ,97 1600, Xli 1300 ,94, Escord ,98. Accent ,95 & ,97. Impreza ,99. Legacy ,96. Almera ,98. Carina ,97, Vento ,97, Lanos ,99, Elantra Wagon ,97 og ,99 Civic ,99. Golf ,95, Nissan ,94. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

**VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir S: 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 898 8835. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

**Japanskar Vélar Varahlutasala**
Erum að rífa MMC Pajero/Montero ,00-'05. L200/Izuzu pick up ,00-'07. Susuki Vitara/Liana/Swift ,00-'08. Hyundai Santa Fe/Tucson/Starex. ,00-'06. Nissan pickup/Almera/X-Trail ,02-'08. VW/skoda ,00-'05. Mazda/Ford ,00-'05. Kia, flestar gerðir. Chevrolet ,05-'06. Citroen C2/C3 ,02-'06. og fl. Kaupum bíla. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284. www.carparts.is

**Musso varahlutir.**
Erum að rífa Musso,Terrano,Nubiru, Lanos, Galloper, Discovery, H1,Santa Fe, Nissan DC 97, Cherokee, Trooper, Ford 250,Clio 00,Megan Scenic 98,Freelander. Kaupum bíla til niðurrifs . Musso varahlutir Kaplahrauni 9 Hafnarfirði. S.864 0984.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar




Gluggahreinsun, klæðingarhreinsun. s. 663 0000




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

TÁHREINT EHF Gluggahreinsun, Klæðningarhreinsun, Stéttarhreinsun og Djúphreinsun gólfa. s. 821 1408.

**A-Ö Þrif & Hreinlæti Sími 662 0 662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja




**Trjáklippingar**
Trjáfellingar. Snyrting á trjám og runnum og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur s. 848 1723.

**TRJÁKLIPPINGAR**
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s 848 9600

Garðyrkjufræðingurinn Hellulagnir, hleðslur, pallasmíði, skjólgirðingar, trjáfellingar, lóðahönnun. Jóhann og Mímir garðyrkjufr. S 869 1600.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. S. 896 5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald




HAMRABORG ehf
Þakpappaþjónusta
Almennar húsaviðgerðir

Sími 896 4947 Netfang: hamraborg @ simnet.is



**Tökum að okkur parketslípun**
um allt land. 15 ára reynsla í parketlögnum, parketslípun,sólpallasmíði og sólpallaslípun. Þröskuldar, slípaðir, innifaldir í verði. Sjáið myndir á www. parketsliparinn.is Uppl. í s. 772 8100.



**Þakviðgerðir - 100% vatnsþétting**
Ryðvarnarmeðferð. Allir naglar, göt og samskeyti innsigluð með pacegúmmíkvoðu. Margir litir í boði. Tilboð í s. 777 5697. Þakvernd ehf.




ERU RENNURNAR FARNAR AÐ LEKA OG KOMINN TÍMI Á AÐ LAGA ÞÆR. Tek að mér Lagfæringar, Upppsetningar, Þakviðgerðir, Viðgerðar á Bárjárnsklæðningu og alla aðra Blikksmíðavinnu. Uppl. s. 694 8448 Ólafur.

892 1565 - Húseignaþjónustan - Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. - húsakl. - öll málningarvinna - háþrýstiþv. - þakþéttiefni (500% teygjanl.)

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.

## Stífluþjónusta




## Tölvur




Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun. 18 ára reynsla, fínt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

## Nudd

Gott, gott nudd. good massage. 693 75 97.

Whole body massage. S. 849 5247

**Eðalnudd**
Unaður, slökun og vellíðan. Veldu það besta. S. 659 6019

## Snyrting

### Hárgreiðsla
Hársnyrtist. Strikið er með góða þjónustu á fínu verði. Nýtt! og spennandi permanett sem byggir upp hárið og gefur eðlilegt útlit. Ath. öll verð á facebook og meiri uppl. í s. 554 4621.

## Spádómar

**908 1888**
**Spásími Daddýar alla daga næstu viku.**

**250 kr. mínótan.**




www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Árssspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

Setjum upp dyrasímakerfi og gerum við eldri kerfi
Nýlagnir og endurnýjun raflagna
Gerum verðtilboð
RAF NEISTI
GSM 896 6025
Löggiltur rafverktaki
rafneisti@rafneisti.is | www.rafneisti.is

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki og tónerar í HP, Dell, Brother, Canon og Epson send af stað samdægurs sjá nánar á Blekhylki.is S. 517-0150 Fjarðargötu 11.



### Skemmtisiglingar í ANDREUNNI
Uppákomur, árshátíðir, sjóstöng, fundaaðstaða o.fl. Uppl. hvalalif@hvalalif.is / 897-8433.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

### Heimabíókerfi!!!
Bose lifstyle 48 heimabíókerfi Keypt í feb 2008 - hvítt bassabox og 5 hvítir hátalarar. Tilboð óskast. Uppl. Sími - 898 2060.

### ÞVOTTAVÉLAR & ÞURRKARAR
Til sölu úrval af notuðum yfirförnum Þvottavélum og Þurrkurum. Opið alla daga 12:00 - 17:00 Síðumúla 37 Kjallara 108 Reykjavík 847-5545.

### Nýlegur ljósbekkur
US ultra sun, nýjar perur, ný yfirfarin. s. 892 9999.

### Arinviður
Stórir pokar af arinvið, 1000kr pokin. s. 892 9999.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

## Heimilistæki

7kg sambyggð þvot/þurrk 1400sn 2ja ára. 75þ. Panasonic digit örb.ofn 2ja ára 12þ. Viktor s: 867 8245.

## Vélar og verkfæri



Handlyftivagnar HYTSU 2500kg m/ hraðlyftu Verð: 48.350 án VSK Sími: 5520110 www.pon.is

## Til bygginga



### Harðviður til húsabygginga.
### Sjá nánar á www.vidur.is
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun

bathmate.is
Bathmate hefur nú fengið læknisfræðilega vottun og er með CE vottun sem lækningatæki.
*Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!*
TUNGUHJÓLIÐ
Besta uppfinning síðan hjólið var fundið upp! Tunguhjólið er fyrir konur sem kunna að meta gott kynlíf, einar, eða með ástmanni sínum!
Skoðaðu úrvalið á
FLESHLIGHT.IS
og allar pantanir afgreiddar samdægurs!

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



### TANTRA MASSAGE
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

### SPA - DREAM OASIS
### Fáðu kort og nudd frítt.
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567 6666 og 862 0941. http://dreamoasis.magix.net

### NUDD - Tilboð - NUDD

**Nudd kr. 3500,-**

Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 823 8280. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



Smáskipanámskeið 18.10 - 27.11. fjarnám eða staðarnám. Skemmtibátanámskeið 9. 10. - 16. 10. Staðarnám. Skráning á www.tskoli.is eða í s. 514 9000. Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins.

## Kennsla

NÁMSAÐSTOÐ við grunn-, framhalds- og háskólanema. Nemendaþjónustan S. 557 9233.

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
**Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.**

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

Gullfallegir hreinræktaðir Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 690 8091. 123.is/viking.

Scheafer hvolpar (2 tíkur) til sölu með HRFÍ ættbók. Fást á góðu verði vegna aðstæðna, eingöngu góð framtíðarheimili koma til greina. Upplýsingar í síma 847 1057.

### Labradorhvolpar
Einstakir hreinræktaðir labradorhvolpar, súkkulaðibrúnir. Ættb. HRFÍ, örm., heilsufsk. Tilbúnir til afhendingar. Uppl. í síma 695 9597.

## Ýmislegt




# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

### Þverá í Borgarfirði
Sjóbirtingur: nokkur leyfi laus, frá 27. sept til 10. okt. Uppl. s. 848 2304.

## Hestamennska




### TILBOÐSDAGAR
Taumar frá kr. 1950
Töskur frá kr. 2000
Gjarðir frá kr. 2700
Hestar og menn, Ögurhvarf1, 203 Kópavogur s. 567 3300.

### Innréttingar
Smíða innréttingar í hesthús, einnig útigerði, hringgerði, uppsetning öll almenn járnsmíði, gott verð. Uppl. í síma 869 6690 Aðalsteinn.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**3ja herb. í Hafnarfirði.**
**Örugg leiga, þvottavél, þurrkari, ísskápur, uppþvottavél, gardínur og öll ljós.**
**Dýrahald ekki leyft.**
**www.heimahagar.is**
**Upplýsingar í síma 772 7553**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl.**
**Uppl/info í S. 824 4535.**
**www.leiguherbergi.is**

**Stór herbergi í 101!**
**Til leigu stórt fullbúið herbergi í miðbæ Rvk. Aðgangur að baði,eldhúsi, þvottahúsi og fríu interneti. Laus strax. Á Besta stað í bænum.**
**Upplýsingar í síma 661 7015 og 898 8685.**

4ja herbergja íbúð með húsbúnaði í hverfi 111 til leigu næstu 6 mánuði. Uppl. í síma 897 7151.

### Til leigu strax
2 glæsilegar íbúðir 3 og 4 herb. í nýju lyftuhúsi í Eskivöllunum í Hfj. Uppl. hjá Agnari í S. 699 5532.

### Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

ÓDÝR DAGS-VIKU OG MÁNAÐARL. ALLT INNIFALIÐ INTERNET-SAMEIGINLEG SNYRTI-ÞVOTTA OG ELDUNARAÐSTAÐA. HÓTEL FLÓKI S. 660-7799 BJARNI.

Herbergi í 101 til leigu. Aðgangur að eldhúsi og baðherbergi. Uppl. í síma 773 3182.

## Húsnæði óskast

Óskum eftir 3-4 herb íbúð í Setbergslandi Hfj. Reglufólk og öruggum greiðslum heitið. Uppl. í s. 861 8182.

44 ára karlmaður óskar eftir lítilli 2ja herb. íbúð. Langtíma leiga frá og með 1. okt. S. 697 9640.

Fjögurra manna fjölskylda óskar eftir íbúð/húsi á svæði 108 (nálægt Breiðagerðisskóla) lágmark 4 herbergja. Uppl í síma 6944666

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu. Björt og rúmgóð vinnustofa til leigu á Ártúnshöfða. Sími 861-8011.

til leigu einbýlishús i vesturbæ kópavogs 5herb 150fm2 upplýsingar hjá leiga1@visir.is

Lítill/meðalstór skrifstofuherb. til leigu við Suðurlandsbraut og Ármúla Hagstætt verð og gott útsýni. Uppl: 899 3760.

## Geymsluhúsnæði

Vetrargeymsla fyrir bíla, húsbíla, hjolhýsi, fellihýsi, tjaldvagna og fl. Upphitað húsnæði með öryggisvakt. Sanngjarnt leiguverð. Uppl. í s. 899 0274 og á www.husbilageymslan.net

### geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

### Ferðavagnageymsla
Ferðavagnageymsla í Borgarf. f. tjaldv. fellih. hjólh. o. fl. upphitað, gott verð S: 899 7012 email: solbakki.311@gmail.com

### Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

### HÚSVAGNAGEYMSLA
Upphitað, þurrt, lyktarlaust og hreint á Eyrarbakka. Öryggisgæsla. Góð verð. S: 564 6501.

### Geymslupláss!
Upphitað á höfuðborgarsvæðinu. Pláss til 1. maí fyrir hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna eða annað. Verð 5.000kr. á m2. Uppl. í s. 862 4685 / 893 9777.

### www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

Óupphituð geymsla fyrir ferðavagna rétt fyrir utan Selfoss. 22.000 kr. fyrir fellihýsi og 16.000 kr. fyrir tjaldvagna. Uppl. í síma 820 4747.

## Hádegistilboð

Italiano
Pizzeria
HÁDEGISTILBOÐ!
Miðstærð af pizzu og gos, 1.090 kr. í hádeginu alla daga
Italiano Pizzeria • Hlíðasmári 15 fyrir ofan smáralind • Sími 55 12345

YAMAHA
*Veturinn er kominn!*
**150.000 króna afsláttur**
*ef kaup eru staðfest fyrir 10.10.2010*

### Apex X-TX

Kr. 2.860.000
**kr. 2.710.000**

### Apex SE

Kr. 2.830.000
**kr. 2.680.000**

### FXNytro R-TX

Kr. 2.520.000
**kr. 2.370.000**

### FXNytro M-TX

Kr. 2.490.000
**kr. 2.340.000**

### FXNytro X-TX

Kr. 2.460.000
**kr. 2.310.000**

### Venture multi purp.

Kr. 2.040.000
**kr. 1.890.000**

### RS Viking

Kr. 2.320.000
**kr. 2.170.000**

### VK540 Viking

Kr. 1.690.000
**kr. 1.540.000**

ARCTIC TRUCKS | K2M
yamaha.is
Klettháls 3
Reykjavík
sími 540 4900

k2m.is
Gleráreyrum 2
Akureyri
sími 464 7960

## Atvinna

pitstop

**Okkur vantar vana menn á þjónustustöð Pitstop í Hafnarfirði. Góð laun og framtíðarvinna í boði fyrir góða menn. Hafið samband við Sigga Ævars í símum 568 2035 eða 898 3031.**

pitstop

Rauðhellu 11, Hfj - Dugguvogi 10, Rvík - Hjallahrauni 4, Hfj.

## Til leigu

### Deildará – Laxveiðiá við Raufarhöfn til leigu.

**Veiðifélag Deildarár leitar hér með tilboða í leigu veiðiréttar í Deildará fyrir árin 2011 til og með árinu 2015.**

Tilboðum skal skila til varaformanns veiðifélagsins, Ragnars Axels Jóhannssonar, Miðási 4, 675 Raufarhöfn, sem jafnframt gefur nánari upplýsingar í síma 465 1374 og 864 4674. **Tilboðsfrestur er til 22. október 2010 kl. 12:00.** Áskilin er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

**F. h. Veiðifélags Deildarár.**
**Ragnar Axel Jóhannsson**

## Tilkynningar

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

### Tilkynning um afturköllun starfsleyfa fjármálafyrirtækja

Fjármálaeftirlitið afturkallaði þann 31. ágúst 2010, starfsleyfi SPRON Verðbréfa hf., kt. 670505-1970, sem verðbréfafyrirtæki, þar sem fyrirtækið hefur afsalað sér starfsleyfi sínu og kveðinn hefur verið upp úrskurður um slit fyrirtækisins skv. XII. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 3. og 6. tl. 1. mgr. 9. gr. sömu laga.

Fjármálaeftirlitið afturkallaði þann 31. ágúst 2010, starfsleyfi Rekstrarfélags SPRON hf., kt. 470904-2160, sem rekstrarfélag verðbréfasjóða, þar sem fyrirtækið afsalaði sér starfsleyfi sínu, sbr. 3. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

**Félag sjálfstæðismanna í Grafarvogi**

### Aðalfundur

Aðalfundur Félags sjálfstæðismanna í Grafarvogi verður haldinn miðvikudaginn 29. september.

Fundurinn er í félagsheimili okkar að Hverafold 5 og hefst klukkan 20:00.

Gestur fundarins er Ólöf Nordal alþingismaður og varaformaður Sjálfstæðisflokksins.



**Dagskrá**
- Venjuleg aðalfundarstörf.
- Ávarp fundargests.
- Önnur mál.

Stjórnin.

## Fasteignir



### Sumarhús við Bugðu í Kjósahreppi.

Nýlegt heilsárshús á góðum stað. Holtsvegur 4 er sumarhús byggt árið 2003. Það er alls 114.8 fm. Húsið skiptist í tvö herbergi, baðherbergi, stórt hol samliggjandi eldhúsi, sjón-varpshol, setustofu og borðstofu. Stór sólpallur er við húsið og á honum er heitur pottur og verkfæraskúr. Undir hluta hússins er steyptir sökklar og þar er um 30 fm rými. Húsið er klætt að utan með canexelklæðningu. Stutt frá húsinu rennur áin Bugða. Föst búseta hefur verið í húsinu sl fjögur ár.
**Ásett verð kr 26 millj.**
**Nánari upplýsingar hjá Valhöll og Pétri Jóhannssyni sími 893 4718.**

VALHÖLL FASTEIGNASALA

**Ingólfur Gissurarson lgf.**
**Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.**

EIGNAMIÐLUN Reykjavík — Frá 1957
Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali
Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

### Aflagrandi 3 - efri hæð - laus.




Glæsileg sérhönnuð 3-4ra herbergja efri hæð í nýlegu vönduðu húsi á frábærum stað í Vesturbæ Reykjavíkur ásamt bílskúr. Íbúðin er 137,3 fm og bílskúrinn er skráður 19,3 fm. Vandaðar innréttingar, hátt til lofts. Góðar svalir. Vönduð lýsing. Mjög góð staðsetning. **OPIÐ HÚS Í DAG (MIÐVIKUDAG) FRÁ KL. 17:00 - 18:00 V. 39,0 m.** 5530

### Hvaleyrarbraut - gott verð



2.007 fm húsnæði sem stendur á ca. 4.000 fm lóð. Húsnæðið er tvískipt og aftari hlutinn, sem er ca. 800 fm, er í slæmu ástandi, m.a. vantar þak á húsið. Fremri hlutinn skiptist í tvo eignarhluta; 450 fm og 750 fm, sem eru í leigu - annarsvegar til fiskvinnslu og hinsvegar til vélsmiðju. **V. 55,0 m.** 6001

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

## Geymsluhúsnæði

Upphitað geymsluhúsnæði á Suðurnesjum fyrir tjaldvagna og fellihýsi. Uppl. í s. 865 1166. Sama verð og í fyrra.

**Vertargeymslur**
Geymdu gullin þín í Gónhól pöntun 771 1936 gonholl.is

## Gisting

stracta CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

## ATVINNA

## Atvinna í boði

Gullhamrar

**Vant þjónustufólk**

**Leitum að vönu fólki til að vinna við þjónustu í glæsilegu veitinga- og ráðstefnuhúsi í Grafarholti á föstudags- og laugardagskvöldum frá kl. 18.30 til kl. 24 eða 2.30. Mikil vinna í vetur.**

**MORGUNVINNA VIÐ ÞRIF Viljum ráða röska, vandvirka og sjálfstæða manneskju sem vill taka að sér þrif, á sveigjanlegum tíma að hluta.**
**Nánari upplýsingar veitir Hulda Nanna í síma 899 5678.**
**Íslenskukunnátta skilyrði.**

SECURITY
ÖRYGGISFÉLAGIÐ www.115.is

**Öryggisverðir óskast til starfa.**
Öryggisfélagið óskar eftir starfsfólki í næturvinnu í verslunum. Helstu störf eru öryggisgæsla, verslunarstörf, áfyllingar ofl. Skilyrði; góð þjónustulund,hreint sakarvottorð og Íslensku kunnátta nauðsynleg. Lágmarksaldur 20 ár. Öryggisfélagið ehf. Askalind 2, 201 Kópavogur. Umsóknir aðeins á staðnum. www.115.is

**!! AVON !!**
Við hjá AVON óskum eftir sölufulltrúum um allt land við sölu á snyrtivörum. Nánari upplýsingar í síma 577-2150 Avon@avon.is

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Spjalldömur 908 1616**
**Opið þegar þér hentar.**

Ný upptaka hjá Rauða Torginu! Dimmrödduð, svolítið hás ung kona í gríðarlegu stuði hljóðritaði sjálfa sig í mikilli fantasíu þar sem þú(!) kemur við sögu Þú heyrir upptökuna hjá Kynl. sögum Rauða Torgsins í s. 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), upptökunr. 8184.

46 ára kona sem á sitt eigið hús, leitar að sambandi við rafvirkja, smið, pípara, málara, o.sv.frv. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8249.

FYRIR 229 KRÓNUR FÆRÐ ÞÚ:
skemmtilegri



EINN BARNAÍS

EÐA



FRÁBÆRA SKEMMTUN Í HEILAN SÓLARHRING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag í Stöð 2 Vild. Tryggðu þér áskrift í dag!

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
FRÉTTABLAÐIÐ
www.visir.is/posthusid – sími 585 8330



# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Íslenskt kjöt á góðu verði í Bónus




30% AFSLÁTTUR

NAUTAVEISLU FERSK NAUTAPIPARSTEIK
**1819 kr.kg.** MERKT VERÐ: 2598 KR.KG.




30% AFSLÁTTUR

NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAGÚLLAS
**1398 kr.kg.** MERKT VERÐ 1998 KR.KG.




30% AFSLÁTTUR

NAUTAVEISLU FERSKT NAUTASNITSEL
**1398 kr.kg.** MERKT VERÐ 1998 KR.KG.




898 KR.kg

NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK




598 KR.PK

NAUTAVEISLU FERSKIR NAUTABORGARAR
4 STK M/BRAUÐI



198 KR.kg

K.S FROSIN LAMBALIFUR




HEINZ 567g
TÓMATSÓSA
NÚ Á
HÁLFVIRÐI
98 KR




## ÍSLANDSLAMB FROSINN HÁLFUR LAMBASKROKKUR SLÁTRUN 2010

## 798 KR./KG.



798 KR.kg

K.S FROSINN LAMBABÓGUR
HAUSTSLÁTRUN 2010




698 KR.800g

BÓNUS FROSNIR ÝSUBITAR
Í RASPI 800g




698 KR.kg

KS. FROSNIR SALTFISKBITAR
*STYRTLUSTYKKI*



239 KR.620g

KF NÝTT KJÖTFARS
*620g*



125 KR.kg

**ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU**
GULLAUGA OG RAUÐAR

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** teikniblek, **6.** frá, **8.** að, **9.** æxlunarkorn, **11.** bókstafur, **12.** tornæmur nemandi, **14.** þvo, **16.** í röð, **17.** litningar, **18.** til viðbótar, **20.** þys, **21.** snöggur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** sett, **3.** innan, **4.** eyja, **5.** berja, **7.** freðinn, **10.** þrá, **13.** pumpun, **15.** skrambi, **16.** húðpoki, **19.** átt.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** túss, **6.** af, **8.** til, **9.** gró, **11.** ká, **12.** tossi, **14.** skola, **16.** hi, **17.** gen, **18.** enn, **20.** ys, **21.** snar.

**LÓÐRÉTT: 1.** lagt, **3.** út, **4.** sikiley, **5.** slá, **7.** frosinn, **10.** ósk, **13.** sog, **15.** ansi, **16.** hes, **19.** na.







# Hressingarskálinn við Austurvöll

BAKÞANKAR Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

**ÉG VERÐ** stundum alveg gáttaður á aðgerðum stjórnmálamanna. Það er þó ekki vegna þess að ég hafi ekki skilning á þeirra æðsta takmarki sem er jú lýðhylli. Ég veit vel, rétt eins og þeir sjálfir, að án fylgis koma þeir engu til leiðar frekar en bensínlaus bíll.

**AFTUR** á móti er stundum afar erfitt að átta sig á þeim leiðum sem þeir vilja fara að þessu takmarki.

**NÚ VILJA** sumir þeirra hressa upp á landann með því að draga fyrrum ráðherra fyrir landsdóm. Takmarkið er afar skiljanlegt en leiðin er vís með að enda úti í mýri.



**ÞAÐ** mætti líkja þessari framgöngu við sjéff á Hressingarskálanum sem væri búinn að gefast upp á bestu hressingunni svo að gengilbeinan þyrfti að segja afsakandi: „Því miður þá náum við ekki almennilega höndum yfir þá sem bera mestu ábyrgð á hruninu en við getum hins vegar boðið upp á fyrrum ráðherra borna fram í langvarandi hremmingum.“ Vandfýsinn veitingagestur myndi standa upp og fara á búlluna hans Tomma.

**OFT** hefur líka tímans tönn leitt í ljóst hversu dómurum eru mislagðar hendur í málum þar sem pólitík og sérkennilegur tíðarandi fara saman. Til dæmis voru bæði Þórbergur Þórðarson og Steinn Steinarr dæmdir sekir í Hæstarétti, á sínum tíma, fyrir að svívirða þýska nasistaflokkinn. Steinn fór þó ekki í steininn enda leiddi tíminn í ljós að svívirðingarnar voru í raun nær því að vera borgaraleg skylda hugsandi manns fremur en saknæm óhæfa. Þetta er því pyttur sem vinsældaveiðarar ættu að láta dómurum alfarið eftir en þeir virðast þrífast ágætlega í óvinsældum.

**EINNIG** er landsdómur líklegur til að hressa upp á þær hvatir manna sem einna óskynsamlegast er að höfða til.

**ÉG SKIL** ekki af hverju stjórnmálamenn, sem hafa aðgang að góðum álitsgjöfum og fræðimönnum, setja ekki dæmið upp með eftirfarandi hætti:

**ILLA** innrættir Íslendingar eru reyndar margir hverjir með kosningarétt en þó er þetta svo lítill hópur og mislyndur að það tekur því ekki að gera honum til geðs.

**LANG** flestir kosningabærra manna og kvenna eru hins vegar hæfileikaríkt og duglegt fólk sem þráir fátt heitara en að finna farveg fyrir hæfni sína og atorku.

**NIÐURSTAÐA:** Þarna er kominn tilvalinn hópur til að hressa upp á.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# HLAUPTU KAUPTU

## Verð fyrir neðan allar hellur



exquisit
KS-170 / KS-15
- Kæliskápur í borðhæð með eða án frystihólfs
- Sjálfvirk affrysting í kæli
- HxBxD: 143x544x58 cm
- Verð áður kr **49.900**



Með eða án frystis
ÞÚ SPARAR 10.000
Verð nú 39.900

ZANUSSI
ZRB-934PW
- Rýmri að innan en vanalega
- Sjálfvirk affrysting í kæli
- HxBxD: 175x59,5x60 cm
- Verð áður kr **114.900**



175 CM
ÞÚ SPARAR 20.000
Verð nú 94.900

Electrolux
ERB-34233X / ERB-34233W
- Nýjung. Mismunandi kælisvæði fyrir grænmeti, kjöt og fisk með Frezh Zone
- Stór og góður frystir með 3 skúffum
- Sjálfvirk affrysting í kæli
- HxBxD: 175x59,5x60 cm
- Verð áður kr **159.900**



175 CM
Stál eða hvítur
Fresh Zone
ÞÚ SPARAR 30.000
Verð nú 129.900

appliance
AIO-658Inox
- Stálofn með blæstri og grilli
- Klukka (tímahringir)
- Tvöfalt gler í ofnhurð
- Verð áður kr **69.900**



ÞÚ SPARAR 20.000
Verð nú 49.900

appliance
AGK-4SS
- Gashelluborð með 4 hellum
- Burstað stál
- Verð áður kr **59.900**



ÞÚ SPARAR 30.000
Verð nú 29.900

Electrolux
ELK-12022HV
Mjög vönduð eldavél með ekta blástursofni og keramik helluborði
- Ekta heitur blástur
- Alls 8 eldunarkerfi
- Hraðhellur
- Sjálfhreinsandi ofn
- Kæld þriglerjuð hurð
- 2 plötur, 1 ofnskúffa og 1 grind
- HxBxD: 85/90x59,5x60 cm
- Verð áður kr **159.900**



Heitur blástur
Sjálfhreinsandi
ÞÚ SPARAR 30.000
Verð nú 129.900

AEG
LN-69260
Mest selda þvottavélin okkar. Ótrúlega **lág bilanatíðni**. Vélin er hlaðin þægindum og nýrri tækni.
- **1200 sn.** stillanlegur vinduhraði
- Tekur allt að **6 kg.** af taui
- **Hraðval** 30-55% tímasparnaður á algengum kerfum
- **Blettakerfi** Stórt hurðarop
- **Tímaskjár** A/A einkunn fyrir orkunýtni og þvottahæfni
- Sérstaklega notendavænt stjórnborð
- Verð áður kr **124.900**



6 KG
1200 SNÚNINGA
ÞÚ SPARAR 30.000
Verð nú 99.900



45 CM!
ÞÚ SPARAR 15.000
Verð nú 64.900

exquisit
GSP-8009
Aðeins 45 cm breið uppþvottavél með 5 þvottakerfum
- **Tekur borðbúnað fyrir allt að 8 manns**
- Þurrkun með hita
- HxBxD: 85x45x58 cm
- Verð áður kr **79.900**



ÞÚ SPARAR 35.000
Verð nú 109.900
3xA EINKUNN
47 DESIBIL

Electrolux
EDC-47100W
Barkalaus þurrkari með fullkomnum rakaskynjara og fjölmörgum sérkerfum fyrir mismunandi fatnað
- Tekur allt að **7 kg** af taui
- Mörg sérkerfi
- **Stór lúga** 40x31,5 cm
- **Krumpuvörn** og niðurkæling Snýst til beggja átta
- **Hljóðmerki í lokin**
- Hægt að tengja í niðurfall
- Verð áður kr **119.900**



7 KG
Með rakaskynjara
Barkalaus
ÞÚ SPARAR 30.000
Verð nú 89.900

AEG
F-45003M
Mjög vel búin og hljóðlát vél frá Electrolux með vandaðri innréttingu
- **Auto kerfi** - sama kerfið, alltaf skínandi hreint
- Pottakerfi og sparnaðarkerfi
- Skjár sem sýnir eftirstöðvar tíma
- Vönduð innrétting sem hentar öllu leirtaui
- Verð áður kr **144.900**





Rafha ehf

Opið
virka daga 10-18
laugardaga 11-16

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

# menning

menning@frettabladid.is

**EKKI MISSA AF** síðustu sýningu heimildarmyndarinnar Íslensk alþýða eftir Þórunni Hafstað, í Bíó Paradís í kvöld klukkan 19.20. Myndin fjallar um íbúa og íbúðir gömlu verkamannabústaðanna við Hringbraut. Myndin var frumsýnd á Skjaldborg í fyrra og er eina íslenska heimildarmyndin í keppni á Nordisk Panorama í ár sem hefst nú síðar í vikunni í Bergen.

## Strengir úti í mýri


LAUFEY OG ELÍSABET

Tónleikaröðin „Klassík í Vatnsmýrinni“ hefur göngu sína í Norræna húsinu í kvöld þegar þær Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari og Elísabet Waage hörpuleikari leika verk eftir Louis Spohr, Jórunni Viðar og Béla Bartók. Auk þess frumflytja þær nýtt verk eftir Þuríði Jónsdóttur.

Klassík í Vatnsmýrinni er tónleikaröð Félags íslenskra tónlistarmanna í samvinnu við Norræna húsið með áherslu á norrænt og alþjóðlegt samstarf. Markmiðið með tónleikaröðinni er að gefa áheyrendum tækifæri til að hlýða á fyrsta flokks innlenda og erlenda listamenn með áherslu á „einleikarann“ annars vegar og „kammertónlist“ hins vegar.

Aðgangseyrir á tónleikana er 1.500 krónur, 1.000 fyrir félagsmenn F.Í.T. en ókeypis fyrir gesti yngri en 21 árs.







# Valdataka húmorsins

**Húmor og samfélagsleg áhrif hans verða í brennidepli á málþingi í Hafnarborg á laugardag. Að sögn Kristins Schram þjóðfræðings getur húmor leikið lykilhlutverk í valdabaráttu og stjórnmálum, eins og uppgangur Besta flokksins sýni.**


KRISTINN OG KATLA Potturinn og pannan á bak við Þjóðfræðistofnun sem stendur fyrir málþinginu í Hafnarborg á laugardag.

Málþingið ber yfirskriftina „Að grína í samfélagið“ og er haldið í tilefni af sýningunni „Að elta fólk og drekka mjólk“ í Hafnarborg í Hafnarfirði. Þjóðfræðistofa stendur fyrir málþinginu en driffjaðrir þessu eru hjónin Kristinn Schram forstöðumaður og Katla Kjartansdóttir verkefnisstjóri.

„Þetta er málþing þar sem afrakstur af mikilli, fræðilegri vinnu um húmor er settur fram,“ útskýrir Kristinn. „Það verður fjallað um húmor almennt og sem tæki í samfélagsrýni og valdabaráttu.“

Að sögn Kristins getur húmor verið ólíkur í höndum hinna valdameiri og hinna valdaminni og háður sjónarhorni, bakgrunni og aðgangi. Sjónarhorn heimamanns er ólíkt hins utanaðkomandi sem oft hefur síður aðgang að nýju umhverfi. Hann segir ýmis dæmi um hvernig húmor hefur komið við sögu og beinlínis verið notaður í valdabaráttu á Íslandi. „Besti flokkurinn er auðvitað skýrasta dæmið um það; Jón Gnarr sagði jú eitthvað í þá veru að nú hefðu borgarbúar kosið yfir sig trúð.“

Einnig verður fjallað um hvernig minnihlutahópar nota húmor bæði til að sættast við eigið hlutskipti og til að berjast fyrir rétti sínum. Þá verða konur og kímni til umfjöllunar og rýnt í hin ýmsu form húmors, svo sem uppistand, háðsádeilur og leikræna íroníu.“

### Húmorsfræði sækja í sig veðrið

Kristinn segir húmorsrannsóknir standa styrkum fótum í þjóð- og mannfræði erlendis, sérstaklega í Bandaríkjunum, og hafa sótt í sig veðrið hér á landi undanfarin tvö ár.

„Þær eru smám saman að ryðja sér til rúms á Íslandi, meðal annars eftir heimsóknir fræðimanna á þessu sviði. Við á Þjóðfræðistofu höfum líka tekið þetta upp á okkar arma og stöndum meðal annars fyrir húmorsþingi á Hólmavík á hverjum vetri.“

### Ekki strangfræðilegt málþing

En er hægt að ganga að því vísu að á málþingi um húmor séu fyrirlestrarnir skemmtilegir? „Já,“ svarar Kristinn, „þetta er ekki strangfræðilegt málþing heldur ætlað almenningi til upplýsingar og íhugunar; það verða þarna gjörningar, grín og listrænar uppákomum þannig enginn ætti að þurfa að láta sér leiðast.“

Auk Kristins koma fram á málþinginu Kristín Dagmar Jóhannesdóttir sýningarstjóri, Ilmur Stefánsdóttir myndlistarmaður, Sigurjón Baldur Hafsteinsson, lektor í safnafræði við Háskóla Íslands, Terry Gunnell, dósent í þjóðfræði við Háskóla Íslands, Kristín Einarsdóttir, aðjúnkt við Háskóla Íslands og Þorsteinn Guðmundsson leikari og grínisti.

Málþingið fer fram á laugardag og hefst klukkan 15. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Þjóðfræðistofu, icef.is.

bergsteinn@frettabladid.is

### AÐ ELTA FÓLK OG DREKKA MJÓLK



Málþingið er haldið í tilefni af sýningunni „Að elta fólk og drekka mjólk“, sem nú stendur yfir í Hafnarborg.

Um er að ræða sýningu á verkum íslenskra listamanna af ólíkum kynslóðum sem notað hafa húmor á einn eða annan hátt í verkum sínum. Þar má má greina ýmist hárfína kímni, vitsmunalegt háð, satíru eða rökleysu.

Á sýningunni eru verk eftir Ástu Ólafsdóttur, Darra Lorenzen, Erling T.V. Klingenberg, Gjörningaklúbbinn, Hallgrím Helgason, Ilmi Stefánsdóttur, Sigurð Guðmundsson, Snorra Ásmundsson og Steingrím Eyfjörð, svo nokkrir séu nefndir.

# Skáldskapur, og þó

Tónleikar ★★★

**Verk eftir Gustav Mahler og Richard Strauss**

Sinfóníuhljómsveit Íslands lék. Lionel Bringuier stjórnaði. Einsöngvari: Emma Bell.


EMMA BELL

Ímyndar einhver sér að hljómsveitarstjóri sé úfinhærður eldri maður í kjólfötum?

Náunginn sem stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands á fimmtudagskvöldið í Háskólabíói er ekki þannig týpa. Hann er bara 24 ára og á tónleikunum var hann klæddur í einskonar Maójakka. Hann er þó ekki kínverskur heldur franskur. Nafn hans er Lionel Bringuier og hann hefur hlotið mikla athygli fyrir að vera aðstoðarstjórnandi við Fílharmóníuhljómsveitina í Los Angeles. Fáir komast svo langt í tónlistarheiminum.

Bringuier hefur þægilega nærveru. Hann er fíngerður og hefur fremur hófsaman stjórnunarstíl. Ólíkt Rumon Gamba, síðasta aðalstjórnanda, notar hann ekki hvert tækifæri til að vera í flottum stellingum.

Stundum vantaði samt dýptina. Bringuier stjórnaði fyrstu sinfóníu Mahlers, einstaklega litríku verki sem er heilt ævintýri í tónum. Eða kannski þjóðsaga. Ævintýrastemningin rís hæst í sígaunatónlist og barnagælunni Meistara Jakob í þriðja kaflanum. Hún er samt ríkjandi gervallt verkið. Í svoleiðis tónlist skipta blæbrigðin gífurlegu máli. Það er ekki nóg að spila hreint og samtaka. Bringuier stjórnaði af sjarmerandi þokka, en hann virtist hafa meiri áhuga á að allt væri slétt og fellt en að miðla tónlistarævintýri til áheyrenda. Útkoman olli nokkrum vonbrigðum.

Í sjálfu sér spilaði hljómsveitin þó glæsilega. Hornablásturinn var að vísu ekki alveg fullkominn, en flest annað var í hreinu, þ.á.m. viðkvæmt kontrabassasóló. Stígandin í lokakaflanum, með ærandi hápunkti í lokin, var sérlega flott. Maður hefði bara viljað meiri skáldskap og dulúð. Meiri undiröldu. Hvar var hið ósegjanlega, hið óumræðilega í tónlistinni?

Skáldagyðjan var nálægari í hinum svonefndu Fjórum síðustu söngvum eftir Richard Strauss. Þar steig á svið hin tígulega söngkona Emma Bell. Ég held að óhætt sé að segja að hún hafi heillað tónleikagesti strax frá byrjun. Rödd hennar var kraftmikil en ómþýð, tilfinningaþrungin en líka blíð. Ljóðin eru magnaðar náttúrustemningar og Bell kom skáldskapnum til skila af hjartans einlægni.

Ekki skemmdi að Bringuier var hér frábær. Hann vafði hljómsveitarleiknum utan um sönginn alveg áreynslulaust. Fínlegu blæbrigðin, sem voru svo fallega mótuð, lyftu ljóðunum upp í hæstu hæðir. Þessir söngvar Strauss eru ekki með því aðgengilegasta sem maður heyrir, en hér var auðvelt að týna sér í tónlistinni. Frábær túlkun!

Jónas Sen

**Niðurstaða:** Flutningur Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fyrstu sinfóníu Mahlers var glæsilegur, en stundum dálítið kuldalegur. Túlkun söngkonunnar Emmu Bell á Richard Strauss var áhrifameiri.


Grallaralegt ævintýri fyrir stelpur og stráka
„Gaman!!!! Listamennirnir slá hvergi af kröfum sínum.“
EB, Fbl.
JVJ, DV
„Ein besta barnasýning síðasta árs... skemmtileg tónlist, fallegt mál, smekkleg umgjörð og góður leikur.“
SG, Mbl.
Tryggðu þér miða
GRÍMAN 2010
BARNASÝNING ÁRSINS
Sýningardagar
Lau. 18/9 kl. 14 UPPSELT
Sun. 19/9 kl. 14 UPPSELT
Lau. 25/9 kl. 14 UPPSELT
Sun. 26/9 kl. 14 UPPSELT
Sun. 3/10 kl. 14 Örfá sæti
Sun. 10/10 kl. 14 Örfá sæti
Sun. 17/10 kl. 14 Örfá sæti
Aukasýningar
Lau. 2/10 kl. 14 Örfá sæti
Lau. 9/10 kl. 14 Örfá sæti
Lau. 16/10 kl. 14
HORN Á HÖFÐI
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið
í samstarfi við GRAL

# Einfaldari útgáfa af Jónsa

„Sviðsmyndin hefur verið einfölduð aðeins en það er bara af praktískum ástæðum. Hún var náttúrulega svolítið stór og þung í umfangi sem er ekki þægilegt þegar menn eru að ferðast um heiminn,“ segir Kári Sturluson tónleikahaldari. Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær ætlar Jónsi að ljúka heimstónleikaferð sinni hér á Íslandi 29. desember næstkomandi í Laugardalshöll.

Sviðsmyndin hefur vakið mikla athygli en það er framleiðslufyrirtækið 59 Productions sem á heiðurinn af henni. „Fyrstu tónleikarnir voru í mars en síðan þá hefur þetta verið gert aðeins einfaldara í umfangi. Hún var svolítið óhagstæð,“ útskýrir Kári. Hann tekur þó fram að íslenskir tónleikagestir fái sömu sýningu og þeir amerísku og asísku en Jónsi kemur þaðan til Íslands. Að sögn Kára verður sviðsmyndin flutt með fraktskipi enda líður nokkur tími á milli tónleikanna.

Að sögn Kára eru milli 20 og 25 í hersveit Jónsa sem mætir hingað til Íslands til að setja þetta upp. Að sögn tónleikahaldarans kostar þetta skildinginn.

„Jónsi vildi ljúka tónleikaferðinni hér. Umfangið segir kannski ekki allt. Það liggur að baki þessu margra mánaða vinna og allt þetta sjónræna var tekið alveg sérstaklega upp fyrir tónleikaferðina.“ - fgg



**Í ÁSTRALÍU** Jónsi hefur verið á ferð um allan heim en tónleikaferð hans lýkur í Laugardalshöll 29. desember. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**TROMMARAR Í STUÐI** Íslenskir trommarar stíga á svið á Trommaranum 2010 í október. Hérna bregða nokkrir þeirra á leik. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Trommarar bestir í rúminu

**Trommarasýning verður haldin í Reykjavík í október. Nonni kjuði í Diktu segir enga lognmollu í kringum trommara og þeir séu þekktir fyrir að vera rekkjunautar í hæsta gæðaflokki.**

„Þetta eru hágæða einstaklingar. Það er aldrei nein lognmolla í kringum okkur,“ segir Nonni kjuði eða Jón Þór Sigurðsson, trommari Diktu, um trommuleikara almennt.

Sýningin Trommarinn 2010 verður haldin í annað sinn í sal FÍH 16. október og af því tilefni brugðu nokkrir trommarar á leik í Hljóðfærahúsinu fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins. „Svo þurfum við að vera taktfastir og hafa úthald. Það er kannski ástæðan fyrir því að trommuleikarar eru umtalaðir sem A-klassa rekkjunautar. Það gæti verið eitthvert samansammerki þarna á milli,“ segir Nonni og hlær.

Hann útskýrir að trommarar láti oft sem þeir vilji vera á bak við tjöldin en raunin sé allt önnur. „Phil Collins, Dave Grohl og allir þessir karlar hafa sýnt okkur að á endanum komumst við fremst. Það er draumur allra trommuleikara, annaðhvort að færa trommusettið fremst eða að komast fremst á bak við míkrafóninn.“

Nonni byrjaði sjálfur að tromma þegar hann var fjórtán ára en upphaflega vildi hann verða gítarleikari. „Bróðir minn átti trommusett og ætli það hafi ekki verið orsökin fyrir því að ég lærði eitthvað á þetta. Hann kenndi mér allt sem ég kann.“

Á Trommaranum 2010 munu hljóðfæraverslanirnar Hljóðfærahúsið/Tónabúðin, Rín og Tónastöðin vera með allt það nýjasta í trommum og slagverki til sýnis. Íslenskir trommusmiðir munu sýna handverk sitt og hópur trommuleikara stígur á svið, þar á meðal Sigtryggur Baldursson, Ólafur Hólm og Kjuðinn. Veitt verður viðurkenning fyrir ævistarf í þágu trommulistarinnar auk þess sem úrslit verða kynnt í keppninni Leitin að Trommaranum. Í þeirri keppni geta trommarar sent inn myndbönd af sér með kjuðana á lofti. Skilafrestur er til 6. október á netfangið trommarinn2010@trommarinn.is.

freyr@frettabladid.is








| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| GOING THE DISTANCE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| GOING THE DISTANCE | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 - 8 | L |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |
| REMEMBER ME | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| AULINN ÉG-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| THE GHOST WRITER | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| THE GHOST WRITER | kl. 5:30 | VIP |
| STEP UP 3-3D | kl. 10:10 | 7 |
| HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| LETTERS TO JULIET | kl. 8 | L |
| INCEPTION | kl. 10:20 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| GOING THE DISTANCE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 | L |
| THE GHOST WRITER | kl. 10:10 | 12 |
| STEP UP 3-3D | kl. 8 | 7 |
| INCEPTION | kl. 8 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 - 8 | L |
| STEP UP 3-3D | kl. 10:20 | 7 |
| STEP UP 3 | kl. 6 | 7 |

| SAMBÍÓIN SELFOSSI | | |
|---|---|---|
| GOING THE DISTANCE | kl. 8 - 10:20 | L |
| THE OTHER GUYS | kl. 8 | 12 |
| THE EXPENDABLES | kl. 10:20 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SUMARLANDIÐ | kl. 3.30 - 6 - 8 - 10 | L |
| SUMARLANDIÐ LÚXUS | kl. 8 | L |
| RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D LÚX | kl. 10.10 | 16 |
| THE OTHER GUYS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| DESPICABLE ME 3D | kl. 3.40 - 8 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 3.40 - 5.50 | L |
| AULINN ÉG 2D | kl. 3.40 | L |
| SCOTT PILGRIM vs THE WORLD | kl. 10.10 | 12 |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| SUMARLANDIÐ | kl. 6 - 8.30 - 10.30 | L |
| RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D | kl. 8.30 - 10.30 | 16 |
| THE OTHER GUYS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THE FUTURE OF HOPE | kl. 6 | L |
| THE EXPENDABLES | kl. 8 - 10.20 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SUMARLANDIÐ | kl. 8 - 10 | L |
| RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE OTHER GUYS | kl. 6 | 12 |
| AULINN ÉG 3D | kl. 6 | L |

ATH: Tilboðin gilda ekki í Borgarbíói

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SUMARLANDIÐ | 6, 8 og 10 | L |
| AULINN ÉG 3D | 6 - ÍSLENSKT TAL | L |
| DESPICABLE ME 3D | 8 og 10 - ENSKT TAL | L |
| THE OTHER GUYS | 5.50, 8 og 10.15 | 12 |

BÍÓ ★ PARADÍS
Heimili kvikmyndanna




MIÐVIKUDAGUR 22. SEPTEMBER

*ANDKÖF (A BOUT DE SOUFFLE) - Kl. 21:10
*400 HÖGG (LES QUATRE CENTS COUPS) - Kl. 19:10
*CLEO FRÁ 5 TIL 7 (CLÉO DE 5 À 7) - Kl. 21:30
*KÁTU STÚLKURNAR (LES BONNES FEMMES) - Kl. 21:20
*BACKYARD - Kl. 17, 19, 21
79 AF STÖÐINNI - Kl. 17:20
ROKK Í REYKJAVÍK - Kl.17:10
*101 REYKJAVÍK - Kl. 17:30, 19:30
HEIMILDAM.: ÖSKUDAGUR / KJÖTBORG / ÍSLENSK ALÞÝÐA - Kl. 19:20
* ENGLISH SUBTITLES

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS

# Arte mætir á RIFF

Fransk/þýska menningarsjónvarpsstöðin Arte, sem milljónir manna víðs vegar um Evrópu horfa á, ætlar að gera þátt um Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF, sem hefst á fimmtudaginn. „Þetta er rosalega góð auglýsing fyrir Reykjavík og hátíðina,“ segir Hrönn Marinósdóttir hjá RIFF. Marc Wolfenberger, sem er leikstjóri myndarinnar Oil Rocks – City sem verður sýnd á hátíðinni, tekur upp þáttinn fyrir Arte ásamt íslenska tökumanninum Jóni Björgvinssyni en báðir starfa þeir hjá stöðinni.

Á hátíðina er einnig væntanlegur fulltrúi frá bandarísku sjónvarpsstöðinni CBS, auk aðila frá fjölmiðlum á borð við Screen Daily, Die Zeit, Minneapolis Star og New York Magazine. Alls koma hingað 300 erlendir gestir auk sjötíu sjálfboðaliða. - fb



**HRÖNN MARINÓSDÓTTIR** Hrönn er ánægð með komu Arte hingað til lands. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Paris náði fram dómsátt

Paris Hilton mætti fyrir dómara í Las Vegas og játaði að hafa haft í fórum sínum nokkur grömm af kókaíni. Paris fékk skilorðsbundinn dóm í ár og var gert að sinna samfélagsskyldu. Samkvæmt Radar-Online.com hefur Paris þegar haft samband við lækninn sinn og óskað eftir að komast í samtalsmeðferð hjá honum.

Hótelerfinginn beið hins vegar ekki boðanna eftir að dómur var fallinn og rauk af stað í viðskiptaferð til Asíu. Þar hugðist hún opna smásöluverslun með fatnaði og smáhlutum. Ferðin hafði verið skipulögð í þaula undanfarið hálft ár og því var það Paris mikið kappsmál að geta komist í hana. Samkvæmt AP-fréttastofunni í gær var Paris hins vegar stöðvuð af landamæravörðum í Japan og meinuð innkoma í landið og því óljóst hvað verður um þessa viðskiptaferð úr þessu.



**JÁTAÐI** Paris Hilton játaði að hafa átt kókaínið sem fannst í hennar fórum í Las Vegas í síðasta mánuði. Og svo flaug hún til Japans. IMAGEFORUM/NORDIC PHOTOS



**KEMUR TIL BJARGAR** Þeir eru ekki margir sem vilja hjálpa Mel Gibson, Jodie Foster er þó ein af þeim.

# Jodie hjálpar Mel Gibson

**Jodie Foster hyggst ekki yfirgefa sinn gamla vin, Mel Gibson, líkt og flestar Hollywood-stjörnur hafa gert. Jodie og Gibson leika saman í The Beaver sem enn hefur ekki verið frumsýnd en Jodie segir í samtali við tímaritið More að þetta sé ein kraftmesta og áhrifamesta frammistaða Gibsons í langan tíma.**

**Jodie er síðan spurð út í vandræði Gibsons sem er sakaður um að hafa beitt barnsmóður sína ofbeldi og leikkonan segist ætla að styðja við bakið á honum. „Þegar þú elskar vini þína þá yfirgefur þú þá ekki þegar á móti blæs. Mel er ótrúlega hæfileikaríkur maður en fyrst og fremst er hann góður vinur og ég vona að ég geti hjálpað honum í gegnum þennan dimma dal.“**



**KOMIN MEÐ NÝJAN** Kate Winslet er komin með nýjan kærasta eftir að hafa skilið við Sam Mendes.

# Kate sýndi nýja manninn

Kate Winslet sýndi umheiminum nýja kærastan sinn á ljósmyndasýningu í Madrid á Spáni. Lukkunnar pamfíllinn heitir Louis Dowler og er eitt frægasta karlmódel heims. Orðrómur hefur verið á kreiki um samband Dowlers og Winslet í dágóðan tíma eða frá því í sumar þar sem þau sáust ganga hönd í hönd í London. Leikkonan sagði þau þá aðeins vera góða vini. Hins vegar var enginn vafi í huga nærstaddra að örvar Amors hefðu hæft Kate og Louis í hjartastað því þau kysstust og létu vel hvort að öðru fyrir framan myndavélarnar.



**sport**
sport@frettabladid.is



**17 LEIKMENN** verða í banni í lokaumferð Pepsi-deildar karla: Breiðablik (Alfreð Finnbogason og Kári Ársælsson), FH (Pétur Viðarsson), Fram (**Sam Tillen**, Josep Tillen og Ívar Björnsson), Haukar (Grétar Atli Grétarsson), ÍBV (Tryggvi Guðmundsson og Finnur Ólafsson), KR (Björgólfur Takefusa og Mark Rutgers), Selfoss (Arilíus Marteinsson og Jón Guðbrandsson), Stjarnan (Jóhann Laxdal) og Valur (Baldur Aðalsteinsson, Greg Ross og Martin Pedersen).



**30 STIG** Hildur Sigurðardóttir lék vel fyrir KR-liðið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lengjubikar kvenna:

## KR og Keflavík í úrslitaleikinn

**KÖRFUBOLTI** Það verða Íslandsmeistarar KR og Keflavík sem mætast í úrslitaleik Lengjubikars kvenna á sunnudaginn. KR vann 61-59 sigur á Haukum í gær á sama tíma og Keflavíkurkonur unnu Hamar 75-65 í Hveragerði.

Hildur Sigurðardóttir, fyrirliði KR, átti stórleik og gerði 30 stig. KR var með góða forustu fram eftir öllum leik en Haukakonur voru nærri því búnar að stela sigrinum í lokin. Alysha Harvin skoraði 24 stig hjá Haukum.

Jacqueline Adamshick (22 stig, 19 fráköst og 5 stoðsendingar) og Bryndís Guðmundsdóttir (20 stig og 12 fráköst) voru illviðráðanlegar í sigri Keflavíkur í Hveragerði. Keflavík tók frumkvæðið strax í byrjun og var með gott forskot allan leikinn. Jaleesa Butler skoraði 21 stig og tók 13 fráköst fyrir Hamar. - óój

cleanfix
- gólfþvottavélar
- ryksugur



- sala
- varahlutir
- þjónusta
AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is

# Íþróttin þurfti mann eins og Jesper

**AG Kaupmannahöfn á að verða næsta stórveldi í dönskum handbolta. Snorra Steini Guðjónssyni og Arnóri Atlasyni er ætlað stórt hlutverk í uppgangi liðsins en Fréttablaðið hitti þá á dögunum í Kaupmannahöfn.**

**HANDBOLTI** Fyrir fimm árum ákvað hinn danski skartgripasali Jesper Nielsen að gera sitt gamla handboltafélag, Glostrup Håndbold, að besta félagi í Danmörku. Hann gerði fimm ára áætlun sem miðaði að því að koma félaginu í efstu deild. Það tókst og nú hefur hann sett sér nýtt markmið. Að félagið, sem heitir nú AG Kaupmannahöfn, verði besta félag Danmerkur og í fremstu röð í Evrópu.

Til þess að ná þessu markmiðum hefur hann byggt upp gríðarlegan sterkan leikmannahóp hjá liðinu. Lykilmenn í liðinu eru íslensku landsliðsmennirnir Snorri Steinn Guðjónsson og Arnór Atlason sem einnig er fyrirliði. Fréttablaðið hitti þá að máli í Kaupmannahöfn og ræddi við þá um ævintýrið sem er í vændum.

### Handboltinn á hærra plan

„Þetta er mjög spennandi. Það er í raun verið að taka handboltann í Danmörku og færa hann á hærra plan," segir Snorri Steinn. „Það er mjög vel hugsað um okkur leikmennina og umgjörðin er fyrsta flokks. Þetta er í raun eins og í Þýskalandi."

Áhuginn hefur ekki látið á sér standa og hafa þegar verið slegin áhorfendamet í dönsku úrvalsdeildinni á leikjum AG.

„Íþróttin hefur gott af svona mönnum, sérstaklega handboltinn. Það er ekki heldur bara okkar lið sem nýtur góðs af þessu," segir Arnór. Snorri tekur í sama streng. „Handboltinn þurfti mann eins og hann. Það sem gerir þetta enn flottara er að þetta er hans uppeldisfélag. Hann spilaði sjálfur með liðinu og hann gerði félagið að því sem það er í dag."

Danskir fjölmiðlar eru duglegir að fjalla um Nielsen og kalla hann Kasi-Jesper, eftir fyrirtæki hans, KasiGroup. Það hefur hagnast mjög á skartgripasölu síðastliðin ár, sérstaklega í Þýskalandi og Asíu.

### Í stuttermabol og gallabuxum

„Hann er mjög hress," segir Snorri og brosir þegar hann er beðinn um að lýsa Nielsen. „Hann kíkir oft í klefann til okkar, þá í sínum stuttermabol og gallabuxum og með rándýrt úr. En við þekkjum hann í raun lítið. Hann skiptir sér lítið af okkur og er aðallega í því að segja brandara og gefa mönnum „high-five". Hann er mjög almennilegur."

Nielsen er hrifinn af íslenskum



**LIÐSFÉLAGAR OG NÁGRANNAR** Snorri Steinn og Arnór eru nágrannar í Kaupmannahöfn. Hér eru þeir fyrir utan heimili þeirra. Snorri með soninn Bjarka og Arnór með Nóel. FRÉTTABLAÐIÐ/E. STEFÁN

> Hann skiptir sér lítið af okkur og er aðallega í því að segja brandara og gefa mönnum „high-five".
>
> **SNORRI STEINN GUÐJÓNSSON**
> LANDSLIÐSMAÐUR Í HANDBOLTA

handboltamönnum. Hann samdi við Ólaf Stefánsson fyrir tveimur árum og ætlaði honum að hjálpa Glostrup að komast upp í efstu deild. En Nielsen er einnig meirihlutaeigandi í þýska stórliðinu Rhein-Neckar Löwen og komst að samkomulagi við Ólaf um að hann myndi spila þar.

Fyrir hjá félaginu var Guðjón Valur Sigurðsson og Róbert Gunnarsson var keyptur fyrr á árinu. Snorri Steinn spilaði með Löwen í fyrra en skipti yfir til Kaupmannahafnar í sumar.

Arnór hefur verið í Kaupmannahöfn í fjögur ár en hann



**Í GALLABUXUM OG BOL** Jesper Nielsen, í miðju, er hér í sjónvarpsviðtali ásamt Ulrik Wilbæk, þjálfara danska landsliðsins. MYND/AG

spilaði áður með FC Kaupmannahöfn sem hætti starfssemi í vor. Honum bauðst að fara til franska liðsins Chambery og segir það tilboð hafa verið afar gott, ekki síst fyrir budduna.

„En svo kom AG upp á borðið og ég varð alltaf hrifnari af því. Þetta var samt erfið ákvörðun en ég sé ekki eftir henni. Danmörk hefur ekki séð lið eins og AG áður og verkefnið er mjög spennandi," segir Arnór.

### Peningarnir skipta engu máli

Nielsen réði svo landsliðsþjálfarann Guðmund Guðmundsson til að vera íþróttastjóri bæði AG og Rhein-Neckar Löwen. Starfið hefur verið kallað það besta í evrópskum handbolta.

„Ég held að það hafi verið gott hjá Jesper að fá Gumma í starfið," segir Snorri. „Hann á til dæmis að stjórna leikmannakaupum félaganna sem hafa verið nokkuð öfgakennd. Sér í lagi í Þýskalandi þar sem peningurinn hefur nánast ekki skipt máli – mennirnir hafa bara verið keyptir."

Guðmundur skiptir sér því lítið af liðunum sjálfum en er þjálfurum beggja liða innan handar. „Þetta er nýtt hlutverk fyrir hann enda vill hann vera með puttana í þessu. En núna er hann aðallega í símanum – ég held reyndar að hann sé bara að spila Snake," segir Snorri og hlær.

### Deildin er ekki formsatriði

Strákarnir segja að þrátt fyrir allt verði það ekki formsatriði fyrir AG að verða meistarar í Danmörku, þó svo að liðið sé skipað mörgum sterkum leikmönnum. „Nei, þannig verður það aldrei. Það eru mörg stór nöfn í liðinu og það tekur þrátt fyrir það sinn tíma að búa til sterka liðsheild. Það gæti tekið heilt tímabil og við munum örugglega njóta góðs af því að það er úrslitakeppni í deildinni. við erum örugglega með mestu breiddina en lið eins og Bjerringbro, Kolding og Álaborg eru örugglega ekki með síðri byrjunarlið."

Arnór tekur undir þetta. „Það eru margir sterkir leikmenn í þessum liðum. Leikmenn sem eru að koma aftur heim til Danmerkur. Þessi lið eru líka öll í Evrópukeppnum og það mun koma okkur örugglega til góða. Þá höfum við meiri tíma til að æfa."

En markmið Nielsens eru háleit. „Hann fékk bara hugmynd fyrir fimm árum og hefur verið að fylgja henni eftir almennilega. Hingað er hann nú kominn og hann ætlar félaginu nú enn stærri sigra," segir Arnór og bætir við: „Hann vill að liðið komist í fremstu röð í Evrópu og stefnir örugglega á úrslitahelgina í Meistaradeild Evrópu. Nú þurfum við bara að koma okkur í Meistaradeildina. Hann mun örugglega ekkert skafa af hlutunum þá." eirikur@frettabladid.is

N1 DEILDIN
EIMSKIPS BIKARINN
Meistarakeppni HSÍ karlar
Haukar – Valur
Miðvikudaginn 22.sept
kl 19:30 Ásvöllum
HSÍ

Þriðja umferð enska deildabikarsins í gær:

## Arsenal fór áfram

**FÓTBOLTI** Arsenal vann 4-1 sigur á á nágrönnum sínum í Tottenham í 3. umferð enska deildabikarsins í gær en leikurinn sem var framlengdur fór fram á White Hart Lane.

Arsenal skoraði þrjú mörk í fyrri hluta framlengingarinnar en liðið fékk tvær vítaspyrnur á sex fyrstu mínútum framlengingarinnar og í bæði skiptin skoraði Samir Nasri af öryggi. Henri Lansbury kom Arsenal í 1-0 en Robbie Keane jafnaði leikinn. Andrey Arshavin skoraði síðan lokamarkið.

C-deildarliðið Brentford sló út úrvalsdeildarliðið Everton en leikurinn fór í vítakeppni þar sem Brentford vann 4-3. Danny Higginbotham og Kenwyne Jones tryggðu Stoke 2-0 sigur á Fulham, fyrra markið kom eftir horn en það seinna eftir innkast. Eiður Smári Guðjohnsen sat allan tímann á bekknum.

Wade Elliott tryggði Burnley 1-0 sigur á Grétari Rafni Steinssyni og félögum í Bolton en Owen Coyle, stjóri Bolton, mætti þarna sínum gömlu lærisveinum og þurfti að sætta sig við tap.

Victor Obinna tryggði West Ham 2-1 útisigur á Sunderland og Scott Sinclair skoraði þrennu í 3-1 útisigri Swansea City á Peterborough United. - óój



SAMIR NASRI

Þýska úrvalsdeildin í fótbolta:

## Engin not fyrir Gylfa í gær

**FÓTBOLTI** Daniel van Buyten tryggði Bayern München 2-1 sigur á Hoffenheim í þýsku úrvalsdeildinni í gær en sigurmarkið kom í uppbótartíma leiksins. Vedad Ibisevic kom Hoffenheim í 1-0 á 1. mínútu og liðið var með forustuna í 62 mínútur eða þar til Thomas Müller jafnaði.

Ralf Rangnick, þjálfari Hoffenheim, hafi ekki not fyrir Gylfa Þór Sigurðsson í gærkvöldi og sat íslenski landsliðsmaðurinn því á bekknum þrátt fyrir að hann hafi átt frábæra innkomu og skoraði glæsilegt mark um síðustu helgi.

Mainz er á toppnum eftir 2-0 sigur á Köln en Hannover komst upp að hlið Gylfa og félaga eftir að hafa farið illa með Meistaradeildarlið Werder Bremen og unnið 4-1. - óój




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 3 2 SPORT 4 2 SPORT 5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > Courtney Cox

„Ég er sátt við sjálfa mig og þann stað sem ég er á í dag. Áður horfði ég ávallt til annarra til að sjá hvernig þeir höfðu það. Ég var ekki að keppast við aðra, ég var endalaust að bera mig saman við aðra. Ég vildi vera þar sem allir aðrir voru. Ég er hætt því í dag.“

***Courtney Cox fer með hlutverk einstæðrar móður í leit að draumaprinsinsum í þáttunum Cougar Town, sem eru á dagskrá Stöð 2 Extra í kvöld, kl. 21.45.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ATLI FANNAR BJARKASON **HLÆR MEÐ FRÍMANNI GUNNARSSYNI**

## *Gamanmál málanna*

Mér er gamanmál, nýr þáttur spjátrungsins Frímanns Gunnarssonar, lofar góðu. Fyrsti þátturinn var sýndur á sunnudaginn og það var við hæfi að borgarstjórinn og yfirgrínistinn Jón Gnarr yrði viðfangsefni fyrsta þáttarins. Jón vissi reyndar ekki að hann yrði borgarstjóri þegar þátturinn var framleiddur, en forvitnilegt er að velta fyrir sér hvort hann hefði verið til í að miða byssu á Frímann Gunnarsson í nafni grínsins ef hann hefði verið orðinn borgarstjóri þegar þættirnir voru framleiddir. Jájú, ég held að hann hefði verið til í það, enda mennskasti stjórnmálamaður sem stigið hefur fram á Íslandi (allir hinir (nema Katrín Jakobs) eru vélmenni og ég get sannað það).

Frímann Gunnarsson var í fantaformi í þættinum á sunnudaginn. Hápunktur þáttarins var vafalaust þegar sturlaður Jón Gnarr miðaði



byssu á Frímann, sem grét þvert á óskir Jóns um hlátur. Lúmskara var þegar Frímann sniðgekk Pétur Jóhann Sigfússon þegar hann heilsaði Ragnari Bragasyni og Jörundi Ragnarssyni. Ég hló upphátt. Það gerist ekki svo auðveldlega þegar maður situr einn heima á sófanum með sjóðandi heita og sæðisdrepandi fartölvuna í fanginu. Húmor af þessu kaliberi er sjaldséður í íslensku sjónvarpi.

Fyrsti þátturinn í þáttaröðinni var þó ekki fullkominn og mér fannst stundum kjánalegt að vita of mikið um Jón, þegar meðvituðum staðreyndavillum var slengt fram í nafni grínsins. Ég er samt viss um að þetta vandamál verði ekki til staðar þegar grínistar hinna Norðurlandanna verða teknir fyrir. Ég bíð því spenntur eftir næsta þætti Frímanns, sem er tvímælalaust gamanmál málanna í dag.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **20.20 Ljóta Betty** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.50 Canada's Next Top Model** SKJÁREINN



▶ **22.00 The Love Guru** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.25 Nip/Tuck** STÖÐ 2



▶ **22.55 The Shield** STÖÐ 2 EXTRA

### SJÓNVARPIÐ

**15.45 Hugsandi trú** Þáttur um Sigurbjörn Einarsson biskup. Úr þáttaröð um vísinda- og kennimenn úr röðum háskólamanna. Textað á síðu 888 í Textavarpi.

**16.50 Návígi** (e)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Einu sinni var...lífið** (5:26)

**18.00 Disneystundin**

**18.01 Fínni kostur**

**18.24 Sígildar teiknimyndir** (26:26)

**18.30 Finnbogi og Felix** (12:12)

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶**20.20 Ljóta Betty** (77:85) (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um ósköp óvenjulega stúlku sem vinnur á ritstjórn tískutímarits í New York.

**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.

**22.00 Tíufréttir**

**22.10 Veðurfréttir**

**22.20 Hvar í veröldinni er Osama bin Laden?** (Where in the World is Osama Bin Laden?) Heimildarmynd frá 2008.

**23.50 Kastljós** (e)

**00.30 Fréttir** (e)

**00.40 Dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Selena**

**10.05 Red Riding Hood**

**12.00 Scoop**

**14.00 Selena**

**16.05 Red Riding Hood**

**18.00 Scoop**

**20.00 License to Wed**

▶**22.00 The Love Guru**

**00.00 The Lost City**

**02.20 Carlito's Way**

**04.40 The Love Guru**

**06.00 Cadillac Man**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Brunabílarnir, Ævintýri Juniper Lee, Ofuröndin

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Auddi og Sveppi**

**11.00 Lois and Clark: The New Adventure** (4:21)

**11.45 Grey's Anatomy** (15:17)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Gossip Girl** (4:22)

**13.45 Ghost Whisperer** (14:23)

**14.40 E.R.** (17:22)

**15.30 iCarly** (5:25)

**15.53 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Ofuröndin, Brunabílarnir

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (16:20)

**18.23 Veður** Markaðurinn.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Two and a Half Men** (20:24)

**19.45 How I Met Your Mother** (18:20)

**20.10 Pretty Little Liars** (4:22) Dramatískir spennuþættir sem byggðir eru á metsölubókum eftir Söru Shepard.

**20.55 Mercy** (22:22) Dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER.

**21.40 Medium** (1:22) Sjötta þáttaröðin af þessum dulmagnaða spennuþætti sem fjallar um sjáandann Allison Dubois.

▶**22.25 Nip/Tuck** (22:22) Fimmta serían af þessum vinsæla framhaldsþætti sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Sean McNamara og Christian Troy.

**23.10 NCIS: Los Angeles** (5:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjalla um starfsmenn systurdeildarinnar í Washington.

**23.55 The Closer** (11:15)

**00.40 The Forgotten** (9:17)

**01.25 X-Files** (17:24)

**02.10 Grey's Anatomy** (15:17)

**02.55 E.R.** (17:22)

**03.40 Sjáðu**

**04.10 Tsotsi**

**05.40 Fréttir og Ísland í dag** (e)

### SPORT *besta sætið*

**07.00 Enski deildabikarinn: Tottenham - Arsenal** Útsending frá leik Tottenham og Arsenal í enska deildabikarnum.

**14.45 Spænski boltinn: Real Madrid - Espanyol** Útsending frá leik Real Madrid og Espanyol í spænska boltanum.

**16.25 Enski deildabikarinn: Tottenham - Arsenal** Útsending frá leik Tottenham og Arsenal í enska deildabikarnum.

**18.10 Veiðiperlur** Flottur þáttur þar sem farið er í allt milli himins og jarðar sem tengist stangaveiði.

**18.40 Enski deildabikarinn: Scunthorpe Utd. - Man. Utd.** Bein útsending frá leik Scunthorpe Utd. og Man. Utd í enska deildabikarnum. Sport 3: Chelsea - Newcastle

**20.45 Enski deildabikarinn: Chelsea - Newcastle** Útsending frá leik Chelsea og Newcastle í enska deildabikarnum.

**22.25 Spænski boltinn: Barcelona - Sporting** Útsending frá leik Barcelona og Sporting í spænska boltanum. Leikurinn er sýndur beint á Sport 4 17.55.

**00.05 Enski deildabikarinn: Scunthorpe Utd. - Man. Utd.** Útsending frá leik Scunthorpe Utd. og Man. Utd í enska deildabikarnum.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Blackburn - Fulham** Útsending frá leik Blackburn og Fulham í ensku úrvalsdeildinni.

**18.15 WBA - Birmingham** Útsending frá leik WBA og Birmingham í ensku úrvalsdeildinni.

**20.00 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.

**20.55 Football Legends - Beckenbauer** Að þessu sinni verður fjallað um Franz Beckenbauer, goðsögnina frá Þýskalandi.

**21.25 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin krufin til mergjar.

**21.55 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara.

**22.55 Stoke - West Ham / HD** Útsending frá leik Stoke og West Ham í ensku úr-

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.40 Rachael Ray** (e)

**09.25 Pepsi MAX tónlist**

**15.55 The Marriage Ref** (2:12) (e)

**16.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**17.30 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál.

**18.10 Nýtt útlit** (1:12) (e)

**19.00 Million Dollar Listing** (6:9) Skemmtileg þáttaröð um fasteignasala í Hollywood og Malibu sem gera allt til þess að selja lúxusvillur fræga og fína fólksins.

**19.45 Accidentally on Purpose** (2:18) (e)

**20.10 Spjallið með Sölva** (1:13) Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spjallar um lífið, tilveruna og þjóðmálin. Honum er ekkert óviðkomandi og í þáttunum er hæfileg blanda af gríni og alvöru.

▶**20.50 Canada's Next Top Model** (7:8) Raunveruleikasería sem farið hefur sigurför um heiminn. Þetta er önnur þáttaröðin af kanadískri útgáfu þáttanna.

**21.35 Bollywood Hero** (2:3) Bráðfyndin mínísería í þremur hlutum um bandarískan leikara (Chris Kattan) sem á erfitt uppdráttar og tekur tilboði um að leika í Bollywood-mynd á Indlandi.

**22.30 Jay Leno**

**23.15 Law & Order** (21:22) (e)

**00.05 CSI: New York** (4:25) (e)

**00.50 Premier League Poker II** (7:15) (e)

**02.35 Pepsi MAX tónlist**

### ÍNN

**20.00 Björn Bjarna** Ólöf Nordal varaformaður Sjálfstæðisflokksins.

**20.30 Mótoring** Stígur Keppnis með fréttir úr mótorhjólaheiminum.

**21.00 Alkemistinn** Viðar Garðarsson, Friðrik Eysteinsson og gestir skoða markaðsmál og auglýsingamál til mergjar.

**21.30 Eru þeir að fá hann?** Bender og félagar orðnir haustlegir.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Hankook

**Örugg og hljóðlát dekk**

Með Hankook dekk undir bílnum ertu öruggari í vetur.
Hankook vetrardekk tryggja gott grip allan veturinn við síbreytilegar íslenskar aðstæður.

**Þú færð Hankook dekk í Barðanum**



SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

**Sölustaðir:** Barðinn ehf | Skútuvogi 2 | 104 Reykjavík | Sími 568 3080 | www.bardinn.is
Sólning | Smiðjuvegi 68-70 | Kópavogi | sími 544 5000 | www.solning.is

BARÐINN

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.40**

### Medium



Sjötta þáttaröðin af þessum dulmagnaða spennuþætti sem fjallar um sjáandann Allison Dubois sem gegn eigin vilja sér í draumum sínum skelfilega glæpi sem enn hafa ekki átt sér stað. Þessi náðargjöf hennar gagnast lögreglunni vitaskuld við rannsókn málanna og er hún því gjarnan kölluð til aðstoðar.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Pretty Little Liars**
**Stöð 2 kl. 20.10**

Dramatískir spennuþættir sem byggðir eru á metsölubókum eftir Söru Shepard og fjalla um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál. Þáttaröðin er uppfull af frábærri nýrri tónlist og er þegar farin að leggja línurnar í tískunni enda aðalleikkonurnar komnar í hóp eftirsóttustu forsíðustúlkna allra helstu tímarita vestanhafs.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Litli prinsinn
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Húsið
**15.25** Skorningar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.20** Auglýsingar
**18.21** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Er enn líf í Hrútadal?
**21.10** Út um græna grundu
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.05** Flakk
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7**FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar, sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum, veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.10 Falcon Crest II** (15:22) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing og Giobertis-fjölskyldunum. Lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum litast af stöðugum erjum milli þeirra.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 Cougar Town** (15:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar sjálfsóöruggrar einstæðrar móður unglingsdrengs.

**22.10 White Collar** Spennu- og gamanþáttur um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey.

▶**22.55 The Shield** (3:13) Sjöunda spennuþáttaröðin um lögregluliðið í Los Angeles sem hikar ekki við að brjóta lögin til að fá sínu framgengt.

**23.45 Daily Show: Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft og allir eru tilbúnir að mæta í þáttinn og svara fáránlegum en furðulega viðeigandi spurningum Stewarts.

**00.10 The Doctors**

**00.50 Falcon Crest II** (15:22)

**01.40 Fréttir Stöðvar 2**

**02.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.05** Keeping Up Appearances **12.35** Keeping Up Appearances **13.05** The Green, Green Grass **13.35** The Green, Green Grass **14.05** Lab Rats **14.35** Life of Riley **15.05** Waterloo Road **15.55** The Weakest Link **16.40** Monarch of the Glen **17.30** Keeping Up Appearances **18.00** Little Britain **18.30** Whose Line Is It Anyway? **19.00** Extras **19.30** Whitechapel **20.15** Jonathan Creek **21.05** Come Dine With Me **21.30** The Jonathan Ross Show **22.15** EastEnders **22.45** Torchwood **23.35** Whitechapel

## DR 1

**12.00** Ha' det godt **12.30** Hammerslag **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Hjerteflimmer Classic **14.30** Juniper Lee **14.50** Alfred **15.00** Lotte fra Spektakelmagergade **15.30** Skæg med bogstaver **15.50** Laban det lille spøgelse **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Ved du hvem du er? **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Inspector Rebus **21.10** Onsdags Lotto **21.15** OBS **21.20** Det Nye Talkshow med Anders Lund Madsen **22.05** Naruto Uncut **22.30** Boogie Mix

## NRK 1

**12.30** På innsida av det danske kongehuset **13.00** NRK nyheter **13.10** Dette er min stemme **13.45** 4-4-2 **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** FBI **18.15** Folk **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** House **20.25** Migrapolis **21.00** Kveldsnytt **21.15** Okkupasjon **22.45** Filmbonanza **23.15** Ta en Tattoo **23.45** Svisj gull

## SVT 1

**12.35** En passion för Mr. Lester **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Elvis i glada Hudik **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Brottet **20.00** Hung **20.30** Nurse Jackie **20.55** X-Games **21.40** Vem tror du att du är? **22.20** Uppdrag Granskning **22.50** Manhattans textilindustri förr och nu


KÆRU ÍSLENDINGAR

GLÆNÝTT & NÝLAGAÐ

FISKFARS

399 kr. kg.

TILBOÐIÐ GILDIR AÐEINS Í DAG



UPPSKRIFTINA FANN ÉG UPP ÁRIÐ 1989.......Á SÍÐUSTU ÖLD!!!

Í FISKFARSINU ERU ENGIN EGG, ENGIN MJÓLK, EKKERT HVEITI. AÐEINS 100% NÝR FISKUR ER NOTAÐUR, ENDA GETUR FISKIKÓNGURINN EKKI STÁTAÐ AF ÖÐRU NEMA GÓÐU HRÁEFNI.

OPNUM KL. 8.00

ÞEIR SEM KAUPA 5 KG FÁ GEFINS NÝBAKAÐ RÚBRAUÐ FRÁ STELLU....NAMMI NAMM.

GOTT ER AÐ STEIKJA FISKFARSIÐ UPP ÚR OLÍU EÐA SMJÖRLÍKI Á FREKAR HEITRI PÖNNU. SÍÐAN ER FÍNT AÐ FRYSTA FISKBOLLURNAR. ÞEGAR ÞÆR ERU TEKNAR ÚR FRYSTI, ER NÓG AÐ SEJTA ÞÆR FROSNAR BEINT Í OFNINN, Á 180 GRÁÐUR Í C.A. 20-30 MÍNÚTUR, ÞÆR BRAGÐAST ÞÁ ALVEG EINS OG NÝSTEIKTAR. VERÐI YKKUR AÐ GÓÐU, KVEÐJA, FISKIKÓNGURINN.




SJÁUMST ELDHRESS AÐ VANDA.

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755



*„Ég myndi segja Hlöllabátar. Ég fæ mér alltaf bát með kjúklingi. Hann er virkilega góður.“*

Ástþór Óðinn rappari.

# Hjálmar verður Einar blaðamaður

„Ég reikna með Hjálmari í hlutverkið,“ segir Friðrik Þór Friðriksson kvikmyndaleikstjóri. Hann er að fara af stað með Tíma nornarinnar, fjögurra þátta sjónvarpsseríu sem byggir á samnefndri sögu Árna Þórarinssonar. Hjálmar, sem Friðrik minnist á, er Hjálmarsson, bæjarfulltrúi Næstbesta-flokksins í Kópavogi. Hjálmar hefur reyndar leikið þetta hlutverk áður, var Einar blaðamaður þegar Útvarpsleikhúsið flutti leikritið fyrir rúmu ári. Friðrik, sem var nýkominn af æfingu þegar Fréttablaðið náði tali af honum, reiknaði með að fara í tökur í lok þessa mánaðar eða byrjun þess næsta. „Þetta verður páskasprengjan á RÚV.“

Af þessum sökum getur Friðrik ekki mætt á fjölda kvikmyndahátíða en kvikmynd hans, Mamma Gógó, er bókuð í slíkar veislur úti um allan heim, meðal annars í Sao Paulo og Pusan. Friðrik segir að það hafi gengið vel að selja myndina á kvikmyndahátíðinni í Toronto, hún sé komin með bæði bandarískan og evrópskan dreifingaraðila. „Og svo erum við að fara að keppa um gommu af peningum í Gautaborg, sautján milljónir, þegar besta kvikmynd Norðurlandanna verður valin,“ segir Friðrik. Mamma Gógó er síðan í hópi þeirra kvikmynda sem koma til greina í Óskarsforvalið. - fgg



**TÍMI NORNARINNAR** Friðrik Þór áætlar að tökur á Tíma nornarinnar byrji í lok þessa mánaðar eða byrjun þess næsta. Hjálmar Hjálmarsson mun leika Einar blaðamann, söguperónuna frægu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Stór hluti leikhópsins Vesturport er mættur til London þar sem staðið hafa yfir stífar æfingar á leikverkinu Faust í leikstjórn **Gísla Arnar Garðarssonar**. Hópurinn hefur verið í stífum enskuæfingum enda verður sýningin hluti af 40 ára afmælisveislu hins virta leikhúss Young Vic sem sjálfur Laurence Olivier stofnaði. Leikhópurinn er því farinn að geta talað lýtalausa ensku með næstum óaðfinnanlegum hreim.





Það var hins vegar ekkert auðvelt verk að koma leikmynd verksins fyrir. Hún byggist að mestu leyti á neti sem er strengt yfir allan salinn og gefur leikurum á borð við **Björn Hlyn Haraldsson** og **Unni Ösp** tækifæri á að hoppa og skoppa. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins átti fyrsta æfing á sviði að vera í dag en forsýningar verða alla dagana fram að frumsýningu sem er 1. október.



Þessi „útrás“ Vesturports þýðir auðvitað að það verður fremur fámennt en góðmennt á frumsýningu Brims sem er einmitt þennan sama dag. Beðið hefur verið eftir þessari mynd Árna Ólafs Ásgeirssonar sem byggist á samnefndu verki Jóns Atla Jónassonar. Vesturport leikur einmitt helstu hlutverkin í myndinni en þau Nína Dögg, **Björn Hlynur**, Víkingur og Gísli verða fjarri góðu gamni enda í London. -fgg




## Munum eftir að kveikja útiljósin!

Nú þegar farið er að dimma úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín á næturnar til að auðvelda blaðberum Pósthússins aðgengi að póstlúgu.

Með fyrirfram þökk,
Pósthúsið
dreifingaraðili Fréttablaðsins og annarra dreifinga

Blöð og tímarit
Bréfasendingar
Markpóstur
Fjölpóstur
Vörudreifing
Plöstun blaða og nafnamerking

Pósthúsið
Við látum það berast

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | www.posthusid.is

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...


BIRGITTA JÓNSDÓTTIR: FORRÉTTINDI AÐ TAKA ÞÁTT Í VAKNINGARBYLGJU

# Plantar fræjum í fjölda erlendra heimildarmynda

„Það eru forréttindi að fá að taka þátt í þessari miklu vakningarbylgju um stöðu upplýsingafrelsis,“ segir þingkonan Birgitta Jónsdóttir.

Hún kemur fram í nýrri heimildarmynd sem bandaríska kvikmyndagerðarkonan Judith Ehrlich er með í undirbúningi. Ehrlich er annar af leikstjórum heimildarmyndarinnar The Most Dangerous Man In America sem var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrr á árinu og verður sýnd á Riff-kvikmyndahátíðinni í Reykjavík.

Ehrlich er stödd hér á landi ásamt upptökuliði við gerð nýju myndarinnar, sem fjallar um Wikileaks-síðuna og verkefni Birgittu, Iceland Modern Media Initiative, þar sem lögð er áhersla á aukið upplýsingafrelsi. Birgitta fór með Ehrlich og félaga á áhorfendapalla Ráðhúss Reykjavíkur í gær þar sem mótmæli fóru fram. „Mig langaði að leyfa þeim að upplifa íslenskan mótmælakúltur,“ segir hún.

Hún er ánægð með þátttöku sína í heimildarmyndinni. „Þetta er bara mjög gaman og gefandi. Við vorum að tala um Immann (Immi.is) fyrst og fremst og Wikileaks og stöðu tjáningar og upplýsingafrelsisins bæði hér og í Bandaríkjunum. Hvað það á mikið undir högg að sækja og hvað þetta er mikilvægt. Við lítum svolítið á okkur eins og aðgerðarsinna og viljum að þeir verði algengari á meðal almennings.“

Birgitta er afar vinsæl á meðal erlendra kvikmyndagerðarmanna því hún kemur fram í fleiri heimildarmyndum sem eru í bígerð sem fjalla um upplýsingafrelsi. Ein þeirra kemur úr smiðju Kate Albright-Hanna sem stjórnaði hinum vel heppnuðu Viral-auglýsingum í kosningaherferð Baracks Obama. Mynd hennar mun fjalla um Birgittu og hefjast tökur í Frakklandi í næsta mánuði.



**SAMSTARFIÐ HAFIÐ** Judith Ehrlich ásamt Birgittu Jónsdóttur fyrir utan Ráðhús Reykjavíkur. Birgitta kemur fram í nýrri heimildarmynd Ehrlich. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**7** Verðlaun Ehrlich fyrir The Most Dangerous Man In America

HEIMILD: MOSTDANGEROUSMAN.ORG

Birgitta mun sömuleiðis koma fram í stuttri heimildarmynd fyrir frönsku sjónvarpsstöðina Canal+ auk þess sem hún mun hitta sænskan kvikmyndagerðarmann í næstu viku. „Þetta er mjög súrrealískt. En ég lít á það sem gríðarleg forréttindi að fá að planta fræjum og setja þessi viðmið. Það er í raun ómetanlegt fyrir Íslendinga að fá svona góða umfjöllun í heimspressunni.“

freyr@frettabladid.is

# Fórnarlamb eigin velgengni

„Ég skellti mér til Manchester til að horfa á United rúlla yfir Liverpool og á meðan verður allt vitlaust á klakanum,“ segir Egill „Gillzenegger“ Einarsson rithöfundur. Eftir að Fréttablaðið sagði frá því að Egill hefði sótt um inngöngu í Rithöfundasamband Íslands hefur komið upp nokkur kurr meðal rithöfunda. Ekki má ólíklegt telja að yfirlýsingar hans um að seilast til áhrifa innan sambandsins ráði þar nokkru um.

Smásagnahöfundurinn og bloggarinn Ágúst Borgþór Sverrisson, oft nefndur Bloggþór, ritaði á DV.is að hann hefði ekkert á móti inngöngu Gillzeneggers í Rithöfundasambandið, en hann taldi Gillz og Fréttablaðið sýna rithöfundum landsins virðingarleysi, yfirgang og hroka með umræddri frétt. Til að mynda virtust áform Gillzeneggers um að „kjöta“ rithöfundinn Sjón upp ekki falla í kramið hjá Ágústi Borgþóri.

„Þetta er bara gjald velgengninnar. Maður fær á sig hælbíta og hýenur,“ segir Egill þegar hann er spurður út í skrif Ágústs. „Ég hef annars verið að reyna að komast að því hver þessi maður er. Ég fæ ekki betur séð en að þetta sé sami rasshausinn og hótaði því fyrir nokkrum árum að hætta að blogga ef hann seldi ekki 300 eintök af bók sinni. 300 eintök! Nú, hann skeit upp á bak og seldi 150 eintök. Ef þetta er sami maðurinn, þá skil ég ekki af hverju hann er enn að skrifa. En hitt er öruggt, að ef Ágúst Borgþór er í Rithöfundasambandinu þá er augljóslega þörf á að ég mæti og taki þar til hendinni.“

Að sögn Ragnheiðar Tryggvadóttur, framkvæmdastjóra Rithöfundasambandsins, hefur umsókn Egils ekki enn verið tekin fyrir hjá inntökunefndinni. Það verði að líkindum ekki fyrr en í enda október. „Hann verður bara að bíða rólegur, hann fær enga flýtimeðferð,“ segir hún. - hdm




**BLOGGÞÓR ÓSÁTTUR VIÐ GILLZ** Smásagnahöfundurinn og bloggarinn Ágúst Borgþór Sverrisson, Bloggþór, er ósáttur við Gillzenegger og telur hann hafa sýnt af sér yfirgang og hroka.









**FRÁBÆR FJÖLSKYLDUKOSTUR!**

Alamo Vacation Homes eru vel útbúnar íbúðir og hús á Kissimmee svæðinu sem staðsett er u.þ.b 20 km frá Orlando. Um er að ræða íbúðir með 2 eða 3 svefnherbergjum og hús með 3 svefnherbergjum. Einnig hægt að fá stærri hús. Stærri húsin eru með einkasundlaug.

**VERÐ FRÁ:**

**110.800 kr.***

m.v. 8 fullorðna í **húsi með einkasundlaug.**

**Brottför:** 2. október – 8 nætur

**Óendanleg uppspretta skemmtunar!**

Úrval Útsýn býður upp á nýjung í haust og flýgur til Orlando í Bandaríkjunum! Orlando er fjölbreytt borg og hefur upp á að bjóða þekktustu skemmtigarðar heims, Disney World, Sea World, Universal Studios ásamt mörgum öðrum. Úrval af frábærum golfvöllum, söfnum, verslunarmiðstöðvum og veitingastöðum. Í boði verður fjölbreytt úrval gistinga á mjög hagkvæmu verði og staðsetning sumra þeirra gerir bílaleigubílinn óþarfan.

ÚRVAL·ÚTSÝN

Sími 585 4000

MEIRA Á
**urvalutsyn.is**

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar og hús með einkasundlaug. Verð miðast við að bókað sé á netinu.

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið
DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



MATSEÐILLINN FYLGIR BLAÐINU
ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN 2010


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Áhrif hrunsins?

**Gylfi Magnússon**, dósent og fyrrum viðskiptaráðherra, flytur ávarp á afmælisráðstefnu Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) sem er 75 ára um þessar mundir. Þar flytja líka erindi erlendir gestir. Erindin bera heiti á borð við „Er kreppan endurskoðendum að kenna? Tækifæri og váboðar fyrir stéttina“ og „Verkefni evrópskra endurskoðenda í breyttu umhverfi. Hvers er að vænta af ESB?“ Annar bragur er á heitum erinda heimamanna í hópi endurskoðenda. Erindi Þorvarðar Gunnarssonar heitir „Einu sinni var núna – horft í baksýnisspegilinn“, Margrét Flóvenz flytur „Ég vildi að klukkan væri korter í hamingju akkúrat hérna í nútíðinni“ og erindi Eriks Bjarnasonar ber yfirskriftina „Þegar ég skúra í Gucci og það verða hestar á tunglinu það er framtíðin“. Hrunið hefur kannski kennt íslenskum endurskoðendum að hugsa út fyrir rammann.



### Opna kaffihús

Velgengni Hamborgarafabrikku **Jóa og Simma**-dúettsins við Höfðatorg hefur verið lyginni líkust. Ekki minnkaði hún þegar þeir fóru að selja hamborgara í Hagkaupum. Þeir Jói og Simmi eru hvergi nærri hættir heldur ætla þeir félagar að opna kaffihús eftir áramót. Reyndar verður það inni í Höfðatorgi þar sem lengi hefur staðið til að opna kaffihús en rekstur þess verður algjörlega ótengdur Fabrikkunni.

**- óká, fgg**



## Mest lesið VÍSIR.IS


1 „Strákar, þið eruð eitthvað vangefnir“
2 Tveir alvarlega slasaðir fluttir með þyrlu til Reykjavíkur
3 Ölvuð og réttindalaus kona ók á átta ára dreng
4 Lindsay Lohan aftur á leið í fangelsi
5 Morðið í Hafnarfirði enn til rannsóknar



Fréttablaðið er með 201% meiri lestur en Morgunblaðið.




Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í maí til júlí 2010.



